FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 28. JANÚAR 2017



# Alltaf gleði í kringum Birnu

Vinkonur Birnu Brjánsdóttur vilja minnast hennar sem stelpunnar sem gat breytt hverju augnabliki í eitthvað óvænt og skemmtilegt. Þær segja sögur af vinkonu sinni, stúlkunni sem þjóðin syrgir.

→24

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Samfélagsmiðlar geta verið tálsýn

→30



## Stórar yfirlýsingar

→10



## Rændar frelsinu

→26

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Ákveðin norðanátt á og hvasst austast á landinu. Snjókoma eða él norðan til á landinu, einkum norðaustanlands en léttskýjað sunnan heiða. SJÁ SÍÐU 42



Trump og May í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Strax orðin hænd hvort að öðru

**BANDARÍKIN** „Samband okkar er nú þegar orðið gott,“ sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, á blaðamannafundi með Donald Trump Bandaríkjaforseta eftir fund þeirra.

Trump tók í sama streng og sagði hið sérstaka samband ríkjanna hafa sett mark sitt á söguna með því að stuðla að friði og réttlæti.

May sagði fundinn hafa einkennst af einurð og hreinskilni, aðspurð um ummæli Trumps um pyntingar og fóstureyðingar.

Þá lýstu þau því yfir að viðræður um fríverslunarsamning á milli ríkjanna væru hafnar. „Ég er viss um að slíkur samningur er báðum ríkjum í hag,“ sagði May.

Leiðtogarnir sögðust sammála um nauðsyn þess að vinna bug á hryðjuverkasamtökunum ISIS.

Trump neitaði að staðfesta að slakað yrði á viðskiptaþvingunum gegn Rússum. May sagði mikilvægt að halda þeim við þar til Rússar framfylgja Minsk-samkomulaginu.

Trump kvaðst hafa rætt í síma við Nieto Mexíkóforseta í klukkutíma um hvernig samband ríkjanna gæti orðið sem sanngjarnast. – þea

> Samband okkar er nú þegar orðið gott.
>
> Theresa May, forsætisráðherra Bretlands

## Rig í Reykjavík




Alþjóðlegu íþróttaleikarnir Rig International hófust á fimmtudag. Í gær var keppt í badminton og sundi þar sem afrekskonan Hrafnhildur Lúthersdóttir var meðal keppanda og tryggði sér auðveldlega sæti í úrslitum í 50 metra bringusundi. Keppt er í 21 grein á leikunum sem standa fram til sunnudagsins 5. febrúar. Leikarnir munu meðal annars berast upp í Bláfjöll þar sem skíðafólk etur kappi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Enginn gosórói mælst í Kötlu

**NÁTTÚRA** Enginn gosórói hefur mælst samfara jarðskjálftahrinu í Kötlu undanfarið. Í tilkynningu frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra segir að virknin hafi verið óvenjumikil frá því í ágúst. Þrír skjálftar meira en fjórir að stærð hafa mælst í Kötlu undanfarna mánuði.

Þó beri þessi aukna virkni með sér meiri líkur á eldgosi en venjulega. Það sé ástæða til þess að vakta fjallið og vera á varðbergi.

Einnig hafa mælingar nærri öskjubrún Kötlu gefið vísbendingar um þenslu í efstu kílómetrum jarðskorpunnar síðan árið 2010.

Vísindaráð almannavarna fundaði í gær vegna aukinnar virkni í Kötlu. Þá var einnig rætt um Bárðarbungu og mikilvægi vöktunar vegna náttúruvár.

Jarðskjálftavirkni hefur haldist mikil í Bárðarbungu síðan í september 2015 og hafa þar mælst tugir skjálfta af stærðinni þrír til fjórir. – þea




# Tugmilljóna trjágrisjun hófst í Öskjuhlíð í gær

**Byrjað var að grisja skóginn í Öskjuhlíð í gær. Búist er við verklokum í mars. Verkið er flókið og á viðkvæmu svæði. Alls verða 130 hæstu trén söguð við jörðu. Fyrirtækið Hreinir garðar sér um verkið fyrir um 18,5 milljónir króna.**

**SAMFÉLAG** Byrjað var að grisja skóginn í Öskjuhlíð í gær en fyrirtækið Hreinir garðar sér um verkið. Alls verða felld 130 stór grenitré sem ná upp fyrir öryggisviðmið í aðflugslínu að Reykjavíkurflugvelli.

Fimm fyrirtækjum var boðið að gera tilboð og buðu tvö í verkið. Hreinir garðar buðu um 18,5 milljónir en fyrirtækið 7913 bauð um 20,2 milljónir.

Vegna þess að verkið er flókið og á viðkvæmu svæði ákvað Isavia, sem er framkvæmdaraðili ásamt Reykjavíkurborg, í samráði við sérfræðinga sem ráðnir voru sem ráðgjafar við verkið að tilboðsgögn yrðu aðeins send fyrirtækjum með þekkingu á grisjun og trjáfellingum og sem eiga tækjabúnað fyrir verkefnið. Reykjavíkurborg hefur eftirlit með verkinu. Áætluð verklok eru um miðjan mars.

Þegar málið kom upphaflega til umræðu 2011 var rætt um að hugsanlega yrðu trén ekki felld heldur sagað ofan af þeim en slíkt verður ekki gert og trén því söguð niður við jörð.

Viðurinn sem fellur til verður nýttur í hof Ásatrúarfélagsins og í útivistarsvæðið í Öskjuhlíð. Kurlið fer í stíga eða á gróðursvæði.

Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, segir að félagið muni una dómi Hæstaréttar og ekki aðhafast meir í málinu. Rödd félagsins sé búin að heyrast og úr því sem komið er sé ekki hægt að breyta neinu.

„Þetta er sorglegt og leiðinlegt og svæðið verður ekki jafn fallegt á eftir. Við höfum gert allt sem í okkar valdi stóð en dómur frá Hæstarétti stendur,“ segir hann.



Starfsmenn Hreinna garða tóku til óspilltra málanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Hágrisjun

Grisjunin í Öskjuhlíð er svokölluð hágrisjun. Þá eru hæstu trén, sem eru líka oftast sverustu trén í skóginum, grisjuð úr skóginum og lægri tré skilin eftir. Eftir hágrisjunina hefur skógurinn lækkað og trjánum fækkað um 130. Þá verður skógurinn gisnari, en lægri tré sem mörg hver voru að verða undir í samkeppninni um ljós, næringu og rými fá í framhaldinu aukið rými til að vaxa og dafna.

Hágrisjun hefur verið beitt víða um heiminn í gegnum tíðina þegar sækja á mikið magn af timbri, án þess að hið svokallaða lokahögg fari fram, en þá eru öll trén í skóginum söguð niður.

> Þetta er sorglegt og leiðinlegt og svæðið verður ekki jafn fallegt á eftir.
>
> Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur



Gert er ráð fyrir því að ný tré verði gróðursett þar sem mörg há grenitré sem þarf að fella standa saman í lundi. Öllu raski verði haldið í lágmarki og umferð tækja verður takmörkuð eins og hægt er.

Gæta á sérstaklega að öryggi gesta bæði á meðan á verkinu stendur og eftir vinnutíma.

benediktboas@365.is




Land Cruiser 150 er margrómuð blanda glæsileika og krafts. Ekkert fær hann stöðvað enda gæddur óviðjafnanlegum aksturseiginleikum og ríkulegum aukabúnaði. Þegar þér eru allir vegir færir eru möguleikarnir óteljandi. Ekki láta það frelsi fara til spillis.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**TÖLUR VIKUNNAR** 22.01.2017 TIL 28.01.2017

**70%**
fleiri sjúkraflug eru frá Vestmannaeyjum nú, en var fyrir nokkrum árum.

**700**
eintök af nýrri útgáfu Íslendingasagna á dönsku var þjóðargjöf Íslendinga til Dana, og Guðni Th. Jóhannesson forseti afhenti.

**57.000**
tonna loðnukvóti verður til skiptanna á komandi vertíð við Ísland.

**46,6%**
ökutækja í Reykjavík voru á nagladekkjum í fyrra – fyrir þremur árum var hlutfallið 31,9%.

**880**
þúsund fermetra af húsnæði á ríkið í um eitt þúsund fasteignum.

**200**
milljarðar er markaðsvirði fyrirtækisins Marel í dag.

**32**
dílaskarfar voru taldir á Elliðavatni – sem er mjög óvenjulegt enda sjófugl.

## Þrjú í fréttum
## Hakk, pelsar og plott

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
*alþingismaður*



birti í vikunni mynd á Facebook af tekexi með hráu nautahakki ofan á. Skrifaði Sigmundur að einn af mörgum kostum við íslenskt kjöt væri að maður þyrfti ekki að elda það. Rétturinn vakti mikla athygli. Meistarakokkinum Hrefnu Rósu Sætran datt í hug að þingmaðurinn hefði fengið nautalund hakkaða í kjötbúð fyrir sig.

**Ásgerður Jóna Flosadóttir**
*formaður Fjölskylduhjálparinnar*



hætti við að úthluta fátæku fólki merktum pelsum sem dýraverndunarsamtökin PETA fluttu til landsins. Gagnrýnendur sögðu að þetta væri eins og að brennimerkja fólk. Heimilislausir fengu hins vegar pelsa til að halda á sér hita.

**Benedikt Jóhannesson**
*fjármálaráðherra*



sagði meðal annars á vefsvæði sínu í umfjöllun um fyrsta ríkisráðsfundinn sinn að sér hefði orðið hugsað til þess hvort hann væri ekki lentur í vitlausu leikriti. „Nú sátum við þarna við endann, Guðni Th. og ég, rúmlega átta mánuðum eftir að ég spjallaði við hann og hvatti til forsetaframboðs með tilheyrandi plotti. Þá hafði hvorugur okkar nokkru sinni boðið sig fram til opinbers embættis. Svona er þetta líf skrítið.“

# Reynt að kúga rafeyri út úr Epal

**Tölvuþrjótar brutust inn á heimasíðu Epal og tóku hana yfir. Þrjótarnir vildu fá borgað í Bitcoin-mynt fyrir að sleppa síðunni. Epal átti þó afrit af heimasíðunni og borgaði ekki lausnargjaldið eins og PFS mælir með.**

**SAMFÉLAG** Brotist var inn á vefsíðu Epal aðfaranótt fimmtudags og hún tekin í gíslingu tölvuþrjóta. Var fyrirtækið beðið um lausnargjald ef það vildi fá vefsíðuna upp aftur. Það gerði fyrirtækið ekki heldur átti það afrit af síðunni og setti fyrirtækið hana í loftið.

Þetta staðfesti Kjartan Páll Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Epal, en hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Ekki er vitað hver eða hverjir voru að verki en Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar Íslands, segir að svona netárásir séu ein algengasta netárás í dag.

„Svona árás flokkast í flokkinn sem kallaður er gagnagíslataka,“ segir Hrafnkell. Almennt séu slíkar árásir þannig að óværu sé komið fyrir sem dulriti efni viðkomandi vefs.

„Vefur er bara forrit og gögn sem má dulrita. Við það verður vefurinn óaðgengilegur og myndir sem áður sýndu eitthvað fallegt sýna nú eitthvað annað. Þessir glæpamenn sem gera þetta senda svo tölvupóst sem segir að ef eigandinn borgi þá fái hann lykil sem hann getur afdulritað gögnin með og vefsíðan komist í samt lag.“

Venjan er að tölvuglæpamennirnir biðji eigendur vefsíðunnar að borga í Bitcoin-myntinni, sem er órekjanleg mynt. „Ef það er borgað, sem við almennt mælum ekki með, þá er ekki hægt að rekja hvert peningarnir fara,“ segir hann.

Hrafnkell segir að þetta sé ekki í fyrsta eða annað sinn sem svona netárás verði hér á landi og ekki í síðasta skipti.

„Svona árás er mjög algeng og getur verið útfærð með ýmsum hætti. Það er hægt að dulrita heilt netkerfi ef óværan kemst alla leið inn. Þá er betra að hafa afrit í lagi.“

Hrafnkell bætir við að viðbúnaður fyrir netöryggi hér á landi sé eins virkur og hægt er.

„Ég minni á að það hefur verið brotist inn hjá CIA, FBI og NSA. Þetta er mikil barátta alla daga. Almennar ráðleggingar mínar eru að eiga afrit, sem er algjört lykilatriði. Ég hef talað við fólk sem var með margra mánaða vinnu farna í vaskinn. Grunnatriðið er að taka afrit og hafa nýjustu uppfærslu af eldvarnarveggnum.“ **benediktboas@365.is**




**Heimasíða Epal varð fyrir tölvuárás og var fyrirtækið krafið um lausnargjald fyrir vefsíðuna.** MYND/EPAL

### Ráðleggingar forstjóra PFS til almennings

„Í grunninn er þetta eins. Taka afrit af gögnum og hafa nýjustu uppfærslu af vörnum. Ekki nota lykilorð sem er auðvelt að giska á. Það eru til forrit sem geta giskað á lykilorð og þau eru skratti góð. Best er að nota lykilorð með samsettum orðum, táknum og hástöfum. Til dæmis borðsúla verði að Borð1.Súla2. Þá er búið að gera það afar torsótt að forritt geti giskað á lykilorðið. Þetta er svona grunnupplýsingar, ég gæti haldið áfram til miðnættis,“ segir hann og hlær.



**Hrafnkell V. Gíslason**

FIAT



FRUMSÝNING
500
28. - 29. janúar
5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 82969 01/17

Tampa í Flórída er einstaklega veðursæl borg og er því tilvalin til útivistar. Fallegar strendur og huggulegt umhverfi er eitt af því sem einkennir borgina. Icelandair flýgur tvisvar í viku til Tampa, allan ársins hring en flug hefst þann 7. september 2017.

Þú getur bæði notað og safnað Vildarpunktum um borð.

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.




Hlutur almenningssamgangna í Borgarlínunni á að vera minnst 12 prósent 2040. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lagaumhverfi gæti fælt fjárfesta frá Borgarlínunni

**SAMGÖNGUR** Eyjólfur Árni Rafnsson, verkefnisstjóri hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kynnti Borgarlínuna fyrir Umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðar í vikunni.

Þar kom fram að ófullnægjandi lagaumhverfi almenningssamgangna væri áhættuþáttur sem gæti fælt frá fjárfesta. Ekki séu til ákvæði um viðurlög við því þegar farþegar greiða ekki fargjald eða svindla til að komast hjá greiðslu. Þau skref sem sé verið að taka séu ekki þær lagabætur sem sveitarfélög hafi beðið eftir.

„Vegna þrýstings frá ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hyggst innanríkisráðherra leggja fram frumvarp með lágmarksbreytingum við fyrsta tækifæri. Meginefnið sé hrein innleiðing á Evrópugerðum um fólksflutninga. Í leiðinni verða lagðar til ákveðnar úrbætur varðandi einkaréttinn sem sé mögulega skref í rétta átt en ekki það lagaumhverfi sem sveitarfélög hafa beðið eftir,“ segir í kynningu Eyjólfs.

„Ófullnægjandi lagaumhverfi almenningssamgangna er áhættuþáttur sem gæti fælt fjárfesta frá þátttöku í verkefninu. Eðlileg krafa sveitarfélaga og annarra fjárfesta í verkefninu er að einkaréttur sé tryggður í lögum annars er hætta á samkeppni sem ógnar tekjuáætlun verkefnisins. Stórt samfélagsverkefni á borð við Borgarlínu þolir illa slíka áhættu,“ segir enn fremur.

Þá benti Eyjólfur á að enn vantaði ákvæði um viðurlög við því að farþegar greiði ekki fargjald eða svindli til að komast hjá greiðslu. Frá 2012 hafi verið unnið að úrbótum á lagaumhverfi en pólitíska samstöðu skorti.

Tvær leiðir séu færar: Annars vegar almenn lög um rekstrarfyrirkomulag almenningssamgangna samanber dönsku lögin um Trafikselskaber og hins vegar sérstök lög um Borgarlínuna. – bb




## Minntust fórnarlambanna



Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og François Hollande, forseti Frakklands, lögðu í gær blómsveig á Breitscheidplatz-torgið í Berlín, rúmum mánuði eftir að hryðjuverkmaðurinn Anis Amri ók flutningabíl inn á jólamarkað á torginu og myrti tólf manns. Hollande er í opinberri heimsókn í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Réðu 104 sjálfboðaliða þótt lagaheimild vanti

**Sjálfboðaliðar unnu 1.750 dagsverk fyrir Umhverfisstofnun í fyrra við stígagerð og náttúruvernd. Ekkert er að finna um sjálfboðaliða í lögum um náttúruvernd. Gistiheimili var skikkað til að greiða laun til sjálfboðaliða á háskólastyrkjum.**

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfisstofnun réði til sín rúmlega eitt hundrað sjálfboðaliða í fyrra og unnu þeir 1.750 dagsverk fyrir stofnunina við stígagerð og náttúruvernd. Einkaaðilum er ekki leyfilegt að ráða sjálfboðaliða til vinnu og Umhverfisstofnun getur ekki bent á lög sem heimili stofnuninni að ráða til sín sjálfboðaliða til starfa.

Í svari Umhverfisstofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að lög um náttúruvernd fjalli ekki með beinum hætti um störf sjálfboðaliða.

„Stofnunin hefur undanfarin 40 ár verið með sjálfboðaliða á sínum snærum í verkefnum tengdum náttúruvernd. Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða samkvæmt lögum auk þess að sinna fræðsluhlutverki,“ segir í svari Ólafs Jónssonar, sviðsstjóra náttúrusviðs Umhverfisstofnunar.

Síðastliðið sumar var eiganda gistiheimilis í Skjaldarvík norðan Akureyrar bannað að ráða til sín sjálfboðaliða til starfa á gistiheimilinu. Voru þar sjálfboðaliðar á sérstökum háskólastyrkjum, svokölluðum Erasmus-styrkjum, sem komu í Skjaldarvík, unnu við gistiheimilið og unnu í sumum tilvikum að meistaraverkefnum í erlendum háskóla. Var gistiheimilinu gert að greiða þeim laun fyrir vinnu sína.

Samkvæmt lauslegum útreikningum sparar Umhverfisstofnun um 30 milljónir króna á lágmarkstaxta.



Mörg verkefni voru í stígagerð vegna fjölgunar ferðamanna til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Í dag sinna sjálfboðaliðar nánast einvörðungu störfum þar sem erfitt er að fá verktaka til verksins, oft mannaflsfrek verkefni þar sem litillar þekkingar eða reynslu er krafist.
>
> Ólafur Jónsson, sviðsstjóri náttúrusviðs Umhverfisstofnunar

Einnig fékk stofnunin 7,3 milljóna styrk árið 2015 svo tekjur koma einnig á móti.

Ólafur segir störfin þannig að erfitt sé að fá verktaka til að vinna verkin og þau séu langt frá mannabyggðum.

„Störf sjálfboðaliða hafa breyst töluvert undanfarin ár, ekki síst með ört vaxandi fjölgun ferðamanna. Í dag sinna sjálfboðaliðar nánast einvörðungu störfum þar sem erfitt er að fá verktaka til verksins, oft mannaflsfrek verkefni þar sem lítillar þekkingar eða reynslu er krafist, verkefni sem eru smá í sniðum, eða á svæðum fjarri byggð sem eru viðkvæm í eðli sínu og erfitt að koma tækjum að,“ segir Ólafur.

sveinn@frettabladid.is


OUTLET
AUKA 30%
AFSLÁTTUR*
Í HAGKAUP
HOLTAGÖRÐUM
DAGANA 2.-31. JANÚAR
*Gildir ekki af snyrtivörum, ritföngum og DVD.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Landsréttur fer í fyrra húsnæði Siglingamálastofnunar Íslands

**Dómsmálaráðuneytið sér fyrir sér að nýtt millidómstig taki til starfa í Vesturvör við Fossvog í Kópavogi um næstu áramót. Húsnæðið er í eigu ríkisins. Fimmtán dómarar verða skipaðir í dóminn fyrir 1. júlí í sumar.**

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmálaráðuneytið hefur haft til skoðunar gamla húsnæði Siglingamálastofnunar, við Vesturvör á Kársnesi í Kópavogi, sem bráðabirgðahúsnæði fyrir nýja millidómstigið, sem verður kallað Landsréttur.

Þetta staðfestir Sigríður Ásthildur Andersen dómsmálaráðherra í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta er húsnæði sem ríkið á og er autt og er ákaflega vel til þess fallið að taka við svona bráðabirgðahlutverki,“ segir Sigríður.

Í lögum um Landsrétt, sem samþykkt voru í júní á síðasta ári, kemur fram að þar muni fimmtán dómarar eiga sæti. Gert er ráð fyrir að forseti Íslands skipi dómarana samkvæmt tillögu ráðherra eftir að sérstök fimm manna valnefnd hefur fjallað um hæfi umsækjendanna.

Í dómstólalögum er kveðið á um að dómþing skuli haldið í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Málið kom til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi í gær. Þar kynnti dómsmálaráðherra frumvarp um



Sigríður Andersen dómsmálaráðherra ætlar að leita samþykkis hjá Alþingi fyrir því að húsnæði við Vesturvör í Kópavogi hýsi Landsrétt tímabundið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

breytingar á dómstólalögum sem felur meðal annars í sér að valnefnd, sem fjallar um hæfi umsækjenda um störf dómara í héraðsdómi og Hæstarétti fjalli einnig um hæfi umsækjenda fyrir Landsrétt.

Landsréttur á að taka til starfa 1. janúar á næsta ári. Gert er ráð fyrir að skipun dómara verði lokið fyrir 1. júlí næstkomandi og skipunin taki gildi frá næstu áramótum. Í bráðabirgðaákvæði dómstólalaga

> Þetta er húsnæði sem ríkið á og er autt og er ákaflega vel til þess fallið að taka við svona bráðabirgðahlutverki.
>
> Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra

frá 26. maí síðastliðnum er gert ráð fyrir að þeir sem skipaðir eru hæstaréttardómarar skuli hafa forgang til skipunar í embætti dómara við Landsrétt kjósi þeir það.

Sigríður Andersen sagði, daginn eftir að hún tók við ráðherraembætti, að vinnan við nýja millidómstigið væri eitt mikilvægasta verkefnið fram undan.

„Það liggur auðvitað fyrir að eitt stærsta verkefni dómsmálaráðuneytisins á þessu ári er að ljúka við undirbúning og hrinda úr vör nýju millidómstigi; landsrétti. Það er komið í alveg ágætan farveg hjá henni Ólöfu [Nordal],“ sagði ráðherrann í samtali við mbl.is.

**jonhakon@frettabladid.is**





*Borgarstjórinn í Reykjavík, 28. janúar 2017.*

**Álagningarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2017 verða sendir til íbúa á næstu dögum. Fasteignagjöldin verða innheimt í gegnum netbanka þar sem jafnframt er hægt að prenta út greiðsluseðil. Greiðsluseðlar verða ekki sendir út en hægt er að óska eftir heimsendum greiðsluseðlum á mínum síðum á www.reykjavik.is eða í gegnum þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111.**

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar annast álagningu og innheimtu á fasteignaskatti, lóðaleigu og sorphirðugjaldi.

Fasteignagjöld ársins 2017, yfir 25.000 kr., greiðast með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 4. mars, 2. apríl, 2. maí, 3. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 2. september og 2. október. Gjalddagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 1. febrúar.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi á liðnu ári, fá einnig að óbreyttu lækkun fasteignaskatts og fráveitugjalds fyrir árið 2017 að teknu tilliti til tekju- og eignaviðmiða. Fjármálaskrifstofa framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð skattframtala elli- og örorkulífeyrisþega. Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda. Við álagningu fasteignagjalda í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2015. Þegar álagning vegna tekna ársins 2016 liggur fyrir haustið 2017, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflega.

Skilyrði lækkunar eru að viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi, sé þinglýstur eigandi fasteignar, eigi þar lögheimili og geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt.

Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk elli-og örorkulífeyrisþega vegna niðurfellingar/lækkunar fasteignaskatts á árinu 2017 verði eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 100% lækkun: | Einstaklingar með tekjur allt að 3.130.000 kr.<br>Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 4.360.000 kr. |
| 80% lækkun: | Einstaklingar með tekjur á bilinu 3.130.000 til 3.580.000 kr.<br>Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 4.360.000 til 4.850.000 kr. |
| 50% lækkun: | Einstaklingar með tekjur á bilinu 3.580.000 til 4.170.000 kr.<br>Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 4.850.000 til 5.790.000 kr. |

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Höfðatorgi, Borgartúni 12-14, veitir upplýsingar varðandi álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu og breytingar á þeim í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is.

Hægt er að leita upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is




Tyrknesku hermennirnir í lögreglufylgd við Hæstarétt Grikklands í Aþenu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Heimta að fá hermenn framselda

**TYRKLAND** Tyrkneskir ráðamenn eru afar ósáttir við Hæstarétt Grikklands, sem í vikunni kvað upp þann úrskurð að átta tyrkenskir hermenn verði ekki framseldir frá Grikklandi til Tyrklands.

Hermennirnir flúðu með þyrlu til Grikklands eftir að valdaránstilraun í Tyrklandi fór út um þúfur síðastliðið sumar.

Hluti tyrkneska hersins tók þátt í valdaránstilrauninni, en hermennirnir átta segjast ekki hafa átt þar neinn hlut að máli. Þeir óttist hins vegar um líf sitt verði þeir framseldir til Tyrklands.

Mevlut Cavusoglu, utanríkisráðherra Tyrklands, segir úrskurð gríska dómstólsins vera pólitískan. Hann krefst þess að málið verði aftur tekið til skoðunar hjá grískum dómstólum.

Hann segir samning Tyrkja við Evrópusambandið í hættu, verði hermennirnir ekki framseldir. Samningurinn snýst um það að Tyrkir taki aftur við flóttafólki, sem fór frá Tyrklandi til Grikklands, gegn fjárhagsaðstoð og öðru frá Evrópusambandinu.

„Við erum að skoða hvað við getum gert,“ sagði hann, „og þar á meðal kemur til greina að rifta samningnum við Grikkland.“ **– gb**



Salka Sól Eyfeld lærði söng. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Söngnám ekki í boði

**SAMFÉLAG** Á síðasta fundi fræðslunefndar Fjarðabyggðar kom fram að ekkert söngnám sé í boði á Reyðarfirði, Eskifirði eða Norðfirði. Slíkt sé bagalegt, eins og það er orðað í fundargerðinni.

Þóroddi Helgasyni fræðslustjóra var falið að kanna hversu fjölbreytt hljóðfærakennsla væri í tónlistarskólum Fjarðabyggðar og einnig hversu mikið aðgengi nemendur hefðu að æfingaaðstöðu í skólunum og félagsmiðstöðvum. Kom í ljós að hljóðfæranám er mjög fjölbreytt og kennt á fjölmörg hljóðfæri.

Aðstaða til æfinga er í öllum skólum á meðan þeir eru opnir og æfa nemendur sig þar í nokkrum mæli.

Engin aðstaða sé til hljómsveitaæfinga eftir að klukkan slái 17.00 á daginn, en tímabundið hefur verið hægt að æfa í félagsmiðstöðvunum. Fram kom að slík aðstaða væri til staðar en mikilvægt væri að umgengni væri góð og traust á milli þeirra sem æfa og forstöðumanna. **– bb**

# GLÆSILEG TILBOÐ Í GANGI

## OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16. VERIÐ VELKOMIN




# LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM NÝJUM BÍLUM

## FJÖLDI SPENNANDI JANÚARTILBOÐA



## ÁBYRGÐARSKOÐUN INNIFALIN Í 3 ÁR!

**REGLUBUNDNAR ÁBYRGÐARSKOÐANIR TIL ÞRIGGJA ÁRA FYLGJA ÖLLUM NÝJUM BÍLUM Í JANÚAR***

Þeir sem kaupa nýjan bíl í janúar fá þriggja ára þjónustukaupauka. Með kaupaukanum geta viðskiptavinir janúarmánaðar notið þess að koma með bílinn í árlegar áskildar skoðanir sem viðhalda ábyrgð bílsins án þess að greiða neitt aukalega. Ávinningurinn er verulegur því reglubundnar ábyrgðarskoðanir í þrjú ár kosta á bilinu 120.000 – 200.000 kr.

ÁBYRGÐARSKOÐANIR - OLÍUSKIPTI - OLÍUSÍUR - LOFTSÍUR

*Janúartilboðin gilda ekki með öðrum afsláttum eða tilboðum.

ENNEMM / SÍA / NM79877

## 100.000 kr. GJAFAKORT

FYLGIR NÝJUM BÍL Í JANÚAR*




**Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL í janúar fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka.** Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.

## JANÚARHAPPDRÆTTI

Allir viðskiptavinir BL sem kaupa nýjan bíl í janúar verða sjálfkrafa þátttakendur í janúarhappdrætti okkar. Í lok janúar verða dregnir út glæsilegir happdrættisvinningar frá ELKO að verðmæti samtals 1.500.000 krónur.

VINNINGAR:

- **2x Samsung 65" snjallsjónvarp**
- **2x iPhone 7 Plus**
- **4x Bose SoundLink mini II hátalarar**
- **4x Garmin Edge 520 með púlsmæli og hraðamæli**
- **4x Garmin Vivosmart heilsuúr**




**NÝ HEIMASÍÐA ER KOMIN Í LOFTIÐ – www.bl.is**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




# Fyrsta vika forsetans

**Strax á fyrstu dögunum tekur nýr Bandaríkjaforseti til óspilltra málanna. Trump boðar aðgerðir gegn innflytjendum og flóttafólki, gefur grænt ljós á umdeildar olíuleiðslur, vill liðka til fyrir pyntingum og torvelda konum að fá fræðslu um fóstureyðingar.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump hefur ekkert farið sér rólega á fyrstu dögunum í embætti forseta Bandaríkjanna. Í kosningabaráttunni gaf hann stórar yfirlýsingar um fyrirætlanir sínar yrði hann kosinn, og er þegar tekinn til við að efna sum loforðin. Mörgum til hrellingar.

Á miðvikudaginn, fimm dögum eftir að hann tók við embætti, undirritaði hann á einu bretti fjórar tilskipanir til stjórnvalda, en auk þess hefur hann sent frá sér yfirlýsingar, mætt í viðtöl og verið duglegur að láta í sér heyra á Twitter.

Hann lét það verða eitt sitt fyrsta verk að ræða við Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og lofaði eindregnum stuðningi Bandaríkjanna.

Í gær tók hann á móti Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, og núna um helgina ætlar hann að ræða í síma við Vladimír Pútín, forseta Rússlands.

Þótt Trump hafi látið hendur standa fram úr ermum fyrstu dagana er þó margt enn óljóst um framkvæmd allra þeirra verkefna, sem hann er búinn að hrinda úr vör. Þótt Repúblikanar séu með meirihluta í báðum deildum þingsins eru þeir mishrifnir af áformum forsetans.

gudsteinn@frettabladid.is



**Donald Trump hefur verið á ferð og flugi undanfarna viku.** NORDICPHOTOS/AFP

## Helstu verk Donalds Trump frá embættistökunni

### Múrinn
Trump fól embættismönnum að hefja án tafar vinnu við að reisa múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Hann ítrekaði að hann ætlaði sér að láta Mexíkó greiða fyrir múrinn, hugsanlega með því að leggja **20 prósenta skatt á allan innflutning frá Mexíkó.** Forseti Mexíkó segir að Mexíkó taki ekki í mál að greiða fyrir múrinn.

### Afbrot innflytjenda
Með tilskipun fól Trump stjórnvöldum að **birta vikulega lista yfir afbrot sem innflytjendur í Bandaríkjunum fremja.** Í tilskipuninni segir að ólöglegir innflytjendur ógni öryggi landsmanna.

### Umhverfisstofnun Bandaríkjanna
Fjárframlög til Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna verða **skorin verulega niður.** Starfsfólk stofnunarinnar hefur verið beðið um að tjá sig ekki við fjölmiðla fyrr en ný stjórnvöld hafi lagt línurnar um breytta stefnu. Þá hafa starfsmenn stofnunarinnar fullyrt að stjórn Trumps hafi krafist þess að upplýsingar um loftslagsbreytingar verði teknar út af heimasíðu stofnunarinnar, en þær upplýsingar voru enn á síðunni í gær.

### Ráðningabann
Trump hefur lagt **tímabundið bann við því að ríkisstofnanir ráði til sín fleira fólk**, eins og hann hafði lofað í kosningabaráttunni. Þetta bann nær þó ekki til hersins eða stofnana sem fást við þjóðaröryggi eða almannavarnir. Innan þriggja mánaða ætlar hann svo að leggja fram áætlun um fækkun ríkisstarfsmanna.

### Hætt við fríverslunarsamning
Eitt af fyrstu verkum Trumps var að lýsa því yfir að **Bandaríkin muni ekki verða aðilar að fríverslunarsamningi tólf Kyrrahafsríkja**, TPP, sem Obama hafði lagt mikla vinnu í og undirritaði snemma á síðasta ári.

### Olíuleiðslur
Í vikunni gaf Trump **grænt ljós á lagningu tveggja umdeildra olíuleiðslna**, Dakota Access og Keystone XL, sem Barack Obama hafði ákveðið að stöðva af umhverfisástæðum.

### Fóstureyðingar
Trump undirritaði á miðvikudag tilskipun um að samtök, sem veita konum í löndum utan Bandaríkjanna fræðslu um fóstureyðingar, **fengju ekki lengur styrki úr ríkissjóði Bandaríkjanna.** Ljósmynd af Trump við undirritun tilskipunarinnar, að viðstöddum nokkrum jakkafataklæddum körlum, fór víða á samfélagsmiðlum.

### Griðaborgir
Margar stærstu borgir Bandaríkjanna hafa heitið skilríkjalausum innflytjendum griðum, þannig að þeir verði ekki framseldir til alríkislögreglunnar. **Trump hótar því nú að svipta þessar borgir fjárframlögum frá alríkinu,** standi þær við þessi loforð um grið.

### Innflytjendabann
Samkvæmt drögum að tilskipun hyggst Trump einnig stöðva alveg, að minnsta kosti í einn mánuð, ferðir fólks til Bandaríkjanna frá nokkrum stríðshrjáðum múslimalöndum: **Sýrlandi, Írak, Íran, Jemen, Líbíu, Sómalíu og Súdan.** Jafnframt verði hert allt eftirlit á landamærunum með þeim sem koma til landsins. „Það verður mjög erfitt að komast inn í landið,“ sagði Trump í viðtali.

### Flóttafólki ekki hleypt inn
Trump hyggst, samkvæmt drögum að tilskipun sem fjölmiðlar hafa birt, **stöðva móttöku flóttafólks til Bandaríkjanna í 120 daga.** Eftir það muni Bandaríkin ekki taka við meira en 50 þúsund flóttamönnum þetta árið. Þá verði engum flóttamönnum frá Sýrlandi hleypt inn í landið.

### Pyntingar
Trump hefur í vikunni skoðað möguleikann á því að **gefa bandarísku leyniþjónustunni heimild til þess að stunda pyntingar á ný.** Í sjónvarpsviðtali sagðist hann sjálfur hafa fulla trú á því að pyntingar skiluðu árangri, en viðurkenndi þó að herforinginn James Mattis, nýr varnarmálaráðherra, væri þessu ósammála. Það hefði á vísu komið honum á óvart, en hann ætlaði að láta Mattis ráða.

### Hæstaréttardómari
Trump segir að á á **fimmtudaginn í næstu viku muni hann tilkynna hver taki við stöðu dómara í Hæstarétti Bandaríkjanna.** Tæpt ár er síðan Antonin Scalia lést og hefur dómstóllinn ekki verið fullskipaður síðan vegna þess að Repúblikanar á Bandaríkjaþingi vildu ekki taka afstöðu til Merricks Garlands, sem Barack Obama vildi að tæki við stöðunni.

### Auglýsingabann á heilbrigðistryggingar
Eitt stærsta kosningaloforð Trumps var að fella úr gildi eða gera stórfelldar breytingar á heilbrigðislöggjöfinni, sem Barack Obama leit á sem eitt sitt helsta afrek. Ekki er talið að auðvelt verði að ná samstöðu meðal Repúblikana á þingi um nýja löggjöf, sem kæmi í staðinn, **en í vikunni náði Trump því þó fram að hið opinbera er hætt að auglýsa réttindi fólks samkvæmt núgildandi lögum.**

ÍSLANDSSJÓÐIR

IS ÓVERÐTRYGGÐUR SJÓÐUR

# BESTA ÁVÖXTUN ÍSLENSKRA RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐA Á ÁRINU 2016*

## 8,23% ársávöxtun

Á árinu 2016 skilaði IS Óverðtryggður sjóður Íslandssjóða betri ávöxtun en nokkur annar íslenskur skuldabréfasjóður.* Sjóðurinn var jafnframt með hæstu ávöxtun íslenskra skuldabréfasjóða ef horft er yfir tveggja ára tímabil. Sjóðurinn er opinn fyrir alla sparifjáreigendur en hann fjárfestir í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og innlánum.

Gengisþróun sjóðsins frá stofnun




Heimild: Íslandssjóðir hf.

**Kynntu þér málið á vib.is eða í síma 440 4900**

IS Óverðtryggður sjóður Íslandssjóða er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Íslandssjóðir hf. Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem leitt geta til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu Óverðtryggða sjóðs Íslandssjóða, sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk. Útboðslýsing og lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru aðgengilegar á heimasíðu VÍB, www.vib.is.

*Samkvæmt upplýsingaveitunni www.keldan.is, 30. 12. 2016.

**VÍB er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka**

Sími 440 4900 | vib@vib.is | facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

30 ÁRA

vib

# Ný íbúðarbyggð við Elliðabraut

**Opinn kynningarfundur um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts.**
Fundurinn er haldinn í Norðlingaskóla, þriðjudaginn 31. janúar, kl. 17.30–19.00.

Dagskrá:

**Drög að aðalskipulagsbreytingu**
Tillaga um að athafnasvæði við Elliðabraut verði breytt í íbúðarbyggð.

**Breyting á deiliskipulagi Norðlingaholts við Elliðabraut**
Drög að deiliskipulagsbreytingu sem lýsir fyrirhugaðri uppbyggingu íbúða á svæðinu.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




*Allir velkomnir*

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið




**Hið eina sanna Bláa lón er skammt frá Grindavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ferðafólk villist í Glæsibæ í leit sinni að Bláa lóninu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamenn koma nokkuð reglulega í Glæsibæ til að fara í Bláa lónið. Því miður fyrir þá er ekkert heimsfrægt blátt lón þar heldur aðeins samstarfsaðili þess, Hreyfing og Blue Lagoon Spa.

Sé Blue Lagoon slegið inn í kortaleit Google bætist yfirleitt Spa fyrir aftan og leiðbeinir fólki í Glæsibæ þar sem heill heimur af heilsu og dekri er í boði en minna um blátt lón. Samkvæmt svörum Blue Lagoon Spa eru erlendir ferðamenn sem hringja og panta dekur, látnir vita að í Glæsibæ sé ekkert blátt lón, til að fyrirbyggja allan misskilning.

Ferðamannastraumur er ekki stríðum straumi í Glæsibæ en þó koma alltaf einhverjir ferðamenn, tilbúnir að dýfa sér í hina margfrægu heilsulind en verða hissa þegar þeir sjá líkamsræktarstöð.

Samkvæmt svörum Blue Lagoon Spa er þetta ekki daglegt vandamál og starfsmenn þar eru meira en lítið fúsir að leiðbeina villtum ferðamönnum í rétta átt að hinu eina sanna Bláa lóni. **– bb**




PIPAR\TBWA-SÍA

# Fasteignir til sölu á Ásbrú

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú, fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll, þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf. Hröð uppbygging í gagnaveraiðnaði og örþörungarækt, ásamt nálægð við Keflavíkurflugvöll gera Ásbrú að sönnu vaxtarsvæði til framtíðar.



**BOGATRÖÐ 1**
Stærð: 1.501 m²
Tegund: Atvinnuhúsnæði



**BOGATRÖÐ 2**
Stærð: 648,5 m²
Tegund: Atvinnuhúsnæði



**BOGATRÖÐ 17**
Stærð: 370 m²
Tegund: Atvinnuhúsnæði



**SUÐURBRAUT 890**
Stærð: 2.385 m²
Tegund: Skrifstofur/Vöruhús



**VALHALLARBRAUT 891**
Stærð: 400 m²
Tegund: Atvinnuhúsnæði

Íslenska ríkið er eigandi þeirra fasteigna sem auglýstar eru. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, sem fer með umsjón og þróun svæðisins, óskar eftir tilboðum í þær. Við mat á tilboðum verður einkum horft til kaupverðs. Þó er áskilinn réttur til að meta hugmyndir bjóðenda um nýtingu og ráðstöfun eignanna, s.s. áhrif á eftirspurn eftir öðrum eignum á svæðinu og almennt á nærsamfélagið. Ekki er um útboð á eignunum að ræða heldur sölu. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar áskilur sér rétt til að taka því tilboði sem það telur hagstæðast, m.a. út frá ofangreindum þáttum, eða hafna þeim öllum.




**Þú getur skoðað eignirnar nánar á kadeco.is**

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is

# Eimskip lætur smíða tvö stór gámaflutningaskip fyrir 7,4 milljarða

**VIÐSKIPTI** Eimskip hefur samið við China Shipbuilding Trading Company Limited og Guangzhou Wenchong Shipyard Co. Ltd. um smíði á tveimur 2.150 gámaeininga flutningaskipum. Hvort skip kostar jafnvirði 3,7 milljarða króna. Þau á að afhenda árið 2019.

Samnið er með fyrirvara um að Eimskip nái að tryggja fjármögnun skipanna. Stærstu skip félagsins í dag, Dettifoss og Goðafoss, bera 1.457 gámaeiningar. Nýju skipin eru um þrisvar sinnum stærri en flest skip íslensku skipafélaganna.

Lengd skipanna er 180 metrar og breidd 31 metri. Þau verða með sérútbúinn vélbúnað til að draga úr útblæstri köfnunarefnis (NOx).

Skipin verða einnig sparneytnari á hverja gámaeiningu samanborið við eldri skip og umhverfisvænni vegna innbyggðs olíuhreinsibúnaðar sem lágmarkar brennisteinsútblástur (SOx) út í andrúmsloftið.

Royal Arctic Line, sem er í eigu grænlensku landsstjórnarinnar, hefur einnig samið við sömu skipasmíðastöð um smíði á sambærilegu skipi. Eimskip og Royal Arctic Line hafa undirritað samkomulag um samstarf.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, fagnar áfanganum.

„Þróun hafnarsvæða í Nuuk, Reykjavík og Þórshöfn mun gefa færi á notkun stærri skipa á markaðssvæði okkar. Við gerum einnig ráð fyrir að samstarfið auki viðskipti á milli þjóðanna á norðurslóðum, sérstaklega þau takmörkuðu viðskipti sem verið hafa á milli Íslands og Grænlands þar sem beinum siglingum og tíðni ferða hefur verið ábótavant,“ segir Gylfi. **– shá**


**Skipin eru mun stærri en þau sem þjónað hafa íslensku skipafélögunum til þessa.** MYND/EIMSKIP


**Bensínverð hækkar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Verðbólgan til friðs í þrjú ár

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólga í janúar mælist 1,9% og er óbreytt frá síðasta mánuði samkvæmt tölum Hagstofunnar. Verðbólga hefur verið undir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans í þrjú ár samfleytt, og Greining Íslandsbanka telur útlit fyrir að svo verði enn um sinn.

„Styrking krónunnar síðustu misseri skýrir þessa þróun nær alfarið og þróun krónu mun ráða hvað mestu um hvort verðbólga helst áfram hófleg eða eykst á komandi fjórðungum,“ segir Greining.

Útsölur höfðu veruleg áhrif til lækkunar neysluverðsvísitölunnar í janúar. Föt og skór lækkuðu í verði um tíu prósent, húsgögn og heimilisbúnaður um 10,3 prósent og raftæki um 14,9 prósent.

Þá lækkuðu flugfargjöld til útlanda um 12,2 prósent. Sem fyrr er húsnæðisliðurinn mesti áhrifavaldurinn til hækkunar á neysluverðsvísitölunni.

Reiknuð húsaleiga, sem endurspeglar þróun íbúðaverðs að mestu leyti, hækkaði um 1,3 prósent.

Eldsneytisverð hækkaði um tæp 3,8 prósent sem skýrist af hækkun opinberra gjalda og hækkun innflutningsverðs. **– jhh**


**Herjólfur í Landeyjahöfn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Ný ferja nægir ekki ein og sér

**SAMGÖNGUMÁL** Bæjarstjórn Vestmannaeyja segir að þótt smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju sé nauðsynleg forsenda þess að hægt verði að nýta Landeyjahöfn með auknu öryggi allt árið þá sé hún ekki nægjanleg. Mikilvægt sé að fundin verði varanleg lausn á þeim hluta vandans sem snúi að höfninni sjálfri.

„Þá ítrekar bæjarstjórn þá ósk sína að tryggt verði að núverandi Herjólfur verði áfram til taks fyrstu misserin eftir að nýja ferjan kemur enda hefur reynslan sýnt að hætt er við að upp komi ýmiss konar vandamál með ný skip og við slíka óvissu verður ekki búið þar sem um er að ræða þjóðvegatengsl við næst stærsta byggðakjarna á landinu öllu utan höfuðborgarsvæðisins,“ segir í bókun. **– gar**



# Fjölbreytt úrval smávöru

Allt að

**70%**

afsláttur



## MILO
Tungusófi frá Recor. Dökkgrátt slitsterkt microfiber áklæði. Stærð: 290 x 86/146 x 79 cm.

**179.996 kr.** ~~449.990 kr.~~

**60%** AFSLÁTTUR



**60%** AFSLÁTTUR

## HLIÐARBORÐ
Hliðarborð frá Au Maison.
Nokkrar stærðir og litir.

**9.996 kr.** ~~24.990 kr.~~

## PRADO
Skemmtilegur þriggja sæta retrosófi. Fáanlegur í gráu, dökkgráu, rauðu og bláu áklæði. Viðarfætur.
Stærð: 182 x 86 x 82 cm

**69.993 kr.** ~~99.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR



**65%** AFSLÁTTUR

## ENSO FRÁ AIDA
Bollar og skálar úr leir.
Litur svart.

**1.000 kr.** stk.

## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Svart bonded leður. Stærð: 140/203 × 81 cm

**187.493 kr.** ~~249.990 kr.~~




**25%** AFSLÁTTUR



**50%** AFSLÁTTUR




## COLUMBINA & CACCIA
24 stk. hnífaparasett frá Alessi.

Columbina
**17.495 kr.** ~~34.990 kr.~~

Caccia
**29.995 kr.** ~~59.990 kr.~~

## COSTA
Tungusófi. Hægri og vinstri tunga. Hvítt eða svart bongo áklæði. Einnig ljós- og dökkgrátt áklæði.
Stærð: 305 x 215/163 cm
Hæð: 84 cm

**239.994kr.** ~~399.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR



**25%** AFSLÁTTUR

## CLEVELAND
Hægindastóll. Svartur.

**29.993 kr.** ~~39.990 kr.~~

## STONE
Hornborð í þremur litum og þremur stærðum.

Lítið
**14.796 kr.** ~~36.990 kr.~~

Miðlungs
**15.996 kr.** ~~39.990 kr.~~

Stórt
**17.196 kr.** ~~42.990 kr.~~



**60%** AFSLÁTTUR

## RAVEN
Eldhússtóll. Hvítur með svörtum löppum.



**82%** AFSLÁTTUR

**2.878 kr.** ~~15.990 kr.~~

**Reykjavík** Bildshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# RISA ÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR

# Allt að 60% afsláttur



**BORÐSTOFUSKÁPAR**
Glæsilegir borðstofuskápar úr járni og gleri frá PTMD.



Stærð:
Lítill
H: 184 cm
B: 61,5 cm
Stór
H: 187 cm
B: 95 cm

30% AFSLÁTTUR

Lítill
79.093 kr. ~~112.990 kr.~~
Stór
97.993 kr. ~~139.990 kr.~~

**SINGLE**
IDdesign
Borðstofuborð hvítt og svart.
Stærð: 120 x 80 x 76 cm.
Tvær xx cm stækkanir fylgja.



25% AFSLÁTTUR
59.993 kr. ~~79.990 kr.~~

**DINEX**
Borðstofuborð úr eik.
Stærð: 90 x 90 cm.
Tvær 38 cm stækkanir fylgja.



50% AFSLÁTTUR
39.995 kr. ~~79.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR

**PANDORA**
Borðstofuskápur frá Skovby.
Sápuborin eik. Stærð:
H: 184,5 cm B: 95 cm D: 46,5 cm
239.994 kr. ~~399.990 kr.~~

**BOYD**
Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð:
215 × 87 × 78 cm



34% AFSLÁTTUR
79.193 kr. ~~119.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Brothættur friður



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Theresa May var í opinberri heimsókn í Bandaríkjunum síðustu tvo daga og hitti þar fyrir Donald Trump, forseta Bandaríkjanna. Óhætt er að segja að heimsókn May sé þrungnari merkingu nú eftir að ólíkindatólið Trump er tekið við og Bretar á hraðri leið út úr Evrópusambandinu. Heimsmyndin er einfaldlega ekki sú sama og við höfum vanist.

Heimsóknin var sennilega mikilvægari fyrir May en Trump. Breta bráðvantar svör við því hvað tekur við eftir að þeir hafa yfirgefið ESB. Þar líta þeir helst til einhvers konar fríverslunarfyrirkomulags milli Bretlands og Bandaríkjanna. Einhver vissa, eða að minnsta kosti góð teikn, er May lífsnauðsynleg til að endurvekja traust á mörkuðum. Eitthvað traustvekjandi þarf að eiga sér stað til að stöðva hrun sterlingspundsins sem veikst hefur um allt að þriðjung gagnvart helstu gjaldmiðlum frá því í sumar.

Lengi hefur verið talað um sérstakt samband Bandaríkjanna og Bretlands. Trump hefur af einhverjum ástæðum horn í síðu Evrópusambandsins og telur Breta betur stadda utan þess en innan. Í þeim anda hefur Trump í sjálfu sér ekki tekið illa í að rétta Bretum hjálparhönd þegar Brexit verður að veruleika – enda geti viðskiptasamningur milli hinna rótgrónu bandamanna orðið báðum til góðs.

Hann er líka, að því er virðist, mikill aðdáandi þeirra sjálfstæðistilburða sem Bretar sýndu með Brexit-atkvæðagreiðslunni og lét meira að segja verða sitt fyrsta verk eftir kosningasigurinn í nóvember að boða hinn umdeilda Nigel Farage á sinn fund. Margir málsmetandi stjórnmálamenn innan og utan Bretlands hafa látið Farage heyra það undanfarin misseri. Hann lítur því á sambandið við nýja forsetann sem skrautfjöður í hattinn.

Evrópusambandið hefur staðið fyrir opnun landamæra innbyrðis og frjálst flæði fólks og fjármagns milli landanna á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þróunin hefur verið að ganga lengra í þeim efnum, það er að segja að stækka svæðið og auka frelsið.

May og Trump virðast hins vegar vera á annarri línu. Breski forsætisráðherrann og þeir sem aðhyllast Brexit standa fyrir einangraðra Bretland og aukna landamæravörslu. Trump og félagar vilja byggja múra og setja Bandaríkin í fyrsta sæti, eins og það er orðað – hvað sem það svo þýðir. May hefur meira að segja lýst því yfir, að það heyri jafnvel fortíðinni til að Bandaríkin og Bretland leggi meginlínurnar í alþjóðastjórnmálum.

Vonandi auðnast þeim Trump og May að finna hinn gullna meðalveg. Það er erfitt að ímynda sér að það sé framfaraskref að loka landamærum og að ríki taki afdrifaríkar ákvarðanir sem snerta meira og minna alla heimsbyggðina í alþjóðlegu tómarúmi.

Slík vegferð gæti endað illa og fyrir því eru fjöldamörg dæmi úr mannkynssögunni. Friðurinn er brothættur og langt í frá sjálfsagður.

**Slík vegferð gæti endað illa og fyrir því eru fjöldamörg dæmi úr mannkynssögunni. Friðurinn er brothættur og langt í frá sjálfsagður.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Kæri Guðlaugur Þór …

Stundum er okkur Íslendingum ekki alls varnað. Á þessum degi, árið 1935, varð Ísland fyrst ríkja í Vestur-Evrópu til að leyfa með lögum fóstureyðingar.

Ekki voru þó allir á einu máli um ágæti löggjafarinnar. Ritstjórn dagblaðsins Vísis líkti lögunum við „útburð barna“. Fór blaðið háðskum orðum um þær konur sem kynnu að nýta sér þau. Blaðamaður sagði allan „léttúðarlýð“ fagna því að greiðara yrði að „komast undan ábyrgð verka sinna“. Tók hann tali „stelpu eina siðlitla“ sem auk þess var „ölvuð, stelpukindin, eins og ekki er talið mjög ótítt á þessum tímum“. Sjónarmiðum þessarar siðlausu, drukknu, stelpukindar fengu lesendur þó ekki að kynnast því blaðamaður dæmdi orð hennar óprenthæf. Hann fullyrti aðeins að „glöð hafði hún verið og litið björtum augum til framtíðarinnar. Það væri ekki amalegt, að þurfa engar áhyggjur að hafa, en geta bara farið til læknis „jafnóðum““.

En síðan eru liðin mörg ár. Það eru breyttir tímar. Eða það hélt maður allavega.

### Sannfæring til sölu

Eitt fyrsta verk hins nýja forseta Bandaríkjanna, Donalds Trump, var að undirrita tilskipun sem stöðvar alla ríkisstyrki til erlendra hjálparsamtaka sem styðja fóstureyðingar. Á ljósmynd af gjörningnum sem fór eins og eldur í sinu um samfélagsmiðla má sjá sex miðaldra, jakkafataklædda karlmenn fylgjast með miðaldra, jakkafataklæddum karlmanni undirrita lög um hvað konur mega og mega ekki gera.

Eftir aðeins eina viku í embætti hefur Donald Trump skipað sér í hóp verstu þjóðarleiðtoga heims. Svo afleitur staður eru Bandaríki Donalds Trump þar sem loftslagsbreytingum er afneitað, pyntingum er fagnað, einangrun er æskileg, sundrung er markmið, sannleikurinn er þess sem hrópar hæst og mannréttindi eru valkvæð, að bókin 1984 eftir George Orwell um dystópískt fasistaríki stökk í 1. sæti metsölulista bókaverslunarinnar Amazon.com. Þar kynna Bandaríkjamenn sér eflaust nýjar leikreglur samfélags síns.

En þrátt fyrir viðurstyggilegar skoðanir Donalds Trump sem nú birtast ein af annarri í viðurstyggilegum embættisverkum hans er lítill skortur af fólki á valdastólum um heim allan sem reynir að koma sér í mjúkinn hjá honum. Sannfæring heilu ríkisstjórnanna er til sölu fyrir veglegan viðskiptasamning, ábatasamt tollabandalag, já eða bara heimsókn í gullflúraðan Trump-turninn. Með einni undantekningu þó.

### Mikilvægt að standa á sínu

Ríkisstjórn Hollands vinnur nú að því að koma á fót alþjóðlegum sjóði sem ætlað er að vinna gegn tjóni því sem fornfáleg viðhorf Trumps til fóstureyðinga valda. Sjóðurinn á að styrkja þau góðgerðarsamtök sem starfa í þróunarríkjum og verða af fjármagni. Flest vinna þau að því að auka aðgengi kvenna að getnaðarvörnum, fóstureyðingum og menntun. „Bann við fóstureyðingum fækkar ekki fóstureyðingum,“ sagði Lilianne Ploumen, ráðherra viðskipta- og þróunarmála í Hollandi, er hún kynnti hugmyndina. „Það leiðir af sér fleiri fóstureyðingar sem eru framkvæmdar af kunnáttuleysi í skuggahverfum og veldur hærri dánartíðni mæðra.“ Markmiðið er að safna í sjóðinn 600 milljónum dollara sem mun vera sú upphæð sem góðgerðarsamtök verða af í kjölfar embættistöku Trumps. „Við erum í viðræðum við fimmtán til tuttugu ríki um að taka þátt,“ sagði Ploumen í samtali við dagblaðið Guardian.

En óttast Ploumen ekki að fá Bandaríkjastjórn upp á móti sér. „Það er mikilvægt að standa á sínu.“

### Í fremstu röð?

Í dag, þegar 82 ár eru frá því að Íslendingar urðu fyrstir þjóða Vestur-Evrópu til að lögleiða fóstureyðingar, verður ekki hjá því komist að senda utanríkisráðherra Íslands sem fer með málaflokk þróunarmála eftirfarandi spurningu:

Kæri Guðlaugur Þór Þórðarson. Við Íslendingar höfum löngum skipað okkur í fremstu röð meðal þjóða hvað varðar kvenréttindi. Hyggst ríkisstjórn Íslands ganga til liðs við Hollendinga og taka þátt í sjóði til varnar heilsu og réttindum kvenna í þróunarríkjum? Er hin nýja ríkisstjórn fær um „að standa á sínu“ fyrir hönd okkar Íslendinga?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO
RALPH LAUREN
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
collezione
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
LLOYD
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Hreinsun!
80%
afsláttur
af öllum vörum
lokadagar
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

## Stjarna Ólafíu skín skært á Bahamaeyjum



**Frábær spilamennska** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir spilaði frábært golf á öðrum degi Pure Silk Bahama Classic-mótsins á Bahamaeyjum. Þegar Fréttablaðið fór í prentun og ein hola eftir var Ólafía á sjö höggum undir pari og í 20. sæti. Þeir kylfingar sem voru á tveimur undir pari eða betra skori komust í gegnum niðurskurðinn. Ólafía verður því áfram í eldlínunni um helgina, á sínu fyrsta móti á LPGA-mótaröðinni. LJÓSMYND/GOLF.IS/SETH

# Ekki hægt að vinna án lyfja

**Danski hjólreiðamaðurinn Michael Rasmussen sér ekki eftir því að hafa notað árangursbætandi efni allan sinn feril. Daninn gat ekki horft upp á menn sem hann vissi að voru ekki betri en hann stinga af á lyfjum.**

**HJÓLREIÐAR** Danski hjólreiðamaðurinn Michael Rasmussen hélt fyrirlestur um feril sinn á ráðstefnu á vegum ÍSÍ og ÍBR í tengslum við Reykjavíkurleikana í Háskólanum í Reykjavík á fimmtudaginn. Þar sagði hann frá, eins og auglýst var, nokkuð glæstum ferli sínum en þegar hann var upp á sitt besta notaði hann öll árangursbætandi efni sem í boði voru.

Hann var hluti af Rabobankliðinu sem stundaði kerfisbundið lyfjamisferli ekki ólíkt því sem var í gangi hjá Lance Armstrong. Þrátt fyrir að viðurkenna allt sem hann gerði rangt sem hluta af samningi til að fá skemmri dóm árið 2013 og vera úrskurðaður í bann í annað sinn á ferlinum sér hann ekki eftir neinu er varðar hann sjálfan.

„Ekki neinu. Þetta var það sem ég þurfti að gera til að fullnýta hæfileika mína og ég veit alveg að ég er mjög góður hjólreiðamaður. Ég gat ekki horft upp á menn sem voru ekki jafn góðir og ég og kannski fimm kílóum of þungir stinga mig af upp fjöllin. Það eina sem ég sé eftir er að fá fleiri með mér í þetta,“ sagði Rasmussen á ráðstefnunni.

### Gekk fram af sumum

Það er óhætt að segja að Rasmussen kom á óvart með fyrirlestrinum. Flestir héldu að þetta yrði hálftíma afsökunarbeiðni en því fór fjarri. Þvert á móti gagnrýndi hann lyfjaeftirlitskerfið og sagði að á ákveðnum tímapunkti hefði hann verið áreittur eins og einu sinni þegar maður kom heim til hans og horfði á hann hægja sér. Það sagði hann mestu niðurlægingu sína á ævinni.

Daninn gekk fullkomlega fram af Líneyju Rut Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra ÍSÍ, sem spurði úr sal hvort hann liti virkilega ekki á það sem hann gerði sem svindl. Svarið var einfalt: Nei. Íþróttadeild fékk viðtal við Rasmussen eftir fyrirlesturinn og spurði út í þessa afstöðu hans og hvernig hjólreiðamenn líti á allt þetta lyfjamisferli.

### Trúa ekki á íþróttina

„Við erum afurð ákveðins manningarheims. Það tekur langan tíma að breyta svona langri sögu. Það er auðvelt að breyta skoðun eins manns á einni nóttu og það er alltaf auðveldara að breyta skoðun annarra en þinni eigin. Þessir tveir heimar eru mjög langt hvor frá öðrum,“ sagði Rasmussen. En finnst honum ekki eins og íþróttamennirnir séu að svindla á áhorfendum?

„Ég held að flestir trúi ekki lengur á heiðarleika íþróttarinnar. Sú trú glataðist fyrir löngu. Fræga línan í sandinn hefur verið dregin svo oft að það er ekki hægt að telja skiptin lengur. Þessu verður ekki breytt á einni nóttu þannig að ég held að áhorfandinn horfi mjög raunsætt á það sem er að gerast. Fólk getur dæmt þig ansi hart til að byrja með en þegar það sér heildarmyndina getur það verið fljótt að fyrirgefa.“

### Hársbreidd frá sigri

Ferill Rasmussens var næstum fullkomnaður árið 2007 þegar hann var með gott forskot í Tour de France þegar aðeins fjórir áfangar voru eftir. Þá kippti Rabobankliðið honum úr keppni þegar upp komst að hann sagði Alþjóðalyfjaeftirlitinu ósatt um dvalarstað sinn tveimur árum áður. Hann fékk tveggja ára keppnisbann fyrir það.

„Vandamálið er að þeir náðu mér aldrei. Það hefði verið mun auðveldara fyrir mig að sætta mig við að vera rekinn úr Tour de France ef ég hefði fallið á lyfjaprófi því þá hefði ég bara verið heimskur. Málið er að ég hef aldrei á ævinni fallið á lyfjaprófi. Það sem særði mig var að það var mitt eigið lið sem dró mig út úr keppninni. Það var liðið sem stóð fyrir þessu öllu og lét mig fá blóðpokana, faldi EPO í rútunni og gaf mér insúlín. Það var þetta lið sem dró mig út úr keppni því enginn annar gat gert það samkvæmt reglubókinni,“ segir Daninn. En er eitthvað að draga úr lyfjamisnotkun í sportinu?

„Í hjólreiðum er þetta að verða betra en það var fyrir tíu árum. Það er samt barnalegt að halda að breytingin sé svo mikil að hjólreiðar séu hreint sport í dag. Ég get næstum því lofað því að enn höfum við ekki séð fyrir endann á lyfjamisferli í hjólreiðum.“

### Sagan segir nei

Sigurvegarar í Tour de France í gegnum tíðina hafa orðið uppvísir að því að nota árangursbætandi lyf, en reyndar ekki allir þótt margir séu grunaðir. Hjólreiðamenn í dag eru að fara hraðar upp erfiðar brekkur í Frakklandshjólreiðunum en svindlarar eins og Rasmussen og Lance Armstrong gerðu á sínum tíma. Er hægt að vinna þessa keppni „hreinn“?

„Hjólreiðamennirnir hafa í fullu tré við arfleið íþróttarinnar. Augljóslega vekur það athygli þegar menn í dag eru að fara hraðar upp fjöllin en við Lance Armstrong gerðum. Það er erfitt að fullyrða nokkuð en sagan segir að það sé ekki hægt,“ segir Michael Rasmussen. tomas@365.is

> Ég gat ekki horft upp á menn sem voru ekki jafn góðir og ég og kannski fimm kílóum of þungir stinga mig af upp fjöllin.
>
> Michael Rasmussen



## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Þór Ak - Grindavík 65-75**
**Stigahæstir:** Darrel Lewis 23/9 fráköst, Tryggvi Snær Hlinason 15/14 fráköst - Dagur Kár Jónsson 22, Ólafur Ólafsson 18, Ómar Örn Sævarsson 10/13 fráköst.

**Keflavík - Stjarnan xx-xx**
Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 24 | Keflavík | 14 |
| Tindastóll | 20 | ÍR | 14 |
| Stjarnan | 20 | Njarðvík | 14 |
| Þór Þ. | 18 | Skallagr. | 12 |
| Þór Ak. | 16 | Haukar | 10 |
| Grindavík | 16 | Snæfell | 0 |

### NORÐMENN Í ÚRSLIT



Það verða Norðmenn sem mæta Frökkum í úrslitaleik HM í París á morgun. Noregur vann 25-28 sigur á Króatíu í seinni undanúrslitaleiknum í gærkvöldi. Leikurinn var æsispennandi og úrslitin réðust ekki fyrr en í framlengingu. Þetta er í fyrsta sinn sem Norðmenn komast í úrslit á stórmóti. Króatar og Slóvenar mætast í bronsleiknum.

### SYSTURNAR MÆTAST



Systurnar Serena og Venus Williams mætast í úrslitum Opna ástralska meistaramótsins í tennis í dag. Þetta er í níunda sinn sem Williams-systurnar mætast í úrslitum á risamóti. Tölfræðin er Serenu í vil en hún hefur unnið sex viðureignir en Venus tvær. Úrslitaleikurinn í karlaflokki fer fram á morgun en þar mætast Svisslendingurinn Roger Federer og Spánverjinn Rafael Nadal.

## Um helgina

**Olísdeild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| L 13.30 | Fram - Valur | Framhús |
| L 13.30 | Stjarnan - Selfoss | Mýrin |
| L 15.00 | Haukar - ÍBV | Ásvellir |
| L 16.00 | Fylkir - Grótta | Fylkishöll |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| L 16.30 | Skallagr. - Keflavík | Borgarnes |
| L 17.00 | Snæfell - Haukar | Stykkihs. |
| L 17.00 | Valur - Stjarnan | Valshöll |

**Laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 09.00 | Qatar Masters | Golfst. |
| 12.20 | Liverpool - Wolves | Sport |
| 14.25 | Bremen - Bayern | Sport3 |
| 14.50 | Chelsea - Brentford | Sport |
| 14.50 | Tottenham - Wycombe | Sport2 |
| 17.20 | S'ton - Arsenal | Sport |
| 18.00 | Farmers Insurance | Golfst. |
| 20.00 | LPGA: Pure Silk | Sport4 |
| 01.00 | UFC Fight Night | Sport |

**Sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 09.00 | Qatar Masters | Golfst. |
| 10.55 | Betis - Barcelona | Sport |
| 15.50 | Man Utd - Wigan | Sport |
| 16.25 | Mainz - Dortmund | Sport2 |
| 16.50 | Valur - Stjarnan | Sport3 |
| 18.00 | Farmers Insurance | Golfst. |
| 19.40 | Real M. - Real S. | Sport |
| 20.00 | LPGA: Pure Silk | Sport4 |


Vertu tilbúin fyrir.....
BESTA SUMARIÐ ÞITT
Við kynnum 2017 árgerðina af hjólhýsum frá Hobby, Adria og Fendt
Komdu og upplifðu framtíðina í hjólhýsum og húsbílum
og byrjaðu að njóta sumarsins.
Að sjálfsögðu tökum við gamla vagninn upp í nýjan.
Opið laugardag og sunnudag
frá klukkan 12 til 16.
GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ
Hobby
ADRIA
FENDT
VÍKUR
V • E • R • K
VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

# Langar að lesa ævisögu Michelle Obama

Landsleikur í lestri hófst í gær með því að ekinn var lestrarhringur með strætó. Í vagninum sat forsetafrúin **Eliza Reid** og las eina af sínum uppáhaldsbókum, Morðið í Austurlandahraðlestinni, eftir Agöthu Christie.



**Eliza Reid hóf átakið Allir lesa og las í strætisvagni á ferð um borgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Allir lesa, landsleikur í lestri, fer fram yfir þorrann, eða dagana 27. janúar til 19. febrúar. Þetta er í þriðja sinn sem er blásið til keppninnar. Landsleikurinn hófst í gær með bókelskum farþegum í strætisvagni, þeirra á meðal var forsetafrúin Eliza Reid. Hún og eiginmaður hennar styðja lestrarátakið með ráðum og dáð og mynda lið með börnum sínum. „Ég er að lesa nokkrar bækur núna. Á íslensku er ég að lesa eina af uppáhaldsbókunum mínum frá fornu fari, Morðið í Austurlandahraðlestinni. Ég var að ljúka við skáldsögu sem heitir The Best Kind of People eftir Zoe Whittall og sú næsta á listanum er Half Blood Blues eftir Esi Edugyan. Ég er líka að lesa Harry Potter og blendingsprinsinn fyrir eldri strákana mína tvo,“ segir Eliza.

*Ertu með leslista? Hvað ætlarðu að lesa í átakinu?* „Ég er með tvær bókahillur fullar af bókum sem ég á eftir lesa. Þannig að þegar ég klára bók finn ég mér aðra í þessum hillum. Ég get nefnt skáldsögur eins og Do Not Say We Have Nothing eftir Madeleine Thien [hún var tilnefnd til Booker-verðlaunanna í fyrra] og Mánastein eftir Sjón. Af öðrum bókum en skáldverkum eru það t.d. Inconvenient Indian eftir Thomas King og Startle and Illuminate, en það er bók með textum um skrif eftir Pulitzer-höfundinn Carol Shields sem dóttir hennar og dóttursonur tóku saman eftir hennar dag. Mig langar líka til að lesa ævisögu Michelle Obama eftir Peter Slevin en á eftir að ná mér í hana.“

Elizu finnst erfitt að mæla með ákveðnum bókum. „Af því að það er svo misjafnt hvað fólki finnst skemmtilegt að lesa. Ég hef t.d. gaman af alls konar glæpasögum, bæði frá Íslandi og öðrum löndum. Þegar ég er ekki alveg upp á mitt besta og langar bara til að kúra uppi í rúmi með bók finnst mér alltaf gott að lesa aftur bækur eftir Agöthu Christie. Jan Morris er einn af mínum uppáhaldsferðabókahöfundum en hún hefur skrifað í marga áratugi. Meðal uppáhaldsskáldsagnanna eru A Fine Balance eftir Rohinton Mystry og Regeneration-þríleikurinn eftir Pat Barker. Ég hef gaman af alls konar endurminningabókum og fræðibókum, sérstaklega pólitískum æviminningum,“ segir Eliza. „Þegar ég lít í bókahilluna mína sé ég sumar af uppáhaldsbókunum mínum, t.d. Blood and Sand eftir Frank Gardner, Infidel eftir Ayaan Hirsi Ali, In the Footsteps of Mr. Kurtz eftir Michela Wrong, og bók sem á kannski sérstaklega vel við þessa dagana, verðlaunabókina Walls eftir Marcello Di Cintio.“

Hver sem er getur skráð sig á allirlesa.is. Hægt er að keppa sem einstaklingur eða í liði og skrá niður þann tíma sem varið er í lestur.

kristjanabjorg@frettabladid.is

> ÞEGAR ÉG ER EKKI ALVEG UPP Á MITT BESTA OG LANGAR BARA TIL AÐ KÚRA UPPI Í RÚMI MEÐ BÓK FINNST MÉR ALLTAF GOTT AÐ LESA AFTUR BÆKUR EFTIR AGÖTHU CHRISTIE.

## Í uppáhaldi í bókahillu Elizu

- **A Fine Balance**, Rohinton Mystri
- **Regeneration-þríleikurinn**, Pat Barker
- **Blood and Sand**, Frank Gardner
- **Infidel**, Ayaan Hirsi Ali
- **In the Footsteps of Mr. Kurtz**, Michela Wrong
- **Walls**, Marcello Di Cintio


Sumarið
2017 er komið
25 ára afmælisafsláttur
í janúar
Sólarferðir frá kr.
49.850
m/afslætti*
25 ÁRA
1992-2017
Mesta úrvalið!
12
sólarferðir
í boði
Allt að
25.000 kr.
afsláttur á mann
í janúar
Allt að
100.000 kr.
afsláttur fyrir fjögurra
manna fjölskyldu
BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN
Taska, handfarangur
og íslensk fararstjórn
innifalið.
*Öll verð eru með afslætti, allar sólarbrottfarir til 31/10 nema um páska.
KRÓATÍA
NÝR ÁFANGASTAÐUR
Laguna Istra
Frá kr. 78.895 m/morgunverð innif.
Netverð á mann á frá kr. 78.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu. Netverð á mann frá kr. 86.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.
BIBIONE
NÝR ÁFANGASTAÐUR
Villaggio Marco Polo
Frá kr. 79.245 m/morgunverð innif.
Netverð á mann frá kr. 79.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 92.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. maí í 7 nætur.
BENIDORM
Hotel Melia Benidorm
Frá kr. 88.330 m/hálft fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 88.330 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 98.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.
COSTA DE ALMERÍA
Hotel Zoraida Beach Resort
Frá kr. 107.695 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 107.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 134.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
14. júlí í 7 nætur.
COSTA DEL SOL
Aguamarina Apartments
Frá kr. 58.295 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 58.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 76.695 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
28. maí í 7 nætur.
KRÍT
Zeus Village Apartments
Frá kr. 84.895 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 84.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 104.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
5. júní í 10 nætur.
ALBIR
Albir Playa Hotel & Spa
Frá kr. 73.320 m/morgunverð innif.
Netverð á mann frá kr. 73.320 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 92.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
13. júní í 7 nætur.
MALLORCA
Sol Katmandu Park & Resort
Frá kr. 124.495 m/morgunverð innif.
Netverð á mann frá kr. 124.495 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölsk.herb. Netverð á mann frá kr. 125.495 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. júní í 11 nætur.
SALOU
Hotels Playa de Oro
Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 62.585 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 9 nætur.
TENERIFE
Arena Suites Apts.
Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 66.795 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
26. ágúst í 7 nætur.
MADEIRA
Hotel Orqidea
Frá kr. 111.195 m/morgunverði ofl.
Netverð á mann frá kr. 111.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. apríl í 11 nætur
GRAN CANARIA
Jardin del Atlantico
Frá kr. 62.740 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 62.740 m.v. 3 fullorðna og í íbúð. Netverð á mann frá kr. 71.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
24. febrúar í 7 nætur.
Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM79810

# FRUMSÝNING Á FIAT

**Í TILEFNI ÞESS AÐ ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF.**
**Á ÍSLANDI BJÓÐUM VIÐ TIL F**

5 ÁRA ÁBYRGÐ



FIAT 500: EINSTAKI FALLEGI SMÁBÍLLINN.

## KOMDU ÚR AMSTRI HÖFUÐBORGARINNAR, SKOÐAÐU OG REYNSLUAKTU ÖLLU ÞVÍ NÝJASTA ÚR FIAT OG JEEP LÍNUNNI.

5 ÁRA ÁBYRGÐ



FIAT 500X: ÍTÖLSK HÖNNUN, FJÓRHJÓLADRIFINN OG FRÁBÆRIR AKSTURSEIGINLEIKAR.

5 ÁRA ÁBYRGÐ



FIAT TIPO: VALIN BESTU BÍLAKAUPIN Í EVRÓPU 2016.

LAVAZZA KAFFIBARÞJÓNN FRÁ LAVAZZA TÖFRAR FRAM ÍTALSKA ÁSTRÍÐU Í HVERJUM BOLLA.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat,
Þverholti 6 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www

# OG JEEP Á ÍSLANDI

Jeep®

**ER ORÐIÐ UMBOÐSAÐILI FYRIR FIAT CHRYSLER
RUMSÝNINGAR UM HELGINA.**



FRUMSÝNING Á FLAGGSKIPINU JEEP GRAND CHEROKEE
SUMMIT SIGNATURE. SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

## LAUGARDAGINN 28. JANÚAR OG
## SUNNUDAGINN 29. JANÚAR OPIÐ KL. 11-16
## AÐ ÞVERHOLTI 6 Í MOSFELLSBÆ.




JEEP WRANGLER: HINN EINI SANNI.



JEEP RENEGADE: KRAFTMIKILL
OG SPORTLEGUR.

Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi
v.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18



Matthildur Soffía Jónsdóttir og María Bjarnadóttir, vinkonur Birnu Brjánsdóttur, segja það óraunverulegt að hún sé farin fyrir fullt og allt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óraunverulegt að kveðja Birnu



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is


**Bestu vinkonur Birnu, þær María og Matthildur, vilja minnast hennar sem lífsglöðu og afslöppuðu stelpunnar sem hún var en ekki fyrir það sem síðar kom fyrir hana. Í dag verður gengið niður Laugaveg til minningar um Birnu og blóm lögð að Laugavegi 31.**

Birna lifði alltaf bara í núinu og hafði gaman af. Það þurfti ekki alltaf að skipuleggja hlutina í þaula og hún gat aldrei planað fram í tímann," segir María Bjarnadóttir, æskuvinkona Birnu Brjánsdóttur. Birna hvarf laugardagsmorguninn 14. janúar og fannst látin síðastliðinn sunnudag. Vinkonur hennar, María og Matthildur Soffía Jónsdóttir, vilja að Birnu verði minnst sem stelpunnar sem hún raunverulega var, en ekki bara fyrir það sem kom fyrir hana.

„Ég er svona týpa sem er alltaf út um allt, og á oft erfitt með að taka ákvarðanir, en þegar ég kynntist Birnu kenndi hún mér að slaka á. Bara lifa í núinu," segir Matthildur. Þær Birna kynntust fyrir þremur árum en hafa varið nærri hverjum einasta degi saman síðan í sumar þegar þær smullu skyndilega sem bestu vinkonur. María og Birna kynntust hins vegar við þriggja ára aldurinn og bjuggu nálægt hvor annarri. Birna kynnti Maríu og Matthildi.

„Ég veit ekki hvernig ég á að orða það en þetta var alltaf bara Birna og María. Auðvitað áttum við fleiri vini en mér finnst eins og það hafi alltaf verið við, einhvern veginn. Við Matta kynntumst svo í gegnum Birnu. Hún var alltaf að kynna vini sína hverja fyrir öðrum," segir María.

### Einlæg, hógvær, þakklát

María nefnir hvað það hafi verið gaman að hrósa Birnu því hún hafi alltaf verið svo einlæglega glöð. „Já, hún var rosalega hógvær. Hún var líka alveg rosalega þakklát. Besta dæmið er eiginlega þegar ég gaf henni einhverja bleika sokka upp úr þurru og hún var alveg ótrúlega hissa. Viðbrögð hennar kenndu mér að maður er ekki nógu þakklátur. En hún var alltaf svo einlæglega þakklát," segir Matthildur.

Birna fann sig ekki í menntaskóla og flakkaði úr Kvennaskólanum, yfir í Tækniskólann og þaðan í Fjölbraut í Ármúla þar til hún ákvað að fara bara að vinna. Hún sæi ekki tilganginn í að sitja á skólabekk á meðan hún vissi ekki hvað hana langaði að læra.

„Hana langaði aðallega að ferðast og sjá heiminn. Í lok síðasta árs vorum við að tala um að okkur langaði að fara til Bandaríkjanna saman og hún vildi eiginlega bara fara strax. Við Matta sögðum að það gengi ekki því við þyrftum að safna fyrir ferðinni og gætum ekki bara stokkið upp í flugvél og farið. Svo ég stakk upp á því að við færum um páskana en Birnu fannst rosalega langt í það. Við ætluðum að fara þrjár saman bráðum."

### Róleg í tíðinni

Þær lýsa Birnu þannig að hún hafi verið félagslynd og átt auðvelt með að tala við alla en hún hafi samt fyrst og fremst átt fáa mjög góða vini og síðan ótal kunningja. „Hún treysti ekkert hverjum sem er. Hún var alveg varkár þó að hún væri hugrökk og mjög mikill mannþekkjari," segir Matthildur. „Birna var alveg vandlát á það fólk sem hún var með. Hún valdi þá sem hún hafði í hringnum sínum þó að hún gæti talað við hvern sem er."

María segir að þó að Birna hafi verið félagsvera þá hafi ekki verið mikið útstáelsi á henni. „Við vorum ekki að djamma mikið fyrr en við vorum komnar með aldur til. Sem barn var hún ótrúlega skemmtileg og sjálfstæð en við vorum mikið að slappa af saman og skoða kisurnar hennar. Seinna átti hún kærasta í Ameríku í tvö ár og af því að það var tímamismunur þá var hún oftast heima á kvöldin að Skype-a við hann. En þegar þau hættu saman varð hún duglegri að koma út. Hún sagði að hún nennti ekki að vera heima lengur en okkur fannst ótrúlega gott að tjilla saman. Okkur fannst fínt að gera bara ekki neitt."

Birna hafi verið afslöppuð í fatavali og ekki stressað sig um of á útlitinu. „Ef við fórum í bæinn þá var ekki séns að hún færi í pilsi eða kjól. Hún var alltaf í buxum og hettupeysu," segir María.

„Já, það var eitt kvöld sem hún skvísaði sig í gang. Ég lánaði henni einhvern tíma kjól og háhælaða skó sem hún fór í niður í bæ en henni fannst það mjög utan síns þægindahrings. Hún var samt algjör bomba. Oftast var hún samt bara afslöppuð í klæðaburði og mjög svöl," segir Matthildur.

### Gjafmildur húmoristi

Séu samfélagsmiðlar skoðaðir sést að í því efni sem Birna deildi voru brandarar og grín áberandi. „Það var hægt að hlæja að öllu með henni. Þegar hún kom heim til mín tókst henni alltaf að koma öllum í gott skap," lýsir Matthildur.

„Svo var hún alltaf að freista manns með einhverjum mat. Bjóðast til að sjóða handa manni pasta eða eitthvað. Hún var alveg rosalega gjafmild og alls ekki nísk."

Það skín í gegn þegar vinkonurnar lýsa Birnu að hún hafi verið að mestu leyti áhyggjulaus og ekki stressað sig um of á hlutunum. María lýsir því til dæmis þegar Birna ætlaði að sækja hana til að fara út á lífið. „Það var orðið frekar hljótt í götunni minni því þetta var eftir miðnætti en ég heyrði í henni með tónlistina í botni í bílnum koma niður eftir allri götunni. Þegar við ætluðum svo að leggja í bílakjallara, bakkaði hún bílnum af krafti, rak hann í og tók af hliðarspegilinn. Við Matta vorum bara „ó mæ god, hvað heldurðu að pabbi þinn segi?" en Birna var bara afslöppuð, sagði okkur að slaka á og að við myndum bara spá í það seinna."

Matthildur æfir dans af miklum krafti. „Birna elskaði líka að dansa og svo hafði hún rosalegan áhuga á að horfa á mig dansa sem mér þótti ótrúlega fallegt. Ég átti vinkonur sem mættu aldrei á sýningar hjá mér en Birna kom þó að ég byði henni ekki. Hún sýndi manni stuðning í öllu sem mig langaði að gera."

María hefur svipaða sögu að segja. „Ég hafði gaman af því að syngja og Birna var alltaf að hvetja mig áfram til að skrá mig í hinar og þessar keppnir eða setja myndband af mér að syngja á YouTube. Fyrir utan mömmu var hún örugglega mesti aðdáandi minn. Einu sinni bað hún mig um að senda sér upptöku af mér að syngja. Hún vildi svo mikið koma mér á framfæri að hún tók sjálfa sig upp að mæma við lagið því að hún vissi að mér þætti óþægilegt að birta myndbandið sjálf. Hún vildi manni alltaf svo vel."



María, Birna og Matthildur saman á skemmtistaðnum Prikinu.

> BIRNA VAR ALVEG VANDLÁT Á ÞAÐ FÓLK SEM HÚN VAR MEÐ. HÚN VALDI ÞÁ SEM HÚN HAFÐI Í HRINGNUM SÍNUM ÞÓ AÐ HÚN GÆTI TALAÐ VIÐ HVERN SEM ER.
>
> Matthildur Soffía Jónsdóttir

### Óraunverulegt að kveðja

Þúsundir hafa boðað komu sína í göngu til minningar um Birnu sem gengin verður frá Hlemmi í dag klukkan fjögur. Hugmyndin er að leggja blóm að Laugavegi 31, þar sem Birna sást síðast í eftirlitsmyndavélum lögreglunnar. Vinkonur hennar segjast þakklátar fyrir þennan mikla áhugi og velvilja í garð Birnu.

> HANA LANGAÐI AÐALLEGA AÐ FERÐAST OG SJÁ HEIMINN. Í LOK SÍÐASTA ÁRS VORUM VIÐ AÐ TALA UM AÐ OKKUR LANGAÐI AÐ FARA TIL BANDARÍKJANNA SAMAN OG HÚN VILDI EIGINLEGA BARA FARA STRAX.
>
> María Bjarnadóttir

„Mér finnst eins og þjóðin sé að upplifa þetta sterkar en við sem stóðum henni næst því að þetta er enn svo óraunverulegt fyrir okkur. Hún var besta vinkona okkar. Að segja upphátt að besta vinkona okkar hafi verið myrt er ekki raunverulegt og verður aldrei raunverulegt. Kannski er öll þjóðin að upplifa að þetta hefði getað verið systir þeirra eða bróðir, en ef Birna hefði verið systir þeirra þá liði þeim öðruvísi," segir Matthildur.

María segist enn bíða eftir því að Birna hringi í sig. „Svo eru bara litlu hlutirnir. Ég var að lesa samtal sem við áttum á MSN fyrir milljón árum og þá vorum við að tala um hvað við ætluðum að gera þegar við verðum gamlar. Það stingur."

Matthildur segist ekki trúa því að hún muni sætta sig við þetta. „Maður hélt að við hefðum allan tíma í heiminum. Hún var æðisleg vinkona og rosalega opin. Það er svo skrýtið að þetta sé allt farið. Ég hélt að við hefðum alla framtíðina en maður veit aldrei hvað maður hefur."

Þær segjast fyrst og fremst þakklátar fyrir að Birna hafi kynnt þær. „Ég kann ótrúlega mikið að meta að Birna hafi kynnt mig fyrir Möttu. Ég sé svo mikið af Birnu í henni því húmorinn hennar var svo einstakur og við þrjár tengdumst þannig," segir María.

Matthildur tekur undir. „Ég er líka geðveikt þakklát fyrir Maríu. Ef það væri ekki fyrir hana þá væri þetta allt billjón sinnum erfiðara."

Glæsilegt úrval á pier.is

# LAGERSALA
# 28. & 29. JANÚAR

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

# 20 – 90% AFSLÁTTUR

LAGERSALAN VERÐUR AÐEINS UM HELGINA
LAUGARDAG 10–18 & SUNNUDAG 12–18

LAGERSALAN VERÐUR
Á KORPUTORGI
Í RÝMI OFFICE OUTLET

GENGIÐ INN AÐ FRAMAN




ALLT Á AÐ SELJAST

28. JANÚAR
LAUGARDAG 10–18

29. JANÚAR
SUNNUDAG 12–18

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





„Það er óþolandi hvernig umræðan um ofbeldi gegn konum snýst ítrekað og endurtekið um það hvernig konur og stelpur þurfi nú bara að passa sig aðeins betur; þær ættu auðvitað ekki að vera einar á ferli og hvað þá seint eða um nætur, ekki undir áhrifum eða klæddar eins og druslur,“ segir Sara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Berum ekki skömmina áfram

**Sara Stef. Hildardóttir** er móðir fjórtán ára stúlku sem varð fyrir árás á Klambratúni á síðasta ári. Hún segir kynbundið ofbeldi reglulegt og kerfisbundið í samfélaginu og vonar að minning Birnu verði ljósið sem leiðir íslenskt samfélag út úr ógöngum.

Ég var ekki heima þegar 14 ára dóttir mín sá fréttir af því að lík Birnu Brjánsdóttur væri fundið. Þessi frétt triggeraði áfallið sem dóttir mín varð fyrir seint í sumar, kvöldið fyrir skólasetningu, þegar einhver réðst aftan að henni þar sem hún var að ganga heim, greip fyrir vitin á henni; munn og nef, axlir og handleggi, og dró hana þannig inn í runna – lamaða af ótta. Það var þá sem hún hélt að hún yrði drepin – og þannig var hún rænd. Hún var nefnilega rænd frelsinu sínu þessar sekúndur sem hún lá frosin og mállaus í moldinni og sá fjölskyldumeðlimum og vinum bregða fyrir hugskotssjónum sínum í sekúndubrotum – hún var að kveðja okkur. Henni fannst eins og hún færi út úr líkamanum og sæi sjálfa sig dána. Í myrkrinu á Klambratúni kvöld eitt í ágúst,“ segir Sara. Maðurinn sem réðst á dóttur hennar er ekki fundinn.

„Hún var heppin. Og það var það sem hún endurtók aftur og aftur þegar hún heyrði fréttina um líkfund Birnu. Hún var nefnilega raunverulega mjög heppin. Samt var ráðist á hana af ókunnugum manni sem hefur enn ekki fundist. Samt er hún heppin. Hann er kannski líka að velja sér ís í Bónus eða er stundum samferða henni í strætó. Við vitum það ekki og munum aldrei vita.“

Þegar dóttir Söru heyrir eða sér fréttir af ofbeldi gagnvart konum þá rifjast upp þær sekúndur sem hún hélt hún yrði drepin. „Hún man að hún er ekki frjáls í raun og veru og hún man að það er kannski tilefni til að óttast og vera hrædd,“ segir Sara.

**Ósanngjarnt í garð beggja kynja**

Sara segir það að ala á ótta ósanngjarnt gagnvart konum og minnihlutahópum, líka þeim meirihluta karlmanna sem mun aldrei ráðast á konur.

„En af hverju viljum við búa í samfélagi sem elur á ótta og hræðslu? Hver hefur hagsmuni af því að hluti borgaranna sé hræddur og óttasleginn? Ég bara spyr? Borgar sig að ala á ótta hjá ákveðnum hópum til að geta stýrt samfélaginu með góðu móti – ég skil það ekki? Hentar það samfélaginu sem heild að hópur borgara sé ítrekað látinn taka á sig skömm og sársauka? Hvernig þá? Svona samfélag er ekki bara ósanngjarnt gagnvart konum og minnihlutahópum heldur er þetta líka ósanngjarnt gagnvart þeim meirihluta karlmanna sem mun aldrei ráðast á konur eða áreita þær með nokkrum hætti. Hugmyndin um hinn hættulega, kynferðislega stjórnlausa og árásargjarna karlmann er hugmynd sem keyrir samfélag og hagkerfi ótta og hræðslu; eftirlitsmyndavéla, piparúða og sjálfsvarnarnámskeiða fyrir konur.“

Sara segir óþolandi að umræða um ofbeldi snúist ítrekað um það að konur og stelpur þurfi að gæta sín. „Þannig er þetta óþolandi samfélag. En það er ekki bara ofbeldið sem er óþolandi. Það er óþolandi hvernig umræðan um ofbeldi gegn konum snýst ítrekað og endurtekið um það hvernig konur og stelpur þurfi nú bara að passa sig aðeins betur; þær ættu auðvitað ekki að vera einar á ferli og hvað þá seint eða um nætur, ekki undir áhrifum eða klæddar eins og druslur.

Í þessu óþolandi samfélagi er konum og stelpum nefnilega uppálagt að vera almennilegar og ekki kalla yfir sig sársaukann og skömmina. Þær geta svo auðveldlega sleppt því að lenda í kynbundnum eða kynferðislegum árásum ef þær bara vanda sig,“ segir Sara og segir þurfa að ráðast að rót kynbundins ofbeldis.

„Konur hafa of lengi verið hluti af hagkerfi karla en það kerfi fjallar ekki bara um vald þeirra yfir konum heldur líka aðgang þeirra að þeim. Það er þar sem kynferðisofbeldið á sér stað; þegar karlar upplifa konur sem hluta af rétti sínum í samfélaginu. Þetta valdakerfi er orðið gamalt og lúið og því miður eru það svona

> HUGMYNDIN UM HINN HÆTTULEGA, KYNFERÐISLEGA STJÓRNLAUSA OG ÁRÁSARGJARNA KARLMANN ER HUGMYND SEM KEYRIR SAMFÉLAG OG HAGKERFI ÓTTA OG HRÆÐSLU; EFTIRLITSMYNDAVÉLA, PIPARÚÐA OG SJÁLFSVARNARNÁMSKEIÐA FYRIR KONUR.

hræðilegir atburðir eins og árásin á Birnu og morðið á henni sem verða notaðir til að kynda undir umræðunni um að konur þurfi að draga sig í hlé, láta lítið fyrir sér fara og bera ábyrgðina og skömmina ef á þær er ráðist. Ítrekað og endurtekið.

Það er óþolandi samfélag sem reynir ekki að bæta sig. Kynbundið ofbeldi er reglulegt og kerfisbundið í samfélaginu. Birna er dæmi um það. Við skulum ekki vera sammála um að konur eigi að láta sér blákalt morð á ungri konu að kenningu verða. Við skulum ekki vera sammála um að konur og stelpur geti ekki gengið einar um á kvöldin, að þær þurfi að hafa lyklana á milli fingranna eða þykjast tala í símann, að þær þurfi bara að fara á sjálfsvarnarnámskeiðið og hafa piparúðann tiltækan því þannig geti þær verið frjálsar; innan ákveðinna marka og ef þær bara taka á sig ábyrgðina. Við skulum ekki vera sammála um að strákar og karlar séu með stjórnlausa kynhvöt og árásargjarnir. Við skulum ekki vera sammála um að strákar og karlar valdi konum ótta eða öfugt. En sem stendur erum við skilyrtar af því ofbeldi sem konur og stelpur eru að verða fyrir hvarvetna í veröldinni því það er daglegt og það er raunverulegt. Elsku stelpur og elsku strákar, Birna má ekki verða smættuð niður í óttann og piparúðann – berum ekki skömmina áfram heldur látum Birnu verða ljósið sem leiðir okkur út úr þessum ógöngum.“

## Öryggi bætt í miðborginni



**Sigríður Björk Guðjónsdóttir**, lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir embættið munu fara yfir atburði síðustu vikna og draga af þeim lærdóm og bæta úr þar sem hægt er að gera betur. „Í þessu sambandi þarf þó að hafa það í huga að ekki er ávallt samræmi á milli krafna sem gerðar eru til lögreglu og ávinnings af þeim,“ segir hún.

„Þannig má vera að aukið og bætt myndavélakerfi sem vaktað er á ákveðnum tímum sólarhrings geri meira gagn en fjölgun lögreglumanna á götum miðborgarinnar. Þá má nefna að mikill meirihluti íbúa höfuðborgarsvæðisins telur sig örugga í sínu hverfi, en þó eru færri sem telja sig örugga í miðborg Reykjavíkur. Þessu höfum við reynt að bregðast við með aukinni viðveru lögreglumanna á svæðinu og markvissara eftirliti á þeim tímum og þeim svæðum þar sem ofbeldisbrot eru tíðust.

Þessar raddir kvenna og reynsla þeirra kemur ekki á óvart. Aukin þjónusta við þolendur hefur verið í forgangi.

Lögreglan hefur unnið markvisst að því að efla aðstoð við fórnarlömb kynferðisbrota, t.d. er verið að setja á stofn þolendamiðstöð í Bjarkarhlíð þar sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er einn stofnenda og styrkja kynferðisbrotadeildina. Við hefðum viljað vera komin enn lengra með eflingu deildarinnar en unnið er að styrkingu hennar,“ segir Sigríður Björk sem segir kynbundið ofbeldi hafa fengið aukið vægi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu með nýjum áherslum. „Í tengslum við heimilisofbeldi og þá höfum við sett á fót sérstakt verkefni sem felst í að finna og sinna ungmennum í vanda.

Við viljum auðvitað allra helst fækka þessum brotum. Lögreglan gerir það þó ekki upp á sitt einsdæmi. Það er stundum talað um hugarfarsbreytingu en hugarfarsbreyting er ekki nóg, það þarf hugarfarsbyltingu. Það þarf fræðslu á öllum skólastigum og það þarf að breyta því hvernig talað er um konur og þær sýndar í fjölmiðlum o.s.frv. Við horfum líka til okkar sjálfra hér í lögreglunni. Það þurfa allir að byrja hjá sjálfum sér og við viljum vera leiðandi í að breyta viðhorfum til kvenna. Lögreglan er fyrirmynd og það er hlustað þegar hún tjáir sig. Það skiptir þess vegna máli að við notum þau tækifæri sem við fáum til að segja hátt og skýrt að brot sem þessi verða ekki liðin. Þá viljum við hvetja fólk til að leita til okkar og fá hjálp ef það upplifir ógnun.“

Hún segir það að upplifa sig öruggan grundvallarmannréttindi.

„Það er staðreynd að konur upplifa sig ekki öruggar í fjölmörgum aðstæðum. Mál Birnu Brjánsdóttur er hræðileg áminning um þetta og það væri mikil synd ef ein afleiðing þess glæps, sem þar var framinn verði að konur verði hræddari en áður. Við þurfum að tryggja að því verði öfugt farið og aðgerðir okkar í kjölfarið þurfa að fæla framtíðarbrotamenn frá því að láta til skarar skríða gegn konum. Fæling er samt ekki nóg. Fræðslan þarf að byrja fyrr og það þarf samstöðu fólks af báðum kynjum um að uppræta rótina að kynbundnu ofbeldi og kynferðisbrotum.

Þetta er sú framtíð sem við viljum sjá og á að vera markmið okkar að verði. Þangað til munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að veita þolendum sem allra besta vernd og rannsaka öll brot til hlítar.“

Sigríður Björk fékk í gærmorgun kynningu á kostnaði við að efla verulega eftirlitsbúnað lögreglunnar í miðborginni.

„Ég mun eiga fund með borgarstjóra á mánudag til að ræða þessi mál. Ég veit að þau eru í forgangi þar sem og hjá dómsmálaráðuneytinu. Lögreglan hefur talað fyrir bættu samstarfi milli stofnana en líka almennings og félagasamtaka og það eru allir af vilja gerðir að leggja sitt af mörkum. Við finnum alls staðar fyrir miklum stuðningi til að takast á við þá meinsemd sem kynbundið ofbeldi er.“




elja
Starfsmannaþjónusta

# Láttu okkur ráða

Við útvegum réttu starfsmennina í ofangreind
störf og fjölda annarra, hratt og örugglega!

elja er íslensk starfsmannaþjónusta
sem mætir þörfum atvinnulífsins.

Elja starfsmannaþjónusta HÁTÚNI 2B 105 Reykjavík 415 0140 elja.is ELJA@ELJA.IS

# Vilja *frelsið* aftur

Ungar konur sem finna fyrir öryggisleysi einar á ferð segja mikilvægt að varpa ekki ábyrgð á kynbundnu ofbeldi á þær. Þær vilja vera frjálsar, samfélagið eigi að taka ábyrgð.

ELÍN INGA BRAGADÓTTIR

## Frelsisskerðing



„Ég upplifi ótta. En ég er að reyna að hætta því. Af því að mér finnst óeðlilegt að ég geti ekki bara gengið um borgina sem ég bý í og liðið ágætlega hvort sem það er dagur eða nótt eða hvaða götu ég er að ganga. Það er svo mikil frelsisskerðing að vera með þennan hnút í maganum,“ segir Elín Inga Bragadóttir.

„Maður er alinn upp við það að það sé hættulegt fyrir konur að vera einar á ferð á nóttunni. Að einhverju leyti er þetta rökrétt. En ef maður fer yfir tölfræði þá eru meiri líkur á því að þú verðir fyrir einhverju á eigin heimili eða í partíi. Óttinn er líka til kominn vegna þess að við erum alltaf að verða fyrir áreiti. Maður er að labba heim, einhver kallar á eftir þér. Öll þessi atvik safnast upp í einn stóran kvíðahnút. Ég reyni að hugga mig, róa. Og segi við sjálfa mig, ef þú lendir í einhverju þá er ekkert sem þú getur gert, það verður ekki skárra þó að þú sért að drepast úr kvíða.

Við fáum öðruvísi skilaboð. Ég fór ein til Indlands til að ferðast. Strákar sem fara í slík ferðalög held ég að fái kveðjuna: Njóttu þín, góða skemmtun! Við fáum: Gættu þín! Þetta er viðkvæm umræða en ég held að við þurfum að hætta að segja stelpum að passa sig. Um leið og það er sagt, þá er komin einhver skömm sem á ekki að vera. Við þurfum að breyta umræðunni, ef einhver ætlar sér að skaða einhvern þá kemur þú ekki í veg fyrir það. Ég vil segja við stelpu sem er á leið að skemmta sér eða ein í ferðalag: Góða skemmtun! Og ég vil segja við alla: Gætum hvert annars.“

> VIÐ ÞURFUM AÐ BREYTA UMRÆÐUNNI, EF EINHVER ÆTLAR SÉR AÐ SKAÐA EINHVERN ÞÁ KEMUR ÞÚ EKKI Í VEG FYRIR ÞAÐ. ÉG VIL SEGJA VIÐ STELPU SEM ER Á LEIÐ AÐ SKEMMTA SÉR EÐA EIN Í FERÐALAG: GÓÐA SKEMMTUN!

FREYJA ÁGÚSTSDÓTTIR

## Rökstuddur ótti



Freyja þykist tala í símann þegar hún gengur ein heim eftir miðnætti. Hún segir óttann rökstuddan enda sé það staðreynd að konum sé byrlað eitur um hverja helgi.

„Ég hef upplifað ótta við að vera ein á gangi á kvöldin frá því í gagnfræðaskóla en þá byrjaði ég á að þykjast tala í símann á leiðinni heim. Í dag finn ég helst fyrir ótta ef ég labba ein heim eftir miðnætti eða þegar ég er úti að skemmta mér. Ég veit ekki hvort strákar tengi við þetta líka en ég veit að flestar vinkonur mínar upplifa sömu tilfinningu og gera ýmsar ráðstafanir eins og að tala við einhvern í símann á leiðinni heim eða jafnvel halda í lyklana sína ef eitthvað skyldi gerast.

Staðreyndin er sú að það er verið að byrla konum eitur um hverja helgi í þeim tilgangi að gera þeim mein og konur eru áreittar einar úti á götu með ýmsum hætti. Ég tel það mikilvægt að beina athygli að stöðu kvenna í þessum málum og nauðsynlegt að uppræta það viðhorf að það sé á ábyrgð stúlkna að vera ekki á röngum stað á röngum tíma heldur horfast í augu við þetta samfélagslega vandamál sem við öll berum ábyrgð á.“

SIGRÍÐUR INGA EYSTEINSDÓTTIR

## Vill meiri sýnileika lögreglu



Sigríður Inga hefur upplifað ótta frá því á unglingsárum en hann varð alvarlegri og meira hamlandi eftir að hún lenti sjálf í árás þegar hún var sautján ára gömul.

„Það var ráðist á mig snemma morguns. Ég var á leiðinni í Tækniskólann í Reykjavík í síðasta prófið fyrir sumarfrí, oftast vorum við í hóp saman en þennan morgun var ég ein.

Eftir þetta þá er alveg sama hvað klukkan er. Ef ég er ein þá er ég hrædd og verð að tala við einhvern í símann. Ef ég hef engan að tala við þá er ég með lykla eða eitthvað sem ég mögulega gæti notað sem vopn. Svo passa ég mig á að hafa helst ekki veski eða tösku á mér til að minnka líkur á að vera rænd. Þegar ég sest upp í bíl, þá læsi ég strax hurðinni svo enginn komist inn. Ég hef ekkert lagast en reyni oft að tala mig til.

Þessi hræðsla hefur það í för með sér að ég fer ekki út að skemmta mér nema ég sé með einhverjum allan tímann og alveg viss um að ég sé með far aftur heim. Ég treysti engum nema makanum og nánustu vinkonum,“ segir Sigríður, sem fer sárasjaldan út að skemmta sér í Reykjavík þar sem henni finnst aðstæður ekki góðar. „Mér finnst að það þurfi að auka sýnileika lögreglunnar og myndavélakerfin.“

ANNA MARGRÉT KÁRADÓTTIR

## Má ekki láta hræðsluna stjórna



„Ég bjó sjálf í útlöndum og var óhrædd við að fara allra minna ferða ein, sama átti við hér heima. Ég verð að viðurkenna að ég hef oft á tíðum fengið skammir frá fólkinu mínu fyrir að vera of kærulaus í þessum málum og er búin að lofa að taka mig á,“ segir Anna Margrét. „Ég verð að viðurkenna að núna er óhugur í manni og sem dæmi þá þurfti ég að fara niður í bæ að vinna síðastliðið föstudagskvöld og í fyrsta skipti kveið ég því að fara niður í bæ. Miðbærinn hefur alltaf verið mér afar kær eftir að hafa unnið þar, búið þar og skemmt mér þar, en allt í einu var ég hrædd við að fara þangað. En maður má ekki láta hræðsluna stjórna sér. Maður er bara meðvitaðri um umhverfið og fólkið í kringum sig núna.

Ég held að við séum mörg hver smeyk þessa dagana því við tengjum svo mikið við þetta og höfum bara oft verið í þessum sporum, að labba ein heim eftir að hafa verið að skemmta okkur. Ég persónulega trúi kannski alltof mikið á það góða, svo það er ákveðið traust farið.“

Anna segir nauðsynlegt að bregðast skynsamlega við. „Ég tel það ekki bara mikilvægt heldur bara nauðsynlegt að auka fjárframlög til löggæslu. Sá peningur gæti farið í að efla löggæslu enn frekar, gera lögreglu sýnilegri til dæmis niðri í bæ, sérstaklega þegar staðir eru að loka. Tökum sem dæmi menningarnótt, þar er gæsla mjög sýnileg. Svo þarf klárlega líka að skipta út úreltum myndavélum fyrir nýrri. Það þarf líka að bæta lýsingu á götum bæjarins og í almenningsgörðum.

Klambratún þarf á lýsingu að halda. Svo er þetta líka undir okkur sjálfum komið, passa upp á hvert annað, skipta sér af þegar manni finnst það eiga við og bara vera til staðar fyrir hvert annað. Við þurfum líka að vera dugleg að fræða ungmennin okkar um að bera virðingu fyrir hvert öðru.“

TANJA M. ÍSFJÖRÐ

## Óttinn hamlar



Tanja segist alla tíð hafa verið hrædd við að vera ein á gangi. Þegar hún mætir manneskju á gangi í myrkri óttast hún oft hið versta og hefur því stundum hundana sína með og gerir ráðstafanir. Talar í símann og er tilbúin í átök. „Manneskja sem veit kannski ekki einu sinni af mér,“ segir Tanja og lýsir óttatilfinningunni.

„Ég fæ verk í brjóstið, finn hjartað slá hraðar. Stundum verður erfitt að anda og ég finn fyrir dofa í höndum og fótum, jafnvel svimar mig og verður óglatt. Ég svitna, finn hvernig hendurnar verða kaldar. Þetta eru allt kvíðaeinkenni. Ég, 21 árs ung kona, fæ kvíðaeinkenni við það að fara út með hundana mína í göngutúr. Eðlilegt? Nei,“ segir Tanja.

Hún segist sjaldan fara út að skemmta sér í miðborginni vegna hræðslu. Sá ótti er rökstuddur með slæmri reynslu.

„Í eitt skipti nýtti maður sér sér ölvun mína og reyndi að ná mér inn á klósett á veitingastaðnum Austur. Ég náði sem betur fer að brjótast burt frá honum og vinkona mín kom mér í öruggar hendur. Eftir það hef ég því miður alltaf tamið mér að vera umkringd vinum og labba aldrei ein. Það er eitthvað sem á ekki að líðast.

Að mínu mati á maður ekki að kenna börnunum sínum að passa sig – heldur á að kenna þeim að brjóta ekki á öðrum. Þannig að núna er ég í þversögn við sjálfa mig og get engan veginn ákveðið hvernig skilaboðum ég á að koma til dóttur minnar þegar að því kemur,“ segir hún og gefur dæmi um það hvernig óttinn hamlar henni að njóta þess að vera ein.

„Ég get ekki hlustað á tónlist þegar ég labba ein, hvort sem það er í göngutúr með hundana mína eða heim af djamminu. Ég þarf að vera viðbúin öllu, geta hlustað eftir hljóðum – svo lítið sem hljóð í trjánum veldur mér þvílíkum ugg og eitthvað af ofantöldum kvíðaeinkennum gerir viðvart við sig.“






## Þarf að ráðast að rótinni Kynferðisofbeldi

„Rannsóknir sýna að kynferðisleg áreitni og hættan á kynferðislegu ofbeldi er raunveruleiki í lífi meirihluta ungra kvenna. Líkamlegt öryggi er undirstaða annarra mannréttinda og sá sem upplifir stöðuga ógn nýtur ekki fullra lífsgæða eða réttinda. Mismunandi hópa þarf að verja með mismunandi hætti og frekar en að umræðan snúist um nauðsyn þess að fylgjast með ofbeldinu hlýtur verkefnið að vera það að leysa ógnina, kynferðisofbeldið sjálft. Öryggismyndavélar á fjölförnum stöðum þjóna ekki öryggi þeirra sem eru í mestri hættu á fáförnum svæðum. Það er mikilvægt að geta upplýst glæpi en best væri að koma í veg fyrir glæpina og til þess þarf ekki stöðugt eftirlit heldur markvissar aðgerðir og fræðslu. Vissulega þarf ýmsar aðgerðir í almannarými en þörfin er mest í inni á heimilinu, fjarri myndavélunum. Flestir kynferðisglæpir gerast í heimahúsi á milli fólks sem þekkist og í fjórum af hverjum fimm tilfellum er a.m.k. einn aðilinn ölvaður. Það má fækka kynferðisbrotum með því að fræða um skýr samskipti og virðingu, til að tryggja upplýst samþykki í kynlífinu. Ef við eigum að vera örugg og njóta öryggistilfinningar þá þurfa ríki, borg og borgarar að sameinast um að forgangsraða öryggisaðgerðum út frá raunverulegri hættu og líkum á árangri. Allra árangursríkast er einfaldlega það að við tökum ábyrgð saman á forvörnum og öryggi hvert annars.“



Þórlaug Ágústsdóttir Pírati. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> ALLRA ÁRANGURSRÍKAST ER EINFALDLEGA ÞAÐ AÐ VIÐ TÖKUM ÁBYRGÐ SAMAN.

# FRÁBÆR VIRKNI AF BIO-KULT

**Icecare kynnir** Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Ragna Lóa mælir með Bio-Kult Original sem hefur reynst henni vel. Hún náði sér af magakveisu með hjálp þess og finnst meltingin almennt vera betri.



Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. MYND/STEFÁN

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því áður," segir Ragna Lóa.

### MÆLIR MEÐ BIO-KULT

Árangurinn lét ekki á sér standa og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum þá verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott," lýsir hún og bætir við að það eigi sérstaklega við þegar fólk sé undir álagi því þá eflir Bio-Kult varnir líkamans. „Ég mæli með Bio Kult Original, það hefur reynst mér mjög vel."

### GOTT FYRIR MELTINGUNA

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract og með Bio-Kult Original, báðar tegundir hafa reynst mér vel," segir Margrét.

### BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar.

> Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott.
>
> Ragna Lóa Stefánsdóttir




**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.**

IceCare
Þín heilsa

## AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

**Inniheldur**
sæbjúgu, vatnsrofin þorskprótín, túrmerik, D vítamín , C vítamín og mangan.






*Snorri Snorra*
*„Virkar vel á mína liði"*

## AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

**Inniheldur**
vatnsrofin þorskprótín, glúkómannan og króm-pikkólínat.






*Guðrún Lilja*
*„Finn góðan mun á mér"*

## AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

**Inniheldur**
einungis vatnsrofin þorskprótín úr villtum íslenskum þorski.






*Guðjón Ágúst*
*„Mun kraftmeiri í ræktinni"*

# ER BJARTSÝN Á FRAMHALDIÐ

Nýkjörinn forseti Alþingis, Unnur Brá Konráðsdóttir, hlakkar til nýrra verkefna samfara nýju starfi. Hún er mikill aðdáandi hljómsveitarinnar Dimmu, sefur ekki út um helgar og fær sér helst ís með karamellusósu á nammidögum.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var fyrr í vikunni kjörin forseti Alþingis. Hún hefur setið á Alþingi síðan 2009 og setið í fjölda nefnda þess, þ. á m. sem formaður allsherjarnefndar á síðasta kjörtímabili. Nú taka hins vegar nýir tímar við en meðal verkefna Unnar sem forseti Alþingis er að stjórna þinghaldi, ákveða dagskrá þingfunda, hafa frumkvæði að því að semja starfsáætlun Alþingis og að koma fram fyrir hönd Alþingis á opinberum vettvangi.

Hún segir nýja starfið leggjast vel í sig og hún hlakkar mikið til að takast á við verkefnin fram undan. „Helstu áskoranirnar fram undan eru að ná að stýra þinginu á farsælan hátt þannig að störf þingsins gangi vel fyrir sig og skili árangri fyrir fólkið í landinu. Þar reynir á samstarf þeirra sem sæti eiga á þingi og ég hlakka mest til að takast á við það að ná góðu samstarfi.“

Fjölmargir nýir þingmenn náðu kjöri í síðustu alþingiskosningum auk þess sem nýr stjórnmálaflokkur, Viðreisn, er kominn fram á sjónarsviðið. Andinn á Alþingi er því með aðeins öðrum blæ en áður en starfið fer vel af stað að




„Mín reynsla af starfi hér á Alþingi er sú að það er vel hægt að ná fram góðum málum í samstarfi ólíkra flokka. Vilji er allt sem þarf,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, nýkjörinn forseti Alþingis. MYND/EYÞÓR

sögn Unnar. „Mér finnst andinn vera góður hér á Alþingi. Þingmenn eru ánægðir með að vera loks komnir til starfa eftir hlé og almennt sýnist mér þeir óþreyjufullir eftir því að fá að koma góðum verkum af stað. Mörg ný andlit eru í flokki þingmanna en ég er svo lánsöm að þekkja allnokkur þeirra. Verkefni næstu daga er svo það að ná að kynnast þeim enn betur.“

Stjórnarmyndun tók óvenjulangan tíma eftir síðustu kosningar. Eftir að ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar var mynduð fyrr í þessum mánuði hófst vinnan fyrir alvöru. En hvernig tilfinningu hefur nýr forseti Alþingis fyrir þinginu fram undan? „Ég er bjartsýn og trúi því að allir þingmenn séu tilbúnir til að láta verkin tala og hafi vilja til þess að láta gott af sér leiða. Mín reynsla af starfi hér á Alþingi er sú að það er vel hægt að ná fram góðum málum í samstarfi ólíkra flokka. Vilji er allt sem þarf.“

**Hvernig er draumahelgin?** Hún inniheldur samverustundir heima með fjölskyldunni og fjallgöngu.

**Hver er uppáhaldshelgarmaturinn?** Lambahryggur eins og mamma gerði hann.

**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?** Grafinn lax, eggjahræra og smjörkaffi.

**Sefur þú út um helgar?** Nei, ég er með lifandi vekjaraklukku í svefnherberginu sem þarf að fá að borða og sér um að vekja okkur.

**Hvaða bók er á náttborðinu?** Verjandinn eftir Óskar Magnússon, stórbónda í Fljótshlíð.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Manninum mínum og krökkunum.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?** Á sparidegi er heimabökuð gulrótarkaka, sjónvarpskaka eða góð terta.

**Vakir þú fram eftir?** Nei, ekki ef ég kemst hjá því.

**Hvers konar líkamsrækt stundar þú?** Ég er að synda núna en bíð spennt eftir að geta farið að lyfta aftur. Hnébeygja er uppáhaldsæfingin mín.

**Hvaða tónlist hlustar þú á?** Dimmu, alltaf Dimmu.

**Ertu með nammidag?** Laugardagar eiga að vera nammidagar. Þá fær maður ís með karamellusósu.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

NÁMSKEIÐ Í FORELDRAHÚSI
STATTU MEÐ ÞÉR
BETRI LÍÐAN
Skráningar á www.foreldrahus.is



STATTU MEÐ ÞÉR - SJÁLFSSTYRKING FYRIR BÖRN OG UNGLINGA
FYRIR BÖRN OG UNGLINGA 10 - 16 ÁRA
Hópunum skipt niður; 5. og 6. bekkur saman, 7. bekkur og síðan 8. - 10. bekkur. Kynjaskipt frá 7. bekk og uppúr. Miðað er við 12 skipti (vikur) fyrir 5. - 6. bekk og 7. bekk og 10 skipti (vikur) fyrir 8. - 10. bekk. Hefjast mánudaginn 30. og 31. janúar nk. Frístundakortin gilda.
Skráningar á www.foreldrahus.is

BETRI LÍÐAN - BETRA LÍF
UNGLINGANÁMSKEIÐ
Megin markmið námskeiðsins er að hlúa að og byggja upp sjálfsskilning, tilfinningalæsi, samskiptafærni, úthald, einbeitingu og ábyrgð. Námskeið fyrir unglinga 15 -18 ára sem eru í vanda varðandi líðan og/eða hegðun. Hefst mánudaginn 30. janúar nk. Tími: mánudagar kl. 18.15 - 20.15. í Foreldrahúsi. Frístundakortin gilda.
Skráningar á www.foreldrahus.is

NÝTT
SJÁLFSSTYRKING Í GRUNNSKÓLUM
SÉRSNIÐIN NÁMSKEIÐ FYRIR SKÓLA
Hægt er að setja þessi námskeið upp í hvaða grunnskóla sem er, sniðið að sérþörfum hvers skóla sem valáfangi eða skyldufag. Umsjón með námskeiðunum er í höndum Elísabetu Lorange (824 6441).

Dregur úr kvíða eflir sjálfstraust og félagsleg tengsl

STERKARI FORELDRAR
Námskeið fyrir foreldra/forráðamenn
Lengd námskeiðs: 7 vikur. Fer fram einu sinni í viku og verður á miðvikudögum kl. 19.00 - 21.00, hefst 15. febrúar nk.
Skráningar á www.foreldrahus.is

ENN ERU LAUS SÆTI
www.foreldrahus.is

FORELDRAHÚS
FORELDRA síminn 581 1799
www.foreldrahús.is www.vimulaus.is
Suðurlandsbraut 50 - 108 Reykjavík Bláu húsunum 511 6160
forvarnir | ráðgjöf | hópar | viðtöl | fræðsla | námskeið





# ÞREYTT Á AÐ VERA ÞREYTT?

**Járnskortur getur verið ein ástæðan.**
**Floradix hjálpar þér að viðhalda góðri heilsu og heilbrigði.**

**Engin aukaefni!**




**Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og betri matvöruverslunum**

OptiBac probiotics






## Anna G. Steinsen

heilsumarkþjálfi, þjálfari, fyrirlesari og jógakennari

Ég hef notað Optibac probiotics extra strength og finn heilmikinn mun á mér þegar ég tek inn þessa góðgerla daglega.

Ef ég borða mjólkurvörur eða glútein þá finn ég fyrir óþægindum í ristlinum, ef ég tek Optibac probiotics daglega þá líður mér miklu betur og er ekki eins þaninn.

Lykilatriði að taka inn góða gerla og Optibac hentar mér frábærlega, ég mæli eindregið með Optibac probiotics vörunum. Aukin vellíðan og minni óþægindi.

Fæst í apótekum og heilsubúðum    www.facebook.com/optibaciceland

PRENTUN.IS












Verk Laufeyjar heitir Heima er best og fjallar um rannsóknir leikhópsins RaTaTam á heimilisofbeldi.

# LJÓSMYNDAVERK UM SÁRA REYNSLU

Útskriftarsýning Ljósmyndaskólans verður opnuð í dag. Umfjöllunarefnin eru meðal annars ofbeldi, missir og einsemd.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is



Heimilisofbeldi, föðurmissir, kynþroski ungra stúlkna og einmanaleiki eru meðal umfjöllunarefna útskriftarsýningar Ljósmyndaskólans sem verður opnuð í dag í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi

Að þessu sinni útskrifast sjö nemendur sem takast á við ýmis aðkallandi málefni í verkum sínum.

Laufey Elíasdóttir, ljósmyndari og leikkona, er ein þeirra sem eiga verk á sýningunni. „Við erum búin að vera að vinna þessi verk frá því síðastliðið vor. Við ákváðum sjálf hvaða málefni við tækjum fyrir og það er tilviljun að við kjósum öll að vinna með aðkallandi mál í verkum okkar. Það er ekki ákveðið þema, þetta gerðist bara óvart. Ég er sjálf hluti af RaTaTam leikhópnum sem var á sama tíma að vinna leikverkið SUSS! en það er byggt á viðtölum sem leikhópurinn tók við gerendur, þolendur og aðstandendur heimilisofbeldis. Ég vann þessi tvö verkefni samhliða, því það vakti áhuga minn að fanga á filmu andrúmsloftið, ógnina og einsemdina sem fylgir ofbeldinu.“

Auk Laufeyjar sýna Gríma Kristinsdóttir, Hafsteinn Viðar Ársælsson, Hanna Siv Bjarnardóttir, Elma Karen, Steve Lorenz og Þórdís Ósk Helgadóttir verk sín. Þrjú verkanna fjalla um einmanaleikann sem margir telja hinn raunverulega faraldur samtímans, önnur um sára persónulega reynslu.

„Elma Karen er að vinna með ofbeldi á börnum. Verkin hennar eiga rætur í persónulegum áföllum en á sama tíma segja þau líka sögur fjölmargra annarra. Þórdís byggir verk sitt á þeirri staðreynd að pabbi hennar féll fyrir eigin hendi. Það eru svona þyngstu málin þó auðvitað vegi hin verkin líka þungt. En okkur liggur öllum eitthvað á hjarta.“

Þó umfjöllunarefnin eigi það sameiginlegt að vera brýn segir Laufey nálgun nemendanna ólíka, bæði hvað varðar efnistök og tækni. „Hafsteinn velur til dæmis að gera myndirnar svarthvítar en svo er allt hitt í lit.“

Verður hægt að eignast þær myndir sem grípa augað? „Já, það er hægt að kaupa myndirnar á sýningunni, bæði myndaraðir og einstakar myndir og svo vonum við auðvitað að einhver sjái verkin og vilji sýna þau annars staðar.“

Námið í Ljósmyndaskólanum er tvö og hálft ár og krafist er stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar. „Þetta er þétt nám, bæði verklegt og bóklegt og við þurfum einnig að skrifa ritgerðir og greinargerðir. Við fáum mjög alhliða faglega menntun í skólanum. Skólinn er í samstarfi við virta ljósmyndaskóla í Bournemouth og Glasgow og eiga nemendur Ljósmyndaskólans möguleika á að ljúka þar BA-gráðu eða jafnvel að hefja nám á MA-stigi.“

**Sýningin er opnuð í dag og stendur yfir í Lækningaminjasafninu til 12. febrúar. Þar er opið frá fimmtudegi til sunnudags kl. 12.00-18.00.**



Hinn þögli faraldur eftir Elmu Katrínu fjallar um ofbeldi gegn börnum.

> Það er tilviljun að við kjósum öll að vinna með aðkallandi mál í verkum okkar. Það er ekki ákveðið þema, þetta gerðist bara óvart. Ég er sjálf hluti af RaTaTam leikhópnum sem var á sama tíma að vinna leikverkið SUSS! en það er byggt á viðtölum sem leikhópurinn tók við gerendur, þolendur og aðstandendur heimilisofbeldis.
>
> Laufey Elíasdóttir



ÍSTAK

ÍSTAK er leiðandi verktakafyrirtæki sem leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og sanngjarna samkeppni á markaði.

ÍSTAK annast verkefni eins og byggingar, virkjanir, álversframkvæmdir, hafnarframkvæmdir auk vega- og brúargerðar.
ÍSTAK hefur verið leiðandi í íslenskum verktakaiðnaði í yfir 40 ár og hefur haft mikil áhrif á þróun mannvirkja á Íslandi sem og erlendis.
ÍSTAK er hluti af dönsku verktakasamstæðunni Per Aarsleff Holding A/S sem starfar á alþjóðavettvangi og er skráð á hlutabréfamarkað í Danmörku.

Starfsmenn ÍSTAKS eru um 270, þeir hafa fjölþætta þekkingu og reynslu. Starfsmennirnir, reynsla fyrirtækisins, ásamt víðtækum stuðningi eiganda gerir ÍSTAK að leiðandi verktaka á Íslandi, með frumkvæðið í fyrirrúmi.

ÍSTAK annast verkefni af mörgum stærðum og gerðum innan bygginga- og mannvirkjagerðar ásamt því að starfrækja vélsmiðju og steypueiningaframleiðslu. Starfsemi ÍSTAKS er aðallega á Íslandi en einnig með áherslu á Grænland og Færeyjar.

# Aðstoðarframkvæmdastjóri

ÍSTAK óskar eftir að ráða í stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra. Um nýtt starf er að ræða en aðstoðarframkvæmdastjóri er staðgengill framkvæmdastjóra. Hann situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og tekur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun ásamt daglegri stjórnun. Leitað er að öflugum aðila í krefjandi stjórnunarstarf, þar sem frumkvæði, samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín.

**Starfssvið**

- Þátttaka í daglegum rekstri og stjórnun fyrirtækisins
- Stefnumótun og innleiðing stefnu
- Þróun og innleiðing ferla

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af stjórnunarstörfum í verktakastarfsemi kostur
- Styrkleikar á sviði stefnumótunar, reynsla af innleiðingu stefnu og ferlum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði, metnaður og geta til að vinna í hópi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veita:**

**Þórir Þorvarðarson**
thorir@hagvangur.is

**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

KS Kaupfélag Skagfirðinga

Kaupfélag Skagfirðinga svf. er samvinnufélag í blönduðum rekstri. Stærsti hluti starfseminnar er í matvælaiðnaði. Félagið rekur meðal annars mjólkurafurðastöð og kjötafurðastöð, auk annarrar matvælaframleiðslu og þjónustustarfsemi.

# Markaðs- og þróunarstjóri matvæla

Kaupfélag Skagfirðinga á Sauðárkróki óskar að ráða í starf markaðs- og þróunarstjóra. Um nýtt og krefjandi starf er að ræða þar sem gefst tækifæri til að móta og þróa nýjar og spennandi leiðir í vöruþróun. Leitað er að frumlegum og sjálfstæðum aðila sem er tilbúinn í þær áskoranir sem framundan eru hjá fyrirtækinu.

**Helstu verkefni:**

- Hugmyndasköpun, gerð markaðs- og þróunaráætlana
- Stýring vöruþróunarteymis
- Markaðsgreining
- Markaðssetning innanlands og erlendis

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Nám erlendis mikill kostur
- Haldbær reynsla af markaðsmálum og viðskiptaþróun
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Frjó og skapandi hugsun, áræðni, frumkvæði, víðsýni og sjálfstæð vinnubrögð

**Upplýsingar veita:**

**Þórir Þorvarðarson**
thorir@hagvangur.is

**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700


HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Stapi lífeyrissjóður

# Fjölbreytt skrifstofustarf

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Sjóðurinn er með skrifstofur á Akureyri og Neskaupstað. Starfið heyrir undir skrifstofustjóra.

Umsóknarfrestur

**9. febrúar**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4465**

Starfssvið

- Umsjón með sjóðfélagalánum.
- Ráðgjöf til viðskiptavina.
- Aðstoð og afleysing í bókhaldi.
- Verkefnastjórn í lífeyrisdeild.
- Kynningar- og vefmál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, háskólamenntun kostur.
- Reynsla af bókhaldi kostur.
- Reynsla af umsýslu lánamála kostur.
- Góð færni í íslensku og ensku.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.

Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 180 milljarða króna í eignum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrútafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, m.a. sjávarútvegi, verslun, þjónustu og iðnaði. Starfsmenn Stapa eru 15 talsins og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og Neskaupstað.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

# Export Manager

Opportunities with Coca Cola European Partners Iceland
As an export manager at CCEP Iceland you will have a unique opportunity to develop new business and lead the fastest growing part of our portfolio. The export manager is a new role within our organisation and will as such be responsible for developing the export function and defining priorities. The export manager will be responsible for developing existing partnerships we have in foreign markets as well as exploring new opportunities.

The main export focus will be on our beer brands, including Viking – the strongest beer brand in Iceland.

The export manager reports to the sales- and marketing director and plays a key role in the sales and marketing team.

For more information please contact

Einar S. Magnússon

*framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs*
*esm@ccep.is*

## Job related tasks:

- Developing relationships with partners in current export markets
- Analysing opportunities in new markets
- Defining export product portfolio, pricing strategy, building presentation material, defining internal processes – building the foundation for successful export business.
- Capitalising on knowhow and network of CCEP
- Negotiations with partners in export markets
- Meetings and presentations to potential partners and customers abroad
- Participating in operational and strategic planning
- Demand planning and responsibility of internal processes related to export

## To be successful in this role:

Higher education is strongly preferred, but proven experience would compensate this, especially in exporting Icelandic products or alcoholic beverage business. You have experience in developing business in foreign markets. You are organized, self-motivated and enthusiastic to grow our business and represent our brands and company abroad. You have excellent communication and negotiation skills, and speak and write fluent English. Skills in other languages are an advantage. This role will be based in Iceland, but demands extensive travel abroad.

## In addition, we want you to:

- Be a person who actively seeks personal learning and development
- Represent CCEPs values and act as an ambassador for the company.
- Have a strong focus on diversity and inclusion

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík
525 2500
Info@ccep.is

**Please apply at www.ccep.is**
**Application deadline is February 10th, 2017**

Rio Tinto

# Verkefnastjóri

Rio Tinto

Rio Tinto á Íslandi hf. óskar eftir að ráða í spennandi og krefjandi starf í alþjóðlegu umhverfi.

Verkefnastjóri tilheyrir hópi verkefnastjóra og stýrir fjölbreyttum verkefnum á tæknisviði.

Umsóknarfrestur
**8. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4464**

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Verkefnastjórnun
- Útboðsgerð
- Gerð kostnaðar- og verkáætlana
- Eftirlit með framkvæmdum
- Eftirlit með verkfræðilegri hönnun
- Samskipti m.a. við verksfræðistofur og verktaka
- Náið samstarf við framleiðsludeildir og móðurfélag varðandi greiningu, framkvæmd og afhendingu verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur
- Verk- eða tæknifræðimenntun, rafmagns- eða vélaverkfræði kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Reynsla af áætlanagerð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Forstöðumaður fjárreiðusviðs

fjs Fjársýsla ríkisins

Fjársýsla ríkisins óskar að ráða öflugan og traustan forstöðumann í nýtt áhugavert og krefjandi starf við fjárreiðusvið. Fjárreiðusvið er nýtt svið innan Fjársýslunnar sem m.a. sinnir verkefnum sem áður heyrðu undir tekjusvið og ríkisfjárshirslu. Næsti yfirmaður er fjársýslustjóri.

Um er að ræða kjörið tækifæri fyrir einstakling sem hefur náð góðum árangri í starfi og langar í nýjar faglegar áskoranir og spennandi framtíðarstarf. Lögð er áhersla á góðan starfsanda og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

Umsóknarfrestur
**13. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4459**

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Forysta við uppbyggingu og þróun fjárreiðusviðs.
- Daglegur rekstur og stjórnun sviðs.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Markmiðasetning og umsjón með umbótaferlum.
- Þátttaka í stjórnunarteymi Fjársýslunnar.
- Samskipti við viðskiptamenn sviðsins og helstu birgja.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á því sviði æskileg.
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Leiðtogahæfileikar og færni í samskiptum.
- Reynsla af fjárstýringu, bókhaldi og uppgjöri.
- Reynsla af verkefnastjórnun, gæðamálum og breytingastjórnun.

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Nánari upplýsingar má sjá á vefsíðu Fjársýslunnar www.fjs.is.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# FLÜGGER - KEFLAVÍK

Flügger

**Flügger óskar eftir að ráða sölumann til starfa í verslun sína í Keflavík.**
Í starfinu felst afgreiðsla, þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina, dagleg umhirða verslunarinnar auk annars sem tilheyrir starfinu. Leitað er að ábyrgum, traustum og þjónustuliprum einstaklingi sem hefur gaman af þjónustu og er með mikla hæfni í samskiptum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-18:00 og annan hvern laugardag frá klukkan 10:00-15:00.

Flügger á Íslandi rekur 6 verslanir víðs vegar um landið en höfuðstöðvarnar eru í Danmörku og eru verslanir Flügger rúmlega 550. Verslanirnar eru staðsettar í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Póllandi, Íslandi og í Kína. Flügger byggir afkomu sína á sölu til fagmanna og hjá Flügger starfa málarar og málarameistarar með mikla reynslu auk starfsmanna sem koma að þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

SÆKJA UM

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigríður Björnsdóttir, agla@radum.is. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

ráðum ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Kaffitár leitar að **framúrskarandi stjórnendum** á nýjan veitingastað í Perlunni



Kaffitár

Kaffitár hefur um árabil boðið Íslendingum og gestum landsins upp á úrvals kaffi og kruðerí.

Í vor mun Kaffitár opna nýtt kaffihús á 4. hæð og glæsilegan veitingastað á 5. hæð í Perlunni. Með þetta stórfenglega útsýni yfir Reykjavíkurborg og nágrenni ætlum við að skapa notalega bistro stemmningu og bjóða upp á íslenskan mat í skemmtilegri framsetningu auk úrvals af íslenskum bjór og drykkjum.

Við leitum nú að hugmyndaríkum og öflugum stjórnendum til að þróa og leiða þennan nýja veitingastað, sem hefur ekki enn fengið nafn, í einstöku húsnæði Perlunnar sem á sér engar hliðstæður í heiminum.

## Yfirmatreiðslumaður

**Ábyrgðarsvið**
- Yfirumsjón með eldhúsi
- Þróun matseðils
- Vöruþróun

**Hæfniskröfur**
- Matreiðslumeistari
- Stjórnunarreynsla
- Frumkvæði
- Sköpunarkraftur

## Rekstrarstjóri

**Ábyrgðarsvið**
- Daglegur rekstur og stjórnun
- Birgðahald
- Eftirlit með gæðamálum
- Þróun og stefnumótun
- Áætlanagerð

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði rekstrar
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla
- Frumkvæði og drifkraftur
- Samskiptahæfileikar
- Leiðtogahæfileikar

## Þjónustustjóri

**Ábyrgðarsvið**
- Yfirumsjón og skipulag á þjónustu í sal
- Þjálfun
- Starfsmannamál
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af stjórnun í veitingasal
- Skipulagshæfileikar
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði
- Fáguð framkoma og rík þjónustulund

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Upplýsingar veita:
**Geirlaug Jóhannsdóttir - geirlaug@hagvangur.is**
**Rannveig J. Haraldsdóttir - rannveig@hagvangur.is**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar**

# ÞG VERK

www.tgverk.is



**ÞG Verk óskar eftir smiðum, múrurum, verkamönnum og handlöngurum til starfa. Mikill kostur ef hægt er að hefja störf sem fyrst.**

- Frábær starfsandi og starfsmannafélag
- Fyrsta flokks starfsmannaaðstaða
- Mjög góð verkefnastaða næstu árin
- Öruggt og traust fyrirtæki

**Tökum einnig á móti iðnnemum í fjölbreytt störf.**

- Víðtæk reynsla af öllum byggingarstigum
- Mikil þekking og öflug leiðsögn
- Tækifæri á að vinna sig upp innan fyrirtækisins
- Vönduð og örugg vinnuaðstaða



2016

Framúrskarandi fyrirtæki

**ÞG Verk - þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði síðan 1998**

Félagið er byggt upp á traustum grunni og hefur staðið af sér öll áföll í íslensku efnhagslífi sem og íslenskum byggingariðnaði og starfar enn á upprunalegri kennitölu. Markmið félagsins hefur ávallt verið að skila góðu verki til sinna viðskiptavina á íbúðamarkaði sem og útboðsmarkaði, að stunda traust og örugg viðskipti og uppfylla væntingar viðskiptavina.

Fasteignakaupendur og fjárfestar stórframkvæmda eiga að gera kröfu um framúrskarandi verkgæði, áreiðanleika og fagmennsku.

ÞG Verk hefur hlotið viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi 2016.





Vinsamlega sendið inn umsókn á www.tgverk.is - Fyrirtækið - Starfsumsókn

ÞG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400







# Sumarstörf hjá Hrafnistu

## Finnst þér meira gaman að vinna með fólki en vélum?

Sumarstarfsfólk óskast til starfa hjá Hrafnistu Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og í Reykjanesbæ. Hrafnista er vinnustaður þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar. Gott vinnuumhverfi stuðlar að því að hæfileikar sérhvers starfsmanns njóti sín. Lágmarksaldur umsækjenda er 17 ára.

**Hæfniskröfur:**
- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi
- Jákvæðni og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta

**Óskum eftir að ráða í sumar:**
- Starfsfólk í aðhlynningu
- Hjúkrunarfræðinga /-nema
- Læknanema
- Sjúkraliða/-nema
- Félagsliða
- Starfsfólk í borðsal
- Starfsfólk í ræstingu

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar. Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is og á heimasíðu Fast ráðninga, www.fastradningar.is. Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552 1606. Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt með því að fylla út umsóknarform á www.fastradningar.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur
Garðabær | Reykjanesbær

Reykjavíkurborg
Menningar og ferðamálasvið

## Viltu vera góður gestgjafi ferðamanna í Reykjavík?

**- Menningar- og ferðamálasvið -**
**Vaktstjóri á Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík.**

Höfuðborgarstofa leitar a ð öflugum og metnaðarfullum einstaklingi með ríka þjónustulund í stöðu vaktstjóra á Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Leitað er að aðila sem hefur áhuga á að taka þátt í að leiða upplýsingamiðstöðina inn í nýja tíma. Í samráði við deildarstjóra hefur viðkomandi umsjón með daglegri þjónustu og upplýsingagjöf í miðstöðinni, samskiptum við samstarfsaðila, bókunum og sölu og umsýslu með Gestakorti Reykjavíkur.

Áherslur starfsins byggja á Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlun Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

**Starfið krefst:**
- Menntunar sem nýtist í starfi. Menntun á sviði ferðamála og/eða leiðsögumannanám er ótvíræður kostur.
- Góðrar tungumálakunnáttu, íslensku, ensku og þriðja tungumáls auk færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekkingar og áhuga á ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.
- Frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, sannfæringarkrafts og jákvæðni.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og ríkrar þjónustulundar.
- Áhuga á menningu, listum og borgarlífi.
- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum.
- Góðrar almennrar tölvukunnátta.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Karen María Jónsdóttir, deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík, karen.maria.jonsdottir@reykjavik.is, sími 411 6015.
Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

***Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyra menningarstofnanir Reykjavíkurborgar; Borgarbóksafn Reykjavíkur - menningarhús, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur. Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan, rekur upplýsingamiðlun til ferðamanna og sér um skipulag og framkvæmd stærstu borgarhátíðanna í Reykjavík.***




Kraftur hf. er elsta fyrirtæki landsins á sínu sviði.

**Við leitum að sölumanni fyrir MAN atvinnubíla og Bucher götusópa og vetrarþjónustutæki.**

Starfið er krefjandi, fjölbreytt og spennandi fyrir aðila, með áhuga á vörubílum og tækjum.
Sölumaður þarf að sækja nokkur námskeið erlendis í skamman tíma í senn.

**Hæfniskröfur:**

- Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur og þjónustulundaður, snyrtilegur og með góða samskiptahæfileika.
- Góð kunnátta í bæði íslensku og ensku, bæði talmál og ritmál
- Góð tölvukunnátta
- Viðkomandi þarf að hafa meirapróf hvort sem þau réttindi eru til staðar núna eða verður aflað síðar.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **krafttur@kraftur.is**

KRAFTUR HF.
1966-2016

ráðum
ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




Libra
Við breytum fjármálaþekkingu í hugbúnað

Libra er ört vaxandi hugbúnaðarhús með um 40 manns í vinnu, sem er að bæta við sig fólki til að leysa skemmtileg og krefjandi verkefni fyrir viðskiptavini okkar.

Við höfum á undanförnum 20 árum verið leiðandi í smíði hugbúnaðar fyrir íslenskan fjármálamarkað en Libra hugbúnaður er í notkun hjá flestum fyrirtækjum og stofnunum á þeim markaði.

Hjá okkur muntu fást við krefjandi verkefni í samhentum hópi sérfræðinga sem leggur áherslu á gott skipulag og stöðugar umbætur.

Við erum með ánægt og hæft starfsfólk og vinnum náið með viðskiptavinum okkar.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015 — Framúrskarandi fyrirtæki

Libra ehf. hefur undanfarin ár verið á meðal efstu fyrirtækja á lista VR yfir **Fyrirtæki ársins** auk þess sem styrkleikamat Creditinfo hefur skilað okkur titlinum **Framúrskarandi fyrirtæki** undanfarin sex ár.

## Vörustjórnun - fjárfestingabankalausnir

**Starfssvið**

- Vörustjórnun á Libra hugbúnaði á fjárfestingabankasviði
- Skilgreining verkefna tengdum vörum á fjárfestingabankasviði
- Stuðningur við verkefnahópa og þjónustu er varðar vörur á fjárfestingabankasviði
- Þátttaka í mótun stefnu í þróun á Libra hugbúnaði

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða, viðskiptafræða eða sambærileg menntun
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Þekking á Libra hugbúnaði er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hópi

Vinsamlegast merkið umsóknina ,,Vörustjórnun"

## Ráðgjöf og þjónusta

**Starfssvið**

- Þjónusta og ráðgjöf við Libra hugbúnað
- Þátttaka í innleiðingu Libra hugbúnaðar hjá viðskiptavinum
- Prófanir á Libra hugbúnaði
- Samskipti við notendur um virkni hugbúnaðarins
- Þátttaka í greiningu á þróun Libra hugbúnaðar

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærileg menntun
- Rík þjónustulund og góð samskiptafærni
- Þekking og/eða reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- Þekking á Libra hugbúnaði er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hópi

Vinsamlegast merkið umsóknina ,, Ráðgjöf og þjónusta"

## Forritari – hugbúnaðarþróun

**Starfssvið**

- Greining, hönnun, forritun og prófun á Libra hugbúnaði

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af SQL, .NET og C# æskileg
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hópi

Vinsamlegast merkið umsóknina ,,Forritari"

## Vefforritari

**Starfssvið**

- Greining, hönnun, forritun og prófun á Libra veflausnum
- Þátttaka í mótun stefnu í vefforritun

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af JavaScript, HTML og CSS
- Þekking á React með Redux er kostur
- Þekking á ASP.NET og ASP.NET MVC er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hópi

Vinsamlegast merkið umsóknina ,,Vefforritari"

Starfsumsókn og ferilskrá sendist á robert@librasoft.is fyrir 13. febrúar. Nánari upplýsingar eru fúslega veittar í síma 595-8760. Við bendum einnig á frekari upplýsingar og umsóknarform á **www.librasoft.is**

# SÉRFRÆÐINGUR Í UMBÓTASTJÓRNUN




Ölgerðin leitar að jákvæðum og áreiðanlegum einstaklingi til að sinna starfi sérfræðings í umbótastjórnun á Samskiptasviði. Starfið felur í sér verkefnastjórnun á umbótum Ölgerðarinnar og mun viðkomandi starfa náið með stjórnendum og starfsfólki á öllum sviðum Ölgerðarinnar.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**

- Rekstur á stýrikerfi umbóta hjá Ölgerðinni
- Samþætta starfsemi fyrirtækisins með straumlínustjórnun og ferlagreiningu
- Verkefnastýring

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af umbótastjórnun og eða ferlagreiningu er kostur
- Góð samningatækni, samskiptahæfni og sannfæringargeta
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk.
Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON




# DEILDARSTJÓRI MÚRDEILDAR

Múrbúðin óskar eftir að ráða í starf deildarstjóra múrdeildar. Helstu verkefni eru ráðgjöf, þjónusta og sala á múrefnum til einstaklinga og fagaðila.

**Hæfniskröfur:**

- Þekking á múrefnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Þarf að geta unnið undir álagi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á byggingarvörum

Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2017. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið *haraldur@murbudin.is*

MÚRBÚÐIN

Háskólinn á Akureyri
1987-2017



# Lektor í íþróttafræði

Háskólinn á Akureyri auglýsir lausa 100% stöðu lektors í íþróttafræði við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs

Leitað er að sérfræðingi í íþróttafræði til starfa við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Öll rannsókna- og kennslusvið sem tengjast íþróttafræði og kennd eru á íþróttakjörsviði koma til greina. Starfsstöðin er á Akureyri.

Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf ekki síðar en 1. ágúst 2017. Ráðningartími er tímabundinn til fimm ára í samræmi við reglur nr. 258/2016 um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Framgangur í stöðu dósents eða prófessors kemur til greina við ráðningu hafi umsækjandi til þess hæfi að mati dómnefndar.

Helstu verkefni eru rannsóknir og umsjón kennslu í sérnámskeiðum íþróttakjörsviðs við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Næsti yfirmaður er formaður kennaradeildar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Umsækjandi skal hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á fræðasviðinu, staðfest með áliti dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi leyfisbréf til kennslu.
- Umsækjandi skal sýna fram á hæfni til að kenna og stunda rannsóknir á háskólastigi á framangreindum sviðum. Þekking á menntunarfræði er æskileg.
- Kennslureynsla á háskólastigi og/eða reynsla af vísindastörfum er kostur, sem og reynsla af kennslu á öðrum skólastigum.
- Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni.
- Við mat á umsóknum er tekið mið af hversu vel viðkomandi uppfyllir þarfir kennaradeildar.

## Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2017

Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið starfsumsokn@unak.is.
Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Bragi Guðmundsson, formaður kennaradeildar, sími 460 8559, netfang bragi@unak.is.

Nánari upplýsingar um fylgigögn umsókna, laun og meðferð umsókna er að finna á www.starfatorg.is og á vef Háskólans á Akureyri.

www.unak.is/lausstorf

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um laus störf.

Reykjavíkurborg
Menningar og ferðamálasvið

# Kannt þú kúnstina að markaðssetja menningu?

## Menningar- og ferðamálasvið Verkefnastjóri – Menningarkort og safnbúðir menningarstofnana Reykjavíkur

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem vill starfa að menningarmálum og býr yfir þekkingu á markaðs- og sölumálum.

Umsækjandi þarf að hafa hæfni og getu til að leiða þróun, markaðssetningu og sölu á Menningarkorti Reykjavíkur og efla safnbúðir menningarstofnana Reykjavíkur með það að leiðarljósi að auka sýnileika, veltu og framlegð.
Í starfinu felst greining, þróun, kynning og markaðssetning, umsjón með og þróun vöruvals í safnbúðunum.
Verkefnastjórinn starfar náið með stofnunum sviðsins, með birgjum, hönnuðum, söluaðilum o.fl.

**Starfið krefst:**

- Háskólamenntunar sem nýtist í starfi.
- Þekkingar og reynslu af markaðssetningu, kynningar- og sölumálum.
- Reynslu af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Reynslu af smásölu eða umsjón með vöruvali og hönnun er kostur.
- Frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum, hugmyndaauðgi auk góðra skipulagshæfileika.
- Umtalsverðrar kunnáttu í markaðssetningu á samfélagsmiðlum og auglýsinga.
- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum.
- Mikillar færni í mannlegum samskiptum og ríkrar þjónustulundar.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Huld Ingimarsdóttir skrifstofustjóri rekstrar og fjármála huld.ingimarsdottir@reykjavik.is.
Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is.

**Umsóknarfrestur er til og með13. febrúar nk.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

***Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyra menningarstofnanir Reykjavíkurborgar, Borgarbóksafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Höfuðborgarstofa sem jafnframt tilheyrir sviðinu sinnir ferða- og markaðsmálum og sér um framkvæmd ýmissa stórra borgarhátíða.***

MAX1
BÍLAVAKTIN

## MAX1/Vélaland óskar eftir bílaviðgerðarmanni

**MAX1, Jafnarseli 6 óskar eftir öflugum bílaviðgerðarmanni til starfa sem fyrst**

**Í STARFINU FELLST M.A:**
- Vinna við bílaviðgerðir
- Vinna við dekkjaþjónustu
- Ráðgjöf til viðskiptavina

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Leitum að manni með reynslu af bílaviðgerðum m.a. smurningu, bremsuviðgerðum og dekkjaskiptum
- Gilt bílpróf
- Góða þjónustulund
- Íslensku- og enskukunnátta

Vinnutími er alla virka daga frá 8:00–17:00 og laugardaga skv. vaktaplani frá kl. 9:00–13:00.

Umsóknarfrestur er til 10. febrúar.

Sæktu um á: www.max1.is




# RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR FORD

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Ford að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

### STUTT LÝSING Á STARFI
- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

### HÆFNISKRÖFUR
- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími 07.45-17.00 virka daga og einstaka laugardaga frá 11.30-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 6. febrúar.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

Rio Tinto




# Sumarstörf í Straumsvík

**Við leitum að öflugu starfsfólki í fjölbreytt sumarstörf hjá Rio Tinto á Íslandi hf. sem rekur álverið í Straumsvík.**

» Kerskáli, steypuskáli, skautsmiðja og efnisvinnsla
» Rannsóknarstofa
» Framleiðsluskipulag, öryggisdeild, birgðahald og innkaup
» Verkstæði
» Ýmsir aðrir vinnustaðir

Hjá Rio Tinto er aðallega unnið á þrískiptum eða tvískiptum vöktum en einnig í dagvinnu. Öll störf henta jafnt körlum og konum. Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og markvissa þjálfun í upphafi starfstíma.

**Hæfniskröfur:**
» 18 ára og eldri
» Bílpróf er skilyrði og lyftarapróf er kostur
» Sterk öryggisvitund
» Stundvísi, frumkvæði og nákvæmni
» Þarf að gangast undir læknisskoðun og standast lyfjapróf
» Hreint sakavottorð
» Iðnmenntunar er krafist í störf á verkstæði eða að viðkomandi sé í iðnnámi

Sumarstörf eru á tímabilinu 15. maí til 1. sept. eða eftir samkomulagi. Umsóknum skal skilað á www.riotinto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar.**

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.
Okkar gildi eru: ábyrgð, heilindi, virðing og samvinna.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotinto.is




# HÁSKÓLI ÍSLANDS AUGLÝSIR EFTIR LÖGFRÆÐINGUM

**Háskóli Íslands auglýsir eftir tveimur öflugum lögfræðingum í fullt starf á skrifstofu rektors.** Lögfræðingarnir starfa að fjölbreyttum verkefnum og í starfi þeirra reynir á flest réttarsvið lögfræðinnar. Þeir koma fram fyrir hönd Háskóla Íslands við úrlausn stjórnsýslumála og annarra lögfræðilegra viðfangsefna. Auk þess veita þeir stjórnendum innan Háskóla Íslands, á fræðasviðum, í deildum, miðlægri stjórnsýslu og í stofnunum Háskólans, aðstoð og ráðgjöf. Lögð er áhersla á sterka fræðilega þekkingu, forystuhæfileika og samstarfshæfni.

**MENNTUN, HÆFNI OG REYNSLA:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Afburða þekking á sviði stjórnsýsluréttar og á öðrum sviðum opinbers réttar
- Afburða samskiptahæfni og hæfni til þátttöku og forystu í teymisvinnu
- Sjálfstæði og hæfni til að taka frumkvæði
- Reynsla af lögfræðistörfum í opinberri stjórnsýslu
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Hæfni í ritun lögfræðilegra texta og nákvæmni í vinnubrögðum

**EFTIRFARANDI VERÐUR EINNIG METIÐ:**
- Reynsla af og þekking á málefnum og regluverki háskóla
- Þekking á persónuverndarlöggjöf og upplýsingalögum og reynsla af meðferð slíkra mála
- Gott vald á Norðurlandamáli og fleiri tungumálum
- Málflutningsréttindi eru kostur

Við ráðningu í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

**Umsóknarferli:**
Umsóknarfrestur er til 13. febrúar 2017.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsókn skal send rafrænt inn á www.hi.is/laus_storf.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Blöndal, í síma 525 4228, netfang: elinbl@hi.is

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.starfatorg.is**

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli í fremstu röð. Um 1.500 starfsmenn eru fastráðnir við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 13.000. Háskóli Íslands býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

---

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

Reykjavíkurborg

Langholtsskóli

## Lausar stöður í Langholtsskóla

**Umsjónarkennari á miðstigi.**
Laus er 100% staða umsjónarkennara í miðstigi frá 1. febrúar til 30. apríl 2017.

**Starfsmaður á kaffistofu.**
Laus er staða starfsmanns á kaffistofu starfsmanna. Ótímabundin staða. 100%.

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/laus-storf og hjá Hreiðari Sigtryggssyni skólastjóra í síma 5533188 / 6648280 og á hreidar.sigtryggsson@rvkskolar.is.

---

## Arkþing leitar að góðu fólki



Vegna fjölbreyttra verkefna framundan, leitum við að **Arkitektum og Byggingafræðingum.**
Kunnátta í Revit nauðsynleg.
Við bjóðum upp á skemmtilegan vinnustað með góðum anda þar sem unnið er af metnaði.
Í dag starfa 13 manns hjá fyrirtækinu.

Umóknir með ferilskrá og dæmum um fyrri verk sendist á arkthing@arkthing.is

www.arkthing.is

---

Thrifty



# BÍLSTJÓRI Á NÝJAN BÍLAFLUTNINGABÍL

**Thrifty Car Rental, bílaleiga Brimborgar, leitar að vönum og útsjónarsömum meiraprófsbílstjóra á nýjan bílaflutningabíl leigunnar. Vörubifreiðin er Volvo FH Performance Edition dráttarbíll, 540 hestöfl með I-Shift Dual Clutch og ríkulega búinn. Vagninn tekur allt að 10 bíla í einu.**

**Stutt lýsing á starfi:**
- Meginstarfsstöð bílstjóra er við flugstöðina og í starfinu felst akstur milli starfstöðva leigunnar og þjónustuverkstæða, í Reykjanesbæ, Reykjavík og á Akureyri, ásamt umsjón með bíl, lestun og losun.

**Hæfniskröfur:**
- Við leitum að bílstjóra með meirapróf og réttindi fyrir eftirvagn sem er vanur og útsjónarsamur við frágang á farmi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Vinnutími er alla virka daga frá 08.00-17.00
Nánari upplýsingar um starfið má finna á **www.brimborg.is (laus störf)**
**Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2017**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... HEILL HEIMUR!

### Dagdeild átröskunarteymis geðsviðs

## HEILBRIGÐISMENNTAÐUR STARFSMAÐUR

*Dagdeild átröskunarteymisins er staðsett á Hvítabandi. Megin verkefni starfsmannsins eru að halda utan um meðferðaprógram dagdeildar sem felur í sér m.a. máltíðarstuðning, markmiðasetningu, hópefli, hvatningu og ráðgjöf. Starfið er tímabundin afleysing til eins árs. Starfshlutfall er 80%, dagvinna.*

### Öldrunarlækningar

## SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Vegna aukinna umsvifa í öldrunarlækningum viljum við fjölga í öflugum starfsmannahópi um tvo sérfræðilækna með sérhæfingu í öldrunarlækningum. Starfshlutfall er 100%.*

*Við öldrunarlækningar starfa 16 sérfræðilæknar í öflugu þverfaglegu teymi og í nánu samstarfi við aðrar fagstéttir. Öldrunarlækningar skiptast í bráðaöldrunarlækningar, heilabilunareiningu og almennar öldrunarlækningar, auk læknisþjónustu við hjúkrunarheimili og dagdeildir á höfuðborgarsvæðinu.*

### Líknardeild í Kópavogi

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Deildin er hugsuð fyrir tímabundna innlögn sjúklinga með ólæknandi, langt genginn sjúkdóm og skertar lífslíkur. Markmiðið er að bæta lífsgæði sjúklinga og fjölskyldna þeirra.*

### Hjarta- og æðaþræðingastofa

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Á hjarta- og æðaþræðingastofu eru gerðar hjartaþræðingar, kransæðavíkkanir, gangráðsísetningar, raflífeðlisfræðilegar rannsóknir/ aðgerðir og fleira sem tengist hjartasjúkdómum.*

### Lungnadeild

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG SJÚKRALIÐI

*Deildin er bráðadeild með hágæslurýmum og eina sérhæfða lungnadeildin á landinu. Þar fer fram greining og meðferð á sjúklingum með bráða og langvinna lungnasjúkdóma sem og svefnháða öndunartruflana.*

### Göngudeild geðsviðs

## HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

*Við viljum ráða framsækinn og dugmikinn leiðtoga. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið til 5 ára. Hjúkrunardeildarstjóri hefur þríþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og fjárhagslega ábyrgð.*

*Göngudeild geðsviðs sinnir einstaklingum með alvarlegan geðrænan vanda sem þurfa sérhæfða þjónustu.*

### Sérhæfð endurhæfingargeðdeild Kleppi

## HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

*Við leitum eftir kraftmiklum stjórnanda. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið til 5 ára. Hjúkrunardeildarstjóri hefur þríþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og fjárhagslega ábyrgð.*

*Deildin er 10-11 rúma legudeild og sinnir meðferð ungmenna á aldrinum 18-30 ára sem flest eru greind með geðrofssjúkdóma og fíknivanda.*

### Göngudeild geðsviðs

## YFIRLÆKNIR

*Starf yfirlæknis á göngudeild geðsviðs við Landspítala er laust til umsóknar. Yfirlæknir er leiðtogi og hefur þríþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og rekstrarábyrgð. Auk þess gegnir yfirlæknir mikilvægu hlutverki í kennslumálum og uppbyggingu vísindastarfs. Gerð er krafa um helgun í starfi yfirlæknis. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið til 5 ára.*

*Göngudeild geðsviðs sinnir einstaklingum með alvarlegan geðrænan vanda sem þurfa sérhæfða þjónustu.*

### Svæfingadeild Fossvogi

## HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

*Við sækjumst eftir framsæknum hjúkrunarfræðingi með framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfileika. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið til 5 ára. Hjúkrunardeildarstjóri hefur þríþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og fjárhagslega ábyrgð.*

*Deildin þjónar 8 skurðstofum þar sem framkvæmdar eru bæklunaraðgerðir, æðaaðgerðir, heila-og taugaaðgerðir, lýtaaðgerðir og háls-nef- og eyrnaaðgerðir.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**
WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

# RANNSÓKNARSTOFA

EININGAVERKSMIÐJAN

Við viljum bæta við okkur starfsmanni í fullt starf við steypu- og gæðaeftirlit á rannsóknarstofu. Starfið krefst nákvæmni í vinnubrögðum og skipulags- og samskiptahæfni.

Reynsla af byggingarstörfum er kostur.

Nánari upplýsingar gefur Hreinn í síma 4148775.
Umsóknir óskast sent á hreinn@ev.is

Einingaverkmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbygginga. Innan fyrirtækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkkunnátta í áranna rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjabúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.

## BELLADONNA OG MY STYLE - TÍSKUHÚS

Hefur þú brennandi áhuga á tísku, ert jákvæð með mikla þjónustulund og góða hæfni í mannlegum samskiptum ? Þá erum við kannski að leita að þér, til að hjálpa okkur að þjóna viðskiptavinum okkar betur, sinna almennum afgreiðslustörfum, á kassa og í netverslun, framsetningu vara og útstillingum. Starfshlutfall 50-80%, eingöngu framtíðarstarf í boði.

**UMSÓKNIR ÓSKAST SENDAR Á NETFANGIÐ STELLA@BELLADONNA.IS**

belladonna

## Bifvélavirki hjá HEKLU í Reykjanesbæ



**HEKLA í Reykjanesbæ leitar að kraftmiklum bifvélavirkja.**

**Starfssvið**

- Allar almennar viðgerðir á Skoda, Volkswagen, Audi og Mitsubishi
- Þátttaka í námskeiðum og símenntun á vegum Heklu

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Góð íslensku- , ensku- og tölvukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni
- Brennandi áhugi á bílum, tækni og og nýjungum

Upplýsingar veitir Sigurður P. Sigmundsson, rekstrarstjóri HEKLU í Reykjanesbæ, í síma 864 6766.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.hekla.is**

HEKLA

*Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.*

*Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.*

*Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.*

Sjálfsbjargar HEIMILIÐ
HEIMILI - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ
ENDURHÆFINGARÍBÚÐ - SUNDLAUG
ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

2006 2008 2009 2013 2014

## Ertu sérhæfður starfsmaður, nemandi á heilbrigðissviði eða einstaklingur sem vilt breyta til?



Í boði er aðhlynningarstarf í vetrarafleysingu. Um er að ræða vaktavinnu, fullt starf eða hlutastarf, unnið er aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann sem vinnur frá kl. 8-16 virka daga, hann sér um morgunverð íbúa og ræstir síðan vistarverur íbúa ásamt sameininlegu rými. Við erum sveigjanleg og komum til móts við þig. **Hafðu samband við Guðrúnu Erlu Gunnarsdóttur hjúkrunarforstjóra í síma 5500330 eða gudrun@sbh.is, sem allra fyrst.**

*Í maí 2013, 2009, 2008 og 2006 tóku fulltrúar Sjálfsbjargarheimilisins á móti viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun frá SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu. Í maí 2014 var Sjálfsbjargarheimilið síðan kjörið Stofnun ársins 2014.*







# SÖLUMAÐUR

## Sölumaður óskast í verslun okkar í Kópavogi. Í boði er spennandi og skemmtilegt sölumannsstarf.

**Menntun og reynsla**

- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af sölumennsku er æskileg en ekki nauðsynleg.
- Stundvísi.
- Þekking á pípulagnaefni og hreinlætistækjum er kostur.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi náð 25 ára aldri.
- Áreiðanleiki.

Umsóknarfrestur er til 7. febrúar n.k. - um er að ræða framtíðarstarf.
Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri Tengis - Árni Birgisson í síma 414 1000.
Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið, **atvinna@tengi.is.**

**Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • www.tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • tengi@tengi.is

TENGI

# Rafkaup

## SÖLUMAÐUR Í VERSLUN

**Rafkaup óskar eftir að ráða til sín sölumann í verslun**

Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup, áfylling og fleira. Um fullt starf er að ræða, en hlutastarf kemur til greina.
Vinnutími er virka daga frá kl. 09-18 og einn til tveir laugardagar í mánuði frá kl. 11-16.

**Hæfniskröfur**

Reynsla af verslunarstörfum
Góð þjónustulund
Sjálfstæð vinnubrögð
Stundvísi og gott skipulag
Góð íslenska skilyrði
Góð tölvukunnátta skilyrði

*Viðkomandi þarf að hafa hreint sakarvottorð. Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina. Um framtíðarstarf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.*

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á atvinna@rafkaup.is fyrir 3. febrúar 2017**

*Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði og ljósaperum.*

**Rafkaup hf. - Ármúla 24 - 108 Reykjavík
585 2800 - rafkaup.is**



# Spennandi störf hjá Íslandsbanka

## Sérfræðingur í Vörslu- og uppgjörsþjónustu hjá Viðskiptaveri

Helstu viðskiptavinir Viðskiptavers eru VÍB, Markaðir og Íslandssjóðir

**Helstu verkefni:**

- Innlendar og erlendar fyrirtækjaaðgerðir
- Skráning grunnupplýsinga verðbréfa
- Umsýsla vörslureikninga
- Uppgjör á gjaldeyrisviðskiptum, framvirkum samningum, afleiðum og peningamarkaðslánum
- Skattamál

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af bakvinnslu áðurnefndra verkefna
- Mjög góð enskukunnátta

## Sérfræðingur í skýrslu- og yfirlitagerð auk umbótaverkefna hjá Viðskiptaveri

Helstu viðskiptavinir Viðskiptavers eru VÍB, Markaðir og Íslandssjóðir

**Helstu verkefni:**

- Hönnun og uppsetning verðbréfayfirlita og viðskiptanóta
- Uppsetning á gagnvirkum Excel skjölum
- Umsjón og skráning fjárfestingarstefna og vikmarka
- Lestur úr gagnaveitum inn í gagnagrunna

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af notkun SQL gagnagrunna
- Þekking á hugbúnaði til skýrslugerðar s.s. SSRS, Business Objects og Visual Basic
- Þekking á verðbréfamörkuðum kostur

## Verkefnastjóri í Markaðs- og þjónustumál

Við leitum að öflugri manneskju í fjölbreytt markaðs- og þjónustustarf. Viðkomandi þarf bæði að geta unnið vel í samhentum hópi og tekið sjálfstæða ábyrgð á einstökum verkefnum.

**Helstu verkefni:**

- Þátttaka í framkvæmd markaðsstefnu Íslandsbanka
- Teymisvinna og umsjón með einstökum verkefnum
- Þjónusta og tengsl við viðskiptavini sviðsins

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í markaðsfræðum eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsstarfi

**Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi

**Nánari upplýsingar um störf hjá Viðskiptaveri:**

Kristín Elfa Ingólfsdóttir, forstöðumaður Viðskiptavers
440 4110, **kristin.elfa.ingolfsdottir@islandsbanki.is**

**Nánari upplýsingar um starf í Markaðsdeild:**

Guðmundur Arnar Guðmundsson,
markaðsstjóri 844 2700,
**gudmundur.arnar.gudmundsson@islandsbanki.is**

**Nánari upplýsingar:**

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri
440 4172, **sigrun.olafs@islandsbanki.is**

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Við bjóðum góða þjónustu.** Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. Íslandsbanki er stoltur handhafi **Gullmerkis Jafnlaunaúttektar PwC.** Árið 2016 fékk Íslandsbanki **þekkingarverðlaun FVH** fyrir mannauðsstjórnun og **Hvatningarverðlaun jafnréttismála.**
**Hvað segir fólkið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: **islandsbanki.is** > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn

Íslandsbanki

nettó

# VERSLUNARSTJÓRI NETTÓ HÖFN Í HORNAFIRÐI

Við leitum að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum verslunarstjóra sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.




**STARFSSVIÐ:**

- Ábyrgð á rekstri verslunar.
- Samskipti við viðskiptavini og birgja.
- Umsjón með ráðningum starfsmanna og almennri starfsmannastjórnun.
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun.
- Önnur tilfallandi störf.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Marktæk reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi hjá verslunar og/eða þjónustufyrirtækjum.
- Styrkleiki í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Falur Harðarson, starfsmannastjóri í síma 421 5400.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á umsokn@netto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.**

---

## Sveitarfélagið Ölfus auglýsir laust starf

ÖLFUS

## Laust starf við Þjónustumiðstöð Ölfuss í Þorlákshöfn.

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir laust starf við Þjónustumiðstöð Ölfuss í Þorlákshöfn.

Um er að ræða mjög fjölbreytt starf sem felur í sér þjónustu við stofnanir og íbúa sveitarfélagsins, auk vinnu við nýframkvæmdir og viðhald. Leitað er eftir starfsmanni sem getur sinnt þeim störfum sem kallað er eftir að unnin séu af Þjónustumiðstöðinni.

**Hæfniskröfur:**
- Iðnmenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Stundvísi og almenn reglusemi
- Góð mannleg samskipti

Vinnutíminn er frá 7:30 til 17:00 mánudaga til fimmtudags og 7:30 til 15:45 á föstudögum.

Kaup og kjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Davíð Halldórsson, umhverfisstjóri Ölfuss
í síma 899-0011 eða david@olfus.is

Umsóknum með ferilskrá skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins eða senda í tölvupósti á david@olfus.is. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar.

Öllum umsóknum verður svarað.

---

# Ný störf hjá KS á Sauðárkróki

## Verkefnastjóri viðskiptalausna

**Kaupfélag Skagfirðinga** leitar að einstaklingi til að leiða verkefni sem snúa að þróun og rekstri viðskiptalausna KS. Helstu viðskiptalausnir KS eru Dynamics NAV, BI lausnir og veflausnir.

**Ábyrgð og helstu verkefni:**
- Skipulag á rekstri og þjónustu við viðskiptalausnir
- Leiða vinnu við þarfagreiningar vegna þróunarverkefna, innleiðingar og eftirfylgni
- Innleiðing verkferla og stýring beiðna og verkefna sem snúa að viðskiptalausnum
- Samskipti við þjónustuaðila
- Aðstoð við notendur viðskiptalausna

**Hæfniskröfur:**
- Menntun eða reynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Menntun á sviði viðskipta eða upplýsingatækni æskileg
- Reynsla af bókhaldi mikill kostur
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni og úrvinnslu upplýsinga
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Samstarfs- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veitir **Sigurþór Jónsson**, forstöðumaður upplýsingatækni- og öryggismála. Fyrirspurnum svarað í tölvupósti, sigurthor.jonsson@ks.is eða í síma 455 4518.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2017**
og skulu umsóknir sendast á sigurthor.jonsson@ks.is

## Forritari viðskiptalausna

**Kaupfélag Skagfirðinga** leitar að forritara á viðskiptalausnum KS. Helstu viðskiptalausnir KS eru Dynamics NAV, BI lausnir og veflausnir.

**Helstu verkefni:**
- Forritun á viðskiptalausnum með áherslu á Dynamics NAV
- Aðstoð vegna reksturs og þjónustu viðskiptalausna
- Aðstoð við notendur viðskiptalausna

**Hæfniskröfur:**
- Tölvunar- eða kerfisfræðimenntun eða sambærilegt
- Reynsla af forritun Dynamics NAV eða álíka lausnum
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Samstarfs- og samskiptahæfni

Um ný störf er að ræða og
því tækifæri til að hafa áhrif á mótun þeirra.
Starfsstöð verður á Sauðárkróki.

NÝPRENT ehf. / 012017

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1 550 Sauðárkrókur © 455 4500 www.ks.is



HEGGUR innréttingar

Heggur Ehf óskar eftir starfsmönnum á trésmíðaverkstæði. Vantar starfmann á tölvustýrðann yfirfræsara sem og vanann starfsmann í almenna verkstæðisvinnu. Reynsla og íslenskukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á: heggur@heggur.is

ÁLTAK

## Áltak ehf. Doka Mótaleiga

**Óskum eftir að ráða duglegan og kraftmikinn starfsmann á mótaleigu okkar.**

Starfið felst í afgreiðslu Steypumóta og fylgihluta, yfirferð, þrifum og viðhaldi steypumóta auk tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund
- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi
- Stundvísi
- Hreint sakavottorð
- Góð líkamleg heilsa
- Reynsla af steypumótum kostur
- Lágmarksaldur 22 ára.

Áhugasamir sendið inn umsóknir eða hafið samband við gummi@altak.is **fyrir 10. febrúar.**

# Sérfræðingar í fullorðinsfræðslu

## - SPENNANDI STÖRF -

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. óskar eftir að ráða 1-2 sérfræðinga í störf á sviði fullorðinsfræðslu, einkum við hæfnigreiningar og námshönnun. Um tímabundin störf er að ræða til eins árs en með möguleika á framlengingu.

**Við leitum að jákvæðum og lausnamiðuðum einstaklingum sem hafa:**

- Menntun og reynslu sem nýtist í starfi.
- Reynslu af fræðslumálum.
- Reynslu af verkefnastjórnun.
- Reynslu af að vinna undir álagi og í hópi.
- Rit- og samskiptafærni á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Fræðslumiðstöðvarinnar www.frae.is
Umsóknir sendist á frae@frae.is fyrir 6 feb. nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins. Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur og sérfræðisetur aðila vinnumarkaðarins um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna.

Hjá FA vinna nú 14 starfsmenn, flestir sérfræðingar á sviði fullorðinsfræðslu. Markmið FA er að veita starfsmönnum á vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði og auka þar með samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Haukur 01.17

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**



# FORSTÖÐUMAÐUR EINSTAKLINGSSVIÐS

Nordic Visitor leitar að öflugum aðila til að leiða hóp metnaðarfullra starfsmanna á einstaklingssviði. Um er að ræða stærsta svið fyrirtækisins með yfir 45 starfsmenn og starfsstöðvar í þremur borgum (Reykjavík, Edinborg og Stokkhólmi). Undir það heyrir öll sala á þjónustu beint til einstaklinga í gegnum vefsíður Nordic Visitor.

Starfið er umfangsmikið og viðkomandi aðili mun bera ábyrgð á þróun, skipulagi og verklagi sviðsins. Forstöðumaður heyrir undir framkvæmdastjóra, situr í framkvæmdastjórn og tekur þátt í stefnumótun fyrirtækisins.

### STARFSSVIÐ:

- Umsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri einstaklingssviðs
- Ábyrgð á fjármálum og áætlanagerð einstaklingssviðs
- Starfsmannamál
- Samræming og skipulagning verkferla
- Árangursmælingar og greining sölutækifæra
- Önnur verkefni

### MENNTUNAR – OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti þriggja ára stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, fjármála-, og verkefnastjórnun
- Leiðtogahæfileikar, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni
- Þekking og reynsla af sölustýringu
- Þekking og reynsla af ferðaþjónustu kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í töluðu og rituðu máli

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 6. FEBRÚAR 2017**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðu Hagvangs.**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem hjá Hagvangi *(sverrir@hagvangur.is).*

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda og Skotlands. Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með yfir 100 starfsmenn. Nordic Visitor starfrækir metnaðarfulla mannauðs- og menntastefnu og mikil áhersla er lögð á starfsánægju sem hefur skilað þeim árangri að fyrirtækið hlaut 3 sætið í vinnustaðakönnun VR fyrir árið 2015 og 2016.

nordicvisitor.com

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

NORDIC VISITOR

# Sérfræðingar í fullorðinsfræðslu

## - SPENNANDI STÖRF –

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. óskar eftir að ráða 1-2 sérfræðinga í störf á sviði fullorðinsfræðslu, einkum við hæfnigreiningar og námshönnun. Um tímabundin störf er að ræða til eins árs en með möguleika á framlengingu.

**Við leitum að jákvæðum og lausnamiðuðum einstaklingum sem hafa:**

- Menntun og reynslu sem nýtist í starfi.
- Reynslu af fræðslumálum.
- Reynslu af verkefnastjórnun.
- Reynslu af að vinna undir álagi og í hópi.
- Rit- og samskiptafærni á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Fræðslumiðstöðvarinnar www.frae.is
Umsóknir sendist á frae@frae.is fyrir 6 feb. nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins. Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur og sérfræðisetur aðila vinnumarkaðarins um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna.

Hjá FA vinna nú 14 starfsmenn, flestir sérfræðingar á sviði fullorðinsfræðslu. Markmið FA er að veita starfsmönnum á vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði og auka þar með samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Haukur 01.17

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

---

norden
NordForsk

*NordForsk er en organisasjon under Nordisk ministerråd som tilrettelegger for nordisk forskningssamarbeid. Hensikten er å styrke nordisk forskningssamarbeid og tilføre merverdi til det arbeidet som allerede pågår i de nordiske landene; Finland, Danmark, Sverige, Norge og Island, samt de selvstyrte områdene Færøyene, Grønland og Åland. NordForsks sekretariat har ca. 25 ansatte og er lokalisert sentralt i Oslo. For mer informasjon, se www.nordforsk.org.*

# Seniorrådgiver forskningspolitikk og finansiering

## Har du god forståelse for forskningsfinansiering og interesse for nordisk samarbeid?

NordForsk initierer og administrerer internasjonale forskningsprogrammer. For å sikre godt nordisk forskningssamarbeid, er det viktig for oss med dyktige saksbehandlere som evner å ivareta NordForsks koordinerende rolle og bidra til god og profesjonell drift av organisasjonen.

Som seniorrådgiver innen forskningsfinansiering, koordinerer du noen av Nordens viktigste forskningsprogrammer og får jobbe med ekspertgrupper hvor noen av de tyngste profilene i Norden og Europa inngår.

**Hovedarbeidsoppgaver**

Tilrettelegging for godt strategisk samarbeid med

- institusjoner som finansierer forskning og forskningsinfrastruktur i de nordiske landene
- Nordisk ministerråd
- Forskningsmiljøene
- gjennomføring av søknadsbehandling og prosjektoppfølging
- tilrettelegging av møteplasser og forskningsformidling
- forberedelse av saker til, og oppfølging av vedtak i, NordForsks styre, programkomiteer og andre beslutningsorganer.
- generell rådgivning og saksbehandling

Det kan også bli aktuelt med andre oppgaver innenfor NordForsks ansvarsområde.

Du er en initiativrik person med høyere utdanning (minimum master eller tilsvarende) og minst fem års relevant arbeidserfaring.

**Du må også ha**

- erfaring fortrinnsvis fra forskningsfinansierende institusjoner, men erfaring fra myndigheter, offentlig forvaltning, forskningsinstitusjoner, stiftelser eller organisasjoner kan også være relevant.
- god kjennskap til forskning, forskningsadministrasjon og forskningspolitiske spørsmål
- evne til å arbeide innenfor brede og flerfaglige forskningsfelt, også utenfor ditt eget fagfelt
- evne til å kunne arbeide selvstendig og målrettet, strukturert og nøyaktig, i et internasjonalt og til tider hektisk miljø
- evne til å se NordForsks virksomhet i en forskningspolitisk sammenheng
- gode samarbeidsevner og god rolle- og prosessforståelse
- god formuleringsevne muntlig og skriftlig på engelsk, og kunne lese og forstå minst ett skandinavisk språk.
- gode IKT-ferdigheter og raskt kunne sette deg inn i nye systemer

**Vi tilbyr deg**

- en utfordrende og selvstendig stilling i skjæringsfeltet politikk, forskningspolitikk og forskning
- en stilling i et kompetent og godt fagmiljø
- hyggelige kolleger, et godt internasjonalt arbeidsmiljø og gode velferdstilbud
- lønn etter avtale, medlemskap i Statens pensjonskasse

Noe reising på påregnes.

Den ledige stillingen er en åremålstilsetting for fire år med mulighet for forlengelse i ytterligere fire år i tråd med Nordisk Ministerråds retningslinjer. Statsansatte har krav på tjenestefri for å arbeide i NordForsk. Medarbeidere som rekrutteres fra et annet land enn Norge, har krav på kompensasjon i forbindelse med flytting utenfor hjemlandet. Vi etterstreber en balanse når det gjelder alder, kjønn og nasjonalitet. Arbeidssted er Oslo. Lønn etter avtale.

Nærmere opplysninger om stillingen fås ved henvendelse til organisasjonssjef Eivind Hovden, tlf. +47 9775 8986 eller seniorrådgiver administrasjon, Haukur Stefansson, +47 9305 5131

---

# Ísloft- Blikk & Stálsmiðja ehf

**Óskar eftir eftirfarandi starfsmönnum til starfa:**

- **Blikksmiðum til starfa á verkstæði**
- **Málmiðnaðarmönnum til starfa á verkstæði**
- **Mann vanan element/hitarasmíði**

**Umsóknir sendist í tölvupósti á isloft@isloft.is.**
**Nánari upplýsingar í síma 587 6666.**

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
Bíldshöfða 12, 112 Reykjavík - Sími 587 6666 - Fax 567 3624
isloft@isloft.is - www.isloft.is

---

# Rafvirki óskast

RAFSTÖÐIN Akranesi óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa. Fjölbreytt vinna hjá traustu fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni í síma 898-7687. Umsóknir sendist á netfangið *rafstodin@rafstodin.is*.

RAFSTÖÐIN
RAFVERKTAKAR

---

# SKJALASTJÓRI REYKJAVÍK

VEGAGERÐIN

**Starf skjalastjóra á samskiptadeild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.**

Um er að ræða umsjón með bóka- og skjalasafni Vegagerðarinnar. Starfsmenn í skjalavistun eru þrír og að auki eru starfsmenn staðsettir á nokkrum stöðum á landsbyggðinni sem annast skjalaskráningu undir leiðsögn skjalastjóra.

**Starfssvið**

- Skipulag og umsjón skjalavistunar auk framkvæmd verkefna því tengdu.
- Skráning á skjalagögnum í Reykjavík
- Umsjón og rekstur bókasafns
- Öflun upplýsinga og umsjá kaupa á bókum, tímaritum og öðru eftir þörfum
- Ráðgjöf og aðstoð við starfsmenn

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- BA- Bókasafns- og upplýsingafræði
- Reynsla af skjalavörslu
- Reynsla af skjalavistunarkerfinu GoPro er kostur
- Skráningarréttindi í Gegni er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar og rík þjónustulund

**Starfið hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2017.**

Umsóknir berist mannauðsstjóra á netfang oth@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg M. Pálsdóttir í síma 5221000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Félagsþjónustusvið Seltjarnarnesbæjar auglýsir eftir:

**Stuðningsfjölskyldu**

Auglýst er eftir traustu og jákvæðu fólki til að sinna hlutverki stuðningsfjölskyldu. Hafir þú áhuga á mannlegum samskiptum og gefandi verkefnum þá er hlutverk stuðningsfjölskyldu áhugavert tækifæri til að láta gott af sér leiða. Hlutverk stuðningsfjölskyldunnar felst í því að taka fatlað barn í sína umsjá nokkra sólarhringa í mánuði með það að markmiði að létta álagi á fjölskyldu.

**Félagslegri liðveislu**

Einnig er auglýst eftir áhugasömum aðilum til að sinna félagslegri liðveislu, vinnutími fer eftir samkomulagi. Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að aukinni félagslegri virkni. Um er að ræða hlutastörf sem geta hentað fólki með öðrum störfum eða námsfólki. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um störfin veita Jódís Bjarnadóttir yfirfélagsráðgjafi **(jodis@seltjarnarnes.is)** og Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri **(snorri@seltjarnarnes.is)** eða í síma 5959100. Hægt er að sækja um störfin á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir **www.seltjarnarnes.is** – Störf í boði

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólasérkennari í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í leikskólann Efstahjalla
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Marbakka
- Matráður í leikskólann Urðarhól

**Grunnskólar**
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla

**Velferðasvið**
- Fagaðili í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

## JARÐVAL

**Óskum eftir vönum véla- og tækjamönnum, einnig vantar verkamenn**

Mikil vinna framundan. Umsóknir má senda til arni@jardval.is eða í síma: 848 3537 Árni.

## HERTEX
Hjálpræðisherinn

Fata og Nytjamarkaður

**Hertex Vínlandsleið** óskar efitr starfsmanni í 50% starf, með möguleika á auknu starfshlutfalli, í skemmtilegt og hugmyndaríkt starfsmannateymi Hertex.

Starfið felst í akstri, að sækja húsgögn og tæma fatagáma, afgreiðsla og ýmsum tilfallandi störfum.

Æskilegt er, að þú sért jákvæð/ur, sért lausnamiðaður/uð og hafir áhuga á að vinna með mjög fjöl-breyttum hópi af fólki.

Ráðning sem fyrst. Upplýsingar gefur Dorthea Dam, verkefnastjóri Hertex, í sími 859-0517. **Umsóknum með ferilskrá skal skila á netfangið dorthea@herinn.is** eða skila í verslun okkar að Vínlandsleið 6-8, 113 Reykjavík fyrir 10. febrúar 2017.

## VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

Við leitum að metnaðarfullum, drífandi og skipulögðum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Góð kunnátta á öllum helstu tölvuforritum og mjög góð hæfni í íslensku og ensku er skilyrði.

### SÉRFRÆÐINGUR Á REKSTRARSVIÐI

Helstu verkefni eru þátttaka í stefnumörkun og uppbyggingu á gæða- og öryggismálum sviðsins. Ritun verklagsreglna og vinnuleiðbeininga í flugvernd. Utanumhald þjónustusamninga og starfsleyfisskyld gögn sviðsins.

**Hæfniskröfur:**
- Lögfræðimenntun eða sambærileg háskóla menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í íslenskri textagerð og framsetningu efnis
- Geta sett fram flókið viðfangsefni á árangursríkan hátt
- Þekking og reynsla tengd gæðakerfum er kostur

**Umsóknarfrestur:** 9. febrúar

### STARFSMENN Í REKSTRARSTJÓRNSTÖÐ

Helstu verkefni eru úthlutun á flugvélastæðum og brottfararhliðum, eftirliti á kerfum rekstrar-stjórnstöðvar og farangurssal Keflavíkurflugvallar. Um er að ræða framtíðar- og sumarstörf í krefjandi umhverfi, unnið er á dag- og næturvöktum. 20 ára aldurstakmark. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í apríl eða maí.

**Hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af upplýsingakerfum er kostur
- Þekking og reynsla af starfsemi flugvalla er kostur

**Umsóknarfrestur:** 26. febrúar



**Dagný** starfar hjá farþegaþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

# GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

## Ert þú ástríðufullur grafískur hönnuður/margmiðlari?

Við leitum að þér sem ert með menntun /reynslu í umbroti, grafískri hönnun og vefumsjón.

Þú hefur auga fyrir góðri hönnun, formi og skapandi lausnum.
Vinnur vel undir álagi og hefur tamið þér gott skipulag og öguð vinnubrögð.
Þú ert forvitinn og úrlausnagóður leikmaður sem virkar vel í teymi.
Hefur brennandi áhuga á og jafnvel reynslu í hreyfigrafík og gott vald á íslensku og textauppsetningu.

Við erum auglýsingastofa með margvísleg verkefni bæði fyrir prent og stafræna miðla. Við erum árangursdrifinn hópur sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytileg verkefni og veita framúrskarandi persónulega þjónustu.

Sendu okkur línu á box@frett.is merkt „Nýtt starf“

**Við hlökkum til að fá þig í hópinn.**

## Íslensk erfðagreining

er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma. Fyrirtækið býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.



# Tæknimaður óskast til starfa

Við leitum að tæknimanni til starfa í tækniþjónustudeild. Deildin samanstendur af öflugu og úrræðagóðu teymi sem sér um uppsetningu, forritun, viðhald og þjónustu á rannsóknartækjum og húskerfum fyrirtækisins. Tækni í erfðarannsóknum þróast hratt og því þarf starfsemi deildarinnar að geta tekið sífelldri þróun og tekist á við skemmtilegar áskoranir.

**Helstu verkefni:**
- Almennt viðhald og tækniþjónusta rannsóknartækja
- Uppsetning nýrra tækja
- Innleiðing og þróun tæknilegra verkferla
- Bilanagreining og viðgerðir

Umsóknir skulu fylltar út á www.decode.is fyrir lok dags 30.janúar 2017.

**Umsókn skal fylgja ferilskrá og stutt kynningarbréf.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Æskilegt er að námi í rafeindavirkjun og/eða rafmagnstæknifræði sé lokið. Sé metnaður og brennandi áhugi á margvíslegum tækjum og tækjaforritun fyrir hendi þá er menntun ekki aðalatriði
- Reynsla af bilanagreiningu og almennum tækjaviðgerðum æskileg
- Góð tölvu- og enskukunnátta nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni er skilyrði

**Nánari upplýsingar veitir:**
starfsmannastjóri í síma 570 1900

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

www.decode.is



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-0342

# Viltu ganga til liðs við Valitor?

## Fulltrúi í posaþjónustu

Valitor óskar eftir að ráða fulltrúa í posaþjónustu á Fyrirtækjasviði.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
// Uppsetning og viðhald á posum
// Þjónusta við söluaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
// Reynsla og brennandi áhugi á tæknimálum
// Iðnmenntun eða próf í raf- eða tæknigreinum er mikill kostur
// Grunnþekking á netkerfum er nauðsynleg
// Reynsla af uppsetningu verslunarkerfa er kostur
// Samstarfs- og aðlögunarhæfni, jákvæðni og þjónustulund er nauðsynleg
// Geta til að vinna undir álagi og í vaktavinnu
// Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Umsóknarfrestur er til og með **5. febrúar** nk. Umsóknir óskast fylltar út á **www.valitor.is**

Umsóknum þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Nánari upplýsingar veitir **Bjarni F. Bjarnason**, hópstjóri posaþjónustu.
Sími: **525 2000**
Netfang: **bjarni@valitor.is**

**Valitor** er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar; frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR




MUNCK

**Munck Íslandi** (LNS Saga) var stofnað í október 2013 sem dótturfélag norska félagsins Leonhard Nilsen & Sønner AS, LNS AS Noregi. Munck Gruppen Danmörku keypti LNS Saga af LNS AS í desember 2016. Nú heitum við Munck Íslandi.

Munck Íslandi er öflugt íslenskt verktakafyrirtæki sem hefur metnaðarfullt starfsfólk. Stjórnendateymi fyrirtækisins hefur haldgóða og fjölbreytta reynslu af stjórnun stórra verkefna bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

## > Verkefnastjóri/Staðarstjóri

Óskum eftir metnaðarfullum einstaklingi með starfsreynslu í faginu. Starfið felur í sér m.a. að stýra liðsheild og verkefnum á verkstað. Ábyrgð á áætlunum t.d. kostnaðar-gæða- og tímaáætlunum.

## > Staðarverkfræðingur

Óskum eftir metnaðarfullum einstaklingi sem m.a kemur að tæknilegum verkefnum á verkstað, samskiptum við verkkaupa, birgja og undirverktaka.

## > Starfsmaður á gæðasviði

Óskum eftir metnaðarfullum einstaklingi til að gegna starfi gæðastjórnunaraðila með áherslu á innleiðingu og kennslu á Procore verkefnastjórnunarhugbúnaði ásamt því að annast faglegar úttektir á byggingarverkum fyrirtækisins.

## > Öryggisfulltrúi/Tæknimaður

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í öryggisteymi fyrirtækisins sem m.a. sinnir þróun öryggisstjórnunarkerfis og innleiðingar í Procore, úttekt og eftirlit öryggismála á verkum.

## > Véltæknifræðingur/Vélaverkfræðingur

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í stöðu tæknimanns á stál- og vélasmíðasvið fyrirtækisins sem m.a. sinnir daglegum tæknistörfum og úttektum á gæðum stálsmíði og vélavinnu.

**Munck Íslandi** > Hlíðasmára 4 > 201 Kópavogur > Sími 511 7040 > www.munck.is

> Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi á **www.munck.is** fyrir 5.febrúar 2017. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Meðhöndlun umsókna er trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað. Við hvetjum alltaf fólk af báðum kynjum til að sækja um störf hjá okkur.

**Nánar um störfin eru á heimasíðu fyrirtækisins www.munck.is og mannauðsstjóri Anna María Þorvaldsdóttir á netfanginu hr@lns.is**

# Ert þú með lyftarapróf?

# Are you a qualified forklift operator?

Við leitum að öflugum einstaklingi með lyftarapróf í 100% starf í dreifingarmiðstöð. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Dreifingarmiðstöð ÁTVR sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu í Vínbúðir.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Móttaka og tiltekt vöru
- Almenn lagerstörf og tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Lyftarapróf skilyrði
- Reynsla af sambærilegu kostur
- Vandvirkni og samviskusemi
- Stundvísi og dugnaður

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist.
**Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veita:** Eggert Ó. Bogason, eggert@vinbudin.is, 560 7791 og Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

We're looking for an energetic person for a full-time job in our Center of distribution. Must be able to start work soon. ÁTVR receives and processes stock from suppliers in its Center of distribution and distributes it to Vínbúðin stores.

**Main tasks and responsibilities**

- Receiving and processing stock products
- General warehouse duties as needed

**Skills and attributes**

- Forklift Operator Certification required
- Prior experience is an advantage
- Precision and conscientiousness
- Punctuality and efficiency

The core values of ÁTVR are FLEXIBILITY – KNOWLEDGE – RESPONSIBILITY.
Recruitment for positions at the company take account of these values.

Applicants must have reached the age of 20 and have a clean criminal record.
**Application deadline is the 6th of February, 2017.**
Applications are to be filled out online on **vinbudin.is**

**Further information:** Eggert Ó. Bogason, eggert@vinbudin.is, 560 7791 and Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

ÁTVR operates 50 stores throughout the country with offices and a Center of distribution at Stuðlahals 2. The company strives to be one of the leading service providers in the country and a role model in social responsibility. ÁTVR wants to provide a safe, dynamic and fun workplace where communication is conducted with flexibility, knowledge and responsibility.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

VÍNBÚÐIN




**Strendingur ehf.**
*verkfræðiþjónusta*

# Verkfræðingur

**Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta óskar eftir verkfræðingi / tæknifræðingi til starfa.**

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði, Msc menntun æskileg.
- Reynsla við mannvirkjagerð er kostur en ekki skilyrði.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi ásamt hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi.

Umsóknum skal skilað fyir **8. febrúar 2017** á netfangið strendingur@strendingur.is.

Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta hefur starfað frá 1995 og veitir alhliða þjónustu á sviði byggingarverkfræði. Strendingur ehf er 12 manna vinnustaður í hjarta Hafnarfjarðar. Fyrirtækið hefur unnið samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO9001 síðan 2010.



# HÁSKÓLI ÍSLANDS AUGLÝSIR EFTIR LÖGFRÆÐINGUM

**Háskóli Íslands auglýsir eftir tveimur öflugum lögfræðingum í fullt starf á skrifstofu rektors.** Lögfræðingarnir starfa að fjölbreyttum verkefnum og í starfi þeirra reynir á flest réttarsvið lögfræðinnar. Þeir koma fram fyrir hönd Háskóla Íslands við úrlausn stjórnsýslumála og annarra lögfræðilegra viðfangsefna. Auk þess veita þeir stjórnendum innan Háskóla Íslands, á fræðasviðum, í deildum, miðlægri stjórnsýslu og í stofnunum Háskólans, aðstoð og ráðgjöf. Lögð er áhersla á sterka fræðilega þekkingu, forystuhæfileika og samstarfshæfni.

**MENNTUN, HÆFNI OG REYNSLA:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Afbragðs þekking á sviði stjórnsýsluréttar og á öðrum sviðum opinbers réttar
- Afbragðs samskiptahæfni og hæfni til þátttöku og forystu í teymisvinnu
- Sjálfstæði og hæfni til að taka frumkvæði
- Reynsla af lögfræðistörfum í opinberri stjórnsýslu
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Hæfni í ritun lögfræðilegra texta og nákvæmni í vinnubrögðum

**Umsóknarferli:**

Umsóknarfrestur er til 13. febrúar 2017.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsókn skal send rafrænt inn á www.hi.is/laus_storf.**

**EFTIRFARANDI VERÐUR EINNIG METIÐ:**

- Reynsla af og þekking á málefnum og regluverki háskóla
- Þekking á persónuverndarlöggjöf og upplýsingalögum og reynsla af meðferð slíkra mála
- Gott vald á Norðurlandamáli og fleiri tungumálum
- Málflutningsréttindi eru kostur

Við ráðningu í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Blöndal, í síma 525 4228, netfang: elinbl@hi.is

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.starfatorg.is**

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli í fremstu röð. Um 1.500 starfsmenn eru fastráðnir við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 13.000. Háskóli Íslands býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## NÁMSKEIÐ TIL UNDIRBÚNINGS PRÓFI TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI TIL AÐ VERA HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Prófnefnd samkvæmt reglugerð nr. 1095/2007 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn og lög nr. 93/2004, hefur ákveðið að halda námskeið vorið 2017.

Stefnt er að því að kennsla á fyrri hluta fari fram dagana 13. til 24. febrúar 2017. (Tímar frá 09:15-12:00 og frá 13:15 eða 14:15-17:00 eða 18:00). Jafnframt er stefnt að því að próf í fyrri hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 27. febrúar til 14. mars. Nánari upplýsingar um fjölda kennslustunda og fyrirkomulag kennslu verða kynntar síðar.

Stefnt er að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 21. til 31. mars 2017. Þá er stefnt að því að próf í síðari hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 3. til 7. apríl 2017.

Verklega prófraun skal þreyta eftir að fyrra hluta prófi er lokið og eigi síðar en einu ári eftir að lokið er síðari hluta prófi.

Gjald fyrir þátttöku á fyrri hluta prófraunar er kr. 300.000 og greiðist við skráningu. Gjald fyrir síðari hluta verður ákveðið síðar. Prófgjald er innifalið í námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi á heimasíðu Lögmannafélags Íslands á slóðinni www.lmfi.is. Við skráningu skal leggja fram afrit prófskírteinis eða vottorð háskóla til staðfestingar því að umsækjandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi. Hægt er að senda þær upplýsingar með tölvupósti á netfangið: hjordis@lmfi.is eða senda á skrifstofu Lögmannafélagsins að Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Frestur til að skrá sig á námskeið er til og með 11. febrúar 2017.**

*Innanríkisráðuneytinu 27. janúar 2017*

ráðum ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## JSÓ Járnsmiðja Óðins ehf

Leitar að faglærðum málmiðnaðarmönnum og mönnum með reynslu af stálsmíði.
Starfið felst í fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum.
Sjá heimasíðu fyrirtækisins: www.jso.is
Áhersla er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, létta lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.
Starfið hentar báðum kynjum.

Upplýsingar veitir Daníel Óðinsson s.557-9300

---

Schindler

# Lyftuuppsetning

**Héðinn Schindler lyftur ehf. óskar eftir vélvirkja eða vönum járniðnaðarmanni.**

**Starfssvið:**
Uppsetning á lyftum og rennistigum.
Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.**

---

Reykjavíkurborg
Menningar og ferðamálasvið

## Viltu vera góður gestgjafi ferðamanna í Reykjavík?

**- Menningar- og ferðamálasvið -**
**Vaktstjóri á Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík.**

Höfuðborgarstofa leitar a ð öflugum og metnaðarfullum einstaklingi með ríka þjónustulund í stöðu vaktstjóra á Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Leitað er að aðila sem hefur áhuga á að taka þátt í að leiða upplýsingamiðstöðina inn í nýja tíma. Í samráði við deildarstjóra hefur viðkomandi umsjón með daglegri þjónustu og upplýsingagjöf í miðstöðinni, samskiptum við samstarfsaðila, bókunum og sölu og umsýslu með Gestakorti Reykjavíkur.

Áherslur starfsins byggja á Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlun Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

**Starfið krefst:**
- Menntunar sem nýtist í starfi. Menntun á sviði ferðamála og/eða leiðsögumannanám er ótvíræður kostur.
- Góðrar tungumálakunnáttu, íslensku, ensku og þriðja tungumáls auk færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekkingar og áhuga á ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.
- Frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, sannfæringarkrafts og jákvæðni.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og ríkrar þjónustulundar.
- Áhuga á menningu, listum og borgarlífi.
- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum.
- Góðrar almennrar tölvukunnátta.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Karen María Jónsdóttir, deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík, karen.maria.jonsdottir@reykjavik.is, sími 411 6015.
Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

***Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyra menningarstofnanir Reykjavíkurborgar; Borgarbóksafn Reykjavíkur - menningarhús, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur. Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan, rekur upplýsingamiðlun til ferðamanna og sér um skipulag og framkvæmd stærstu borgarhátíðanna í Reykjavík.***

---

ÁS STYRKTARFÉLAG

# Ás styrktarfélag

## Störf á heimilum fatlaðs fólks

Hlutverk starfsfólks er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða og styðja íbúa í daglegu lífi, innan heimilis og utan.

**Klukkuvellir-Hafnarfjörður**
Starfsmenn óskast til starfa í 20 - 30% störf í vaktavinnu. Nánari upplýsingar veitir Ásta Hrönn Ingvarsdóttir á virkum dögum í síma 551 3700.
Umsóknir sendist á asta@styrktarfelag.is

**Kópavogsbraut-Kópavogur**
Starfsmenn óskast til starfa í 60-70% stöður í vaktavinnu. Einnig vantar í hlutastarf á dagvaktir á virkum dögum. Nánari upplýsingar veitir Hrönn Vigfúsdóttir í síma 555-7015 og 823-1088 á virkum dögum. Umsóknir sendist á *hronn@styrktarfelag.is*

**Kastalagerði-Kópavogur**
Starfsmaður óskast í 51% starf á kvöldin og um helgar. Nánari upplýsingar veitir Lára R. Sigurðardóttir í síma 568-0206 á virkum dögum. Umsóknir sendist á lara@styrktarfelag.is

Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri. Stöðurnar eru lausar strax eða eftir nánara samkomulagi.

Einnig má senda umsókn í gegnum heimasíðu félagsins **www.styrktarfelag.is**

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

---

# Starfsmaður í þjónustuveri

**Við leitum að öflugum einstaklingi í nýtt þjónstuver hjá okkur. Í þjónustuverinu eru 5 starfsmenn sem sinna ýmsum verkefnum en sérstaklega samskipti við viðskiptavini og þjónusta við þá. Vinnutími er frá kl 08:00 til 16:00.**
**Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Starfssvið**
- Tryggja viðskiptavinum okkar bestu mögulega þjónustu.
- Símsvörun og samskipti í gegnum tölvupóst.
- Afgreiðsla fyrirspurna og almenn þjónusta við viðskiptavini.
- Skráning og eftirfylgni pantana.

**Hæfniskröfur**
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á bílum er kostur.
- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til 3. febrúar.**
**Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

---

HEILSUGÆSLAN



# Sérfræðingur í deild rafrænnar þjónustu

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar 100% ótímabundið starf sérfræðings/staðgengils deildarstjóra í deild rafrænnar þjónustu. Deildin heyrir undir svið fjármála og rekstrar á Skrifstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem staðsett er í Álfabakka 16. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 6. febrúar 2017.**

### *Helstu verkefni*

- Notendaþjónusta
- Uppsetning á vél- og hugbúnaði
- Eftirlit með hugbúnaðarleyfum og tölvutækjabókhaldi
- Ráðgjöf við framkvæmdastjórn
- Viðhald á gæðaskjölum DRÞ
- Útkallsþjónusta í neyðartilfellum utan vinnutíma
- Samskipti við sérfræðinga innan og utan stofnunar vegna tölvumála
- Námskeið og fræðsla fyrir notendur
- Staðgengill deildarstjóra

### *Menntunar- og hæfnikröfur*

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærilegt nám og/eða reynsla
- Microsoft námskeið æskileg
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Reynsla af notendaþjónustu
- Góð undirstaða í notkun á upplýsingatækni og tölvubúnaði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, rík þjónustulund og jákvætt hugafar
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð
- Brennandi áhugi á tölvum og tækni

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Fræðagarðs.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is). Nánari upplýsingar veita Jónas Guðmundsson - jonas.gudmundsson@heilsugaeslan.is - 585-1339 og Svava Kristín Þorkelsdóttir - svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is - 585-1317.

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

## SÖLUSTARF-KVENFATAVERSLUN

**Óskum eftir starfskrafti til sölustarfa í verslun okkar.**

Um hlutastarf er að ræða eftir samkomulagi.
Áhugi á tísku og góð færni í mannlegum samskiptum
Ásamt meðmælum nauðsynleg, reykleysi skilyrði.

**Umsóknir sendist laxdal@laxdal.is**

BERNHARÐ LAXDAL

ALÞINGI

## Lögfræðingur

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir lögfræðingum í störf nefndarritara á nefndasviði skrifstofunnar. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

20 11 SJÁVARGRILLIÐ SEAFOOD GRILL 14

Sjávargrillið leitar eftir metnaðarfullum einstaklingum á samning í matreiðslu.

Frekari upplýsingar er að finna í síma 866 5001 eða gustav@sjavargrillid.is

Sjávargrillið • Skólavörðustíg 14 • 101 rvk

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201701/165 |
| Sálfræðingur/heilbrigðisstarfsm. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201701/164 |
| Ljósmóðir | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201701/163 |
| Matráður/aðst.matráður, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201701/162 |
| Starfsmenn í eldhús, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201701/161 |
| Ræsting og þvottahús, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201701/160 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201701/159 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, hjarta- og æðaþræðing | Reykjavík | 201701/158 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, líknardeild | Reykjavík | 201701/157 |
| Yfirlæknir | Landspítali, göngudeild geðsviðs | Reykjavík | 201701/156 |
| Heilbrigðismenntaður starfsmaður | Landspítali, dagdeild átröskunarteymis | Reykjavík | 201701/155 |
| Forstöðumaður | Fjársýsla ríkisins, fjárreiðusvið | Reykjavík | 201701/154 |
| Forstöðumaður | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201701/153 |
| Forstöðumaður | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201701/152 |
| Geislafræðingur, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201701/151 |
| Aðstoðarmaður í mötuneyti | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201701/150 |
| Sérfræðingur við launarannsókn | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201701/149 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201701/148 |
| Starfsmaður við aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201701/147 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201701/146 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201701/145 |
| Fulltrúi í NorType | Samgöngustofa | Reykjavík | 201701/144 |
| Sérfræðingur í forvörslu | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201701/143 |
| Verslunarstjóri | ÁTVR, Vínbúðin | Vík | 201701/142 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Lífvísindasetur | Reykjavík | 201701/141 |
| Sjúkraflutningamenn, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201701/140 |
| Félagsráðgjafi | Landspítali, blóð- og krabbameinsl. | Reykjavík | 201701/139 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, göngudeild geðsviðs | Reykjavík | 201701/138 |
| Lögfræðingar | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201701/137 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, endurhæfingargeðdeild | Reykjavík | 201701/136 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, svæfingadeild | Reykjavík | 201701/135 |
| Ráðgjafi fyrir eldri borgara | Þjónustu- og þekkingarmiðstöð | Reykjavík | 201701/134 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, sálfræðideild | Reykjavík | 201701/133 |
| Skjalastjóri | Vegagerðin | Reykjavík | 201701/132 |
| Skrifstofumaður | Hæstiréttur Íslands | Reykjavík | 201701/131 |
| Doktorsnemi í ARCPATH | Háskóli Íslands, Rannsóknasetur | Húsavík | 201701/130 |
| Aðstoð í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201701/129 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201701/128 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201701/127 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201701/126 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, lungnadeild | Reykjavík | 201701/125 |
| Sérfr./staðgengill deildarstjóra | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201701/124 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201701/123 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, lungnadeild | Reykjavík | 201701/122 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, öldrunarlækningar | Reykjavík | 201701/121 |
| Verk- eða tæknifræðingur | Hafrannsóknastofnun | Reykjavík | 201701/120 |
| Sérfræðingur | Hafrannsóknastofnun | Reykjavík | 201701/119 |
| Iðjuþjálfi | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201701/118 |
| Starfsm., tölvu-/upplýsingatæknid. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201701/117 |
| Starfsm., tölvu-/upplýsingatæknid. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201701/116 |

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Talmeinafræðingur

Skólaþjónusta Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu talmeinafræðings. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á starfi í skólum. Í sveitarfélaginu er meðal annars unnið að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, samstarf fagsviða og stofnana, svo sem um þróun úrræða fyrir börn og foreldra. Í Sveitarfélaginu Árborg búa um 8500 íbúar, þar af um 1800 börn í fimm leikskólum og þremur grunnskólum. Hlutastarf kemur einnig til greina.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- ráðgjöf v/talmeina- og málþroskavandamála barna
- skimanir, málþroskagreiningar og talþjálfun barna
- fræðsla fyrir foreldra, börn og starfsfólk skóla
- þverfaglegt samstarf um málefni barna í leik- og grunnskólum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- háskólanám í talmeinafræðum og löggilding v/starfsheitis
- reynsla af starfi með börnum æskileg
- góðir skipulagshæfileikar
- hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918 og thorsteinnhj@arborg.is Áhugasamir geta sent tölvupóst á skolathjonusta@arborg.is eða póst á fræðslusvið Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss. Umsóknarfrestur er til **24. febrúar 2017** og miðað við að ráðið verði í stöðuna frá 1. apríl eða eftir samkomulagi. Starfið hæfir jafnt körlum sem konum. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

# HEGAS ehf.

Smiðjuvegur 1, 200 Kópavogur. Sími 567-0010. Fax 567-0032. www.hegas.is - hegas@hegas.is

## Óskum eftir að ráða starfsfólk

Hegas ehf. heildverslun, er að leita eftir fjölhæfu og áhugasömu framtíðar starfsfólki, ert það þú?
Hvetjum konur jafnt sem karlmenn til að sækja um.

**Starfsvið:**
- Sala og afgreiðsla til viðskiptavina.
- Alhliða ráðgjöf.
- Símasala.
- Almenn tölvukunnátta.

**Hæfniskröfur:**
- Samviskusemi.
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð.
- Jákvæðni og stundvísi.
- Þjónustulipurð.
- Þekking á innréttingum og húsgögnum er kostur

## Tæknimaður

Hegas ehf. heildverslun, óskar eftir starfskrafti til að sinna uppsetningum og viðhaldi á trésmíðavélum og tækjum, einnig tölvu- og rafeindastýrðum trésmíðavélum. Viðkomandi þarf að hafa grunnþekkingu á tölvubúnaði og í lestri á loft- og rafmagnsteikningum þar sem unnið er með rafsegulliða, rafmagnsmótora, loftloka, lofttjakka og stýringar sem og aðrar almennar viðgerðir.

Áhugaverð og krefjandi störf hjá traustu og framsækni fyrirtæki. Upplýsingar um fyrirtækið má sjá á heimasíðunni okkar ***www.hegas.is***

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir fyrir ***10. febrúar 2017*** á netfang ***hegas@hegas.is***

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

KRAFTUR - TRAUST FYRIRTÆKI Í 50 ÁR

# Ert þú góður sölumaður?



Kraftur hf. er elsta fyrirtæki landsins á sínu sviði.

**Við leitum að sölumanni fyrir MAN atvinnubíla og Bucher götusópa og vetrarþjónustutæki.**

Starfið er krefjandi, fjölbreytt og spennandi fyrir aðila, með áhuga á vörubílum og tækjum.
Sölumaður þarf að sækja nokkur námskeið erlendis í skamman tíma í senn.

**Hæfniskröfur:**

- Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur og þjónustulundaður, snyrtilegur og með góða samskiptahæfileika.
- Góð kunnátta í bæði íslensku og ensku, bæði talmál og ritmál
- Góð tölvukunnátta
- Viðkomandi þarf að hafa meirapróf hvort sem þau réttindi eru til staðar núna eða verður aflað síðar.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **kraftur@kraftur.is**

KRAFTUR HF.
1966-2016

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is



# RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR FORD

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Ford að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

## STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

## HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími 07.45-17.00 virka daga og einstaka laugardaga frá 11.30-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 6. febrúar.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

1987-2017

Háskólinn á Akureyri





# Lektor í íþróttafræði

Háskólinn á Akureyri auglýsir lausa 100% stöðu lektors í íþróttafræði við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs

Leitað er að sérfræðingi í íþróttafræði til starfa við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Öll rannsókna- og kennslusvið sem tengjast íþróttafræði og kennd eru á íþróttakjörsviði koma til greina. Starfsstöðin er á Akureyri.

Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf ekki síðar en 1. ágúst 2017. Ráðningartími er tímabundinn til fimm ára í samræmi við reglur nr. 258/2016 um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Framgangur í stöðu dósents eða prófessors kemur til greina við ráðningu hafi umsækjandi til þess hæfi að mati dómnefndar.

Helstu verkefni eru rannsóknir og umsjón kennslu í sérnámskeiðum íþróttakjörsviðs við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Næsti yfirmaður er formaður kennaradeildar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Umsækjandi skal hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á fræðasviðinu, staðfest með áliti dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi leyfisbréf til kennslu.
- Umsækjandi skal sýna fram á hæfni til að kenna og stunda rannsóknir á háskólastigi á framangreindum sviðum. Þekking á menntunarfræði er æskileg.
- Kennslureynsla á háskólastigi og/eða reynsla af vísindastörfum er kostur, sem og reynsla af kennslu á öðrum skólastigum.
- Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni.
- Við mat á umsóknum er tekið mið af hversu vel viðkomandi uppfyllir þarfir kennaradeildar.

## Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2017

Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið starfsumsokn@unak.is.
Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Bragi Guðmundsson, formaður kennaradeildar, sími 460 8559, netfang bragi@unak.is.

Nánari upplýsingar um fylgigögn umsókna, laun og meðferð umsókna er að finna á www.starfatorg.is og á vef Háskólans á Akureyri.

www.unak.is/lausstorf

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um laus störf.

# ÚTBOÐ

Húsfélagið Vesturbergi 78 óskar eftir tilboðum í verk.

Rífa þarf múrhúð og steinull utan af tveimur veggjum og laga steypuskemmdir sem þar eru undir. Laga þarf múrskemmdir á nokkrum stöðum í fjölbýlishúsinu.

**Áhugasamir hafi samband við**
**Pál Kristinsson húsvörð í síma 864 6678**

# ÚTBOÐ

Ný útboð/verkefni í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vogabyggð – svæði 2. Gatnagerð og lagnir Hönnun.** Forval nr. 13842.
- **Sæbraut – hjólastígur. Kringlumýrarbraut Laugarnes.** Útboð nr. 13840.
- **Kirkjugarður Úlfarsfelli – aðkomuvegur.** Útboð nr. 13847
- **Þróttur – Þak á áhorfendastúku.** Útboð nr. 13827.
- **Perlan – Lyftur.** Útboð nr. 13832.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

THE SCANDINAVIA-JAPAN SASAKAWA FOUNDATION

AUGLÝSING UM STYRKI

Íslandsdeild Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation veitir á árinu 2017 nokkra styrki til að efla tengsl Íslands og Japans.

Styrkirnir eru veittir til verkefna í samstarfi eða í tengslum við japanska aðila. Veittir eru m.a. ferðastyrkir, námsstyrkir og styrkir til skammtímadvalar í Japan.

Allar upplýsingar um umsóknarferlið er að finna á heimasíðu Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, www.sjsf.se

Fyrir hönd fulltrúa Íslands í stjórn Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, veitir ritari Íslandsdeildar, Björg Jóhannesdóttir, allar frekari upplýsingar, bjorgmin@gmail.com, sími: 820-5292.

Umsóknarfrestur rennur út 1. mars 2017.

**FISKRÆKTARSJÓÐUR**
**Salmonid Enhancement Fund**

# Styrkir 2017

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknarfrestur um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2017, er til og með 28. febrúar 2017.

Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á http://www.fiskistofa.is undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Höllu Björk Garðarsdóttur, starfsmann Fiskistofu, í síma 569 7900. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á eftirfarandi heimilisfang:

*Fiskræktarsjóður*
*Bt. formanns stjórnar*
*Borgum v/Norðurslóð*
*600 Akureyri*

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Jafnréttissjóður Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki

Í velferðarráðuneytinu er starfræktur Jafnréttissjóður Íslands sem stofnaður var á grundvelli þingsályktunar nr. 13/144 sem samþykkt var í tilefni 100 ára kosningaréttarafmælis íslenskra kvenna. Megintilgangur Jafnréttissjóðs Íslands er að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem efla eiga jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu.

Jafnréttissjóður Íslands nýtur framlaga af fjárlögum í fimm ár, 100 milljónir króna á ári, frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2020. Stjórn sjóðsins ákveður fjölda styrkja og gerir tillögu til félags- og jafnréttismálaráðherra um veitingu þeirra hverju sinni. Úthlutað er úr sjóðnum við formlega athöfn 19. júní ár hvert.

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2017. Gerðar eru skýrar faglegar kröfur til umsækjenda. Niðurstöður verkefna og rannsókna verða gerðar aðgengilegar á vefsvæði Stjórnarráðs Íslands í þeim tilgangi að þær nýtist sem best til framfara á sviði jafnréttismála.

Við úthlutun úr sjóðnum leggur stjórn hans áherslu á að veita fé til verkefna sem:

a. eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti þeirra á vinnumarkaði og í atvinnulífinu,
b. varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af auknu jafnrétti og styrkja jafnrétti á alþjóðavísu, t.d. með kynningu á íslenskum lausnum og áherslu á bætta stöðu kvenna í þróunarlöndum og á norðurslóðum,
c. ætlað er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi,
d. falla undir þróunarverkefni í skólakerfinu sem ætlað er að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pilta og stúlkna, svo sem með aukinni fræðslu í kynjafræðum,
e. eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar samfélagsþátttöku og stjórnmálastarfs og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess,
f. eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð.

Við ákvörðun um styrkhæfi umsókna leggur stjórnin m.a. mat á gæði verkefnis eða rannsóknar, þ.m.t. markmið og skipulag verkefnis, hagnýtingargildi og mikilvægi með tilliti til reglna og markmiða sjóðsins um að auka jafnrétti kynjanna.

**Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 31. mars 2017 kl. 16.00.**

Vakin er athygli á því að umsækjendum er gert að sækja rafrænt um á eyðublaðavef ráðuneytanna á minarsidur.stjr.is. Nánari upplýsingar má finna á vefsvæði ráðuneytisins.

Jafnréttissjóður starfar samkvæmt reglum nr. 965/2016, um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands.

*Velferðarráðuneytinu, 28. janúar 2017*

## Byggðarannsóknastyrkir

**Byggðarannsóknasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna á sviði byggðamála.**

Í umsóknum skal meðal annars koma fram greinargóð lýsing á rannsókninni, markmiðum hennar, ávinningi, nýnæmi og hvernig hún styður við tilgang sjóðsins. Við mat á umsóknum er meðal annars litið til hvernig verkefnið styður við markmið sjóðsins, vísindalegs- og hagnýts gildis þess og hæfni umsækjenda.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, rannsókna-, þróunar- og háskólastofnanir eða aðrir lögaðilar.

Styrkir verða veittir til eins árs. Til úthlutunar eru 10 milljónir. Samkvæmt reglum sjóðsins er miðað við að styrkirnir séu ekki færri en þrír og ekki fleiri en fimm í hvert sinn.

Rafrænt umsóknarform, reglur Byggðarannsóknasjóðs og starfsreglur stjórnar sjóðsins er að finna á vef Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Sveinsdóttir.
Netfang: holmfridur@byggdastofnun.is. Sími 545 8600.

**Umsóknir þurfa að berast Byggðastofnun fyrir miðnætti 8. mars 2017.**

BYGGÐASTOFNUN
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Stjórn Flugþróunarsjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki

Nýlega voru gerðar breytingar á reglum sjóðsins sem fela í sér að nú verða einnig styrkhæf flug sem koma erlendis frá en eru með beinum tengingum við önnur millilandaflug á öðrum flugvelli á Íslandi. Þannig geta flug t.d. sem millilenda á Keflavíkurflugvelli en halda síðan áfram til Akureyrarflugvallar eða Egilsstaðaflugvallar fengið styrk.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel reglur sjóðsins en nánari upplýsingar er hægt að nálgast á anr.is og með því að senda fyrirspurn á postur@anr.is

**Umsóknarfrestur er til 31. mars 2017.**

Umsóknum skal skilað rafrænt á sérstöku umsóknareyðublaði til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á netfangið postur@anr.is.

Umsókn í markaðsþróunardeild skal fylgja lýsing á fyrirhuguðum markaðsaðgerðum.

Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## Styrkir frá NATA

NATA North Atlantic Tourism Association

Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

### TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu í samstarfi landanna þriggja geta sótt um styrki til samstarfsverkefna á eftirfarandi sviðum ferðaþjónustu:

- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til nýsköpunar- og vöruþróunarverkefna
- Til þekkingarheimsókna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðaráætlunar.

### TIL KYNNIS- OG NÁMSFERÐA

Um er að ræða ferðastyrki til þeirra sem vinna að samstarfsverkefnum sem varða tvö af löndunum þremur hið minnsta. Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 1.000 danskar krónur vegna ferða milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar. Ekki eru veittir styrkir vegna gistingar og uppihalds.

Sækja má um styrk til kynnis- og námsferða eftirtaldra:

- Skóla
- Íþróttahópa
- Tónlistarhópa
- Annars menningarsamstarfs

Ítarlegar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum á ensku og dönsku er að finna á vef NATA www.nata.is. Frekari upplýsingar veitir Birita Johansen hjá NATA - nata@industry.fo

**Lokafrestur til að skila umsókn er 22. febrúar 2017**
og mun niðurstaða stjórnar NATA liggja fyrir 4. apríl.
Athugið að verkefni með áætluð verklok fyrir 4. apríl 2017 teljast ekki styrkhæf.
Í ár leggur stjórn NATA sérstaka áherslu á umsóknir sem tengjast sjálfbærri ferðamennsku.

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirkni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlegra hagsmuna að gæta.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Afhending forvalsgagna vegna reksturs veitingaþjónustu

## VEITINGAÞJÓNUSTA Í STÚDENTABRAGGA OG FRUMKVÖÐLASETRI HR Í NAUTHÓLSVÍK

Háskólinn í Reykjavík (HR) auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að reka veitingastarfsemi í stúdentabragga og frumkvöðlasetri sem verið er að endurbyggja rétt ofan við baðströndina í Nauthólsvík, í námunda við háskólabygginguna.

Í húsnæðinu verður félagsaðstaða, almennur samkomustaður, frumkvöðla- og nýsköpunarsetur og veitingasala. Veitingaþjónustan verður bæði fyrir nemendur HR og almenning, m.a. þá sem heimsækja Nauthólsvíkina til baða og útiveru.

Húsnæðið er í heild um 450 fermetrar og til útleigu fyrir veitingaaðila eru um 300 fermetrar auk útisvæðis við suðurhlið. Áætlað er að endurbyggingunni verði lokið um mitt ár 2017 og húsnæðið verði tilbúið til rekstrar um miðjan ágúst, þegar skólastarf hefst.

Fyrirhugað er að velja einn aðila til samstarfs. Við val á samstarfsaðila verður m.a. litið til reynslu, orðspors, fjárhagslegrar stöðu, styrks og trúverðugleika hugmynda um reksturinn. Hugmyndum um rekstur og nánari upplýsingar um viðkomandi rekstraraðila skal skila til HR eigi síðar en 17. febrúar kl. 16.00. Stefnt er að því að velja rekstraraðila fyrir lok febrúar.

**Forvalsgögn verða afhent gegn 5.000 kr. greiðslu í móttöku Háskólans í Reykjavík, Menntavegi 1, frá og með 30. janúar 2017.**

## Læknastofur til leigu

Tvær læknastofur eru til útleigu í Læknastöð Vesturbæjar, Melhaga 20-22. 107 Reykjavík.

Upplýsingar í síma 562 8090 (Helga).

## St.Rv. óskar eftir orlofshúsum

Starfmannafélag Reykjavíkurborgar óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum til leigu og framleigu til félagsmanna sinna. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir komandi sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á strv@bsrb.is fyrir **10. febrúar n.k.**
**Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja:**
- Lýsing á eign og því sem fylgir
- Ástand húss/íbúðar, byggingaár, staðsetning og ljósmyndir
- Stærð og fjöldi svefnplássa
- Mögulegar afþreyingar í næsta nágrenni

**Öllum tilboðum svarað**

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar,
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Sími 525 8330



## Til sölu 141fm atvinnuhúsnæði

Gott atvinnuhúsnæði á Smiðjuvegi.
Góð aðkoma og bílastæði.
Verð 29,5m. Uppl. í síma 698-9030

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

## Bæjahraun 4, Hafnarfjörður - Hótel

**Hraunhamar kynnir:**
**Hótel með 38 herbergjum í lyftuhúsi við Bæjahraun 4 Hfj.**

Frábær staðsetning í bænum.
Um er að ræða þrjá eignarhluta í húsinu, þ.e. eignarhluta 02,02-01 600 fm, eignarhluti 02,01-01 239,5 fm. og eignarhluti 02,03-01 432 fm. samtals stærð því 1.271.5 fm



**Eignin er á þremur hæðum og skiptist þannig:**
**Jarðhæð**: móttaka, 8 rúmgóð herbergi en þau eru öll með baðherbergi og eldhúsi.
**2. hæð**: 15 herbergi, öll með baðherbergi og eldhúsi.
**3.hæð**: 15 herbergi, öll með baðherbergi og eldhúsi.

Eignin er fullbúin. Lyftuhús. Öll leyfi eru til staðar í dag fyrir hótelrekstur.

**Nánari uppl. gefur Helgi Jón Harðarson sölustj. 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson löggildur fasteignasali.**

## Skiltagerð til sölu

Til sölu rótgróin skiltagerð á höfuðborgarsvæðinu með eigin framleiðslu og innflutning. Velta 2016 var 27m + vsk, og góð framlegð. Tryggir viðskiptavinir og góðir vaxtamöguleikar. Verðhugmynd 14m fyrir lager, tæki og viðskiptavild.

**Fyrirspurnir sendist á:**
**Óskar Thorberg Traustason**
**Löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali**
**Fasteignasalan Bær**
**Sími 659-2555. Netfang: oskar@fasteignasalan.is**

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is




ráðum ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF


## Háaleitisbraut 101



**OPIÐ HÚS**
**laugardaginn 28.jan. kl: 13:00 - 13:30**

**Glæsileg 4ra herbergja útsýnisíbúð á 3. hæð**

Samtals 142 fm með bílskúr

Sérsmíðuð eldhúsinnrétting með vönduðum tækjum

Nýuppgert baðherbergið



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **49,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**




## Þrastarás 18,
## 221 Hafnarfjörður

**OPIÐ HÚS Á SUNNUD. 29/1 MILLI KLUKKAN 15.30-16.00**

Snyrtileg 4ra herbergja 110,2 fm íbúð á 2. hæð í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í samliggjandi stofu/borðstofu, eldhús, þrjú herbergi með fataskápum, þvottahús innan íbúðar, forstofu og geymslu og baðherbergi. Rúmgóðar svalir eru út af stofu. Góð staðsetning í rólegu og sérstaklega fjölskylduvænu hverfi þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.
**Verð: 42,9 m**

**Upplýsingar veitir Bryndís Bára sölufulltrúi í síma: 616-8985 eða á netfanginu bryndis@trausti.is og Kristján Baldursson hdl. og löggiltur fasteignasali á netfanginu kristjan@trausti.is**



**Kristján Baldursson**
hdl. og lögg. fast.
sími 867 3040
kristjan@trausti.is



**Bryndís Bára I. Eyjólfsdóttir**
sölufulltrúi
s: 616-8985
bryndis@trausti.is

**TRAUSTI** fasteignasala

**Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is**
**s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík**

## Læknastofur til leigu

Tvær læknastofur eru til útleigu í Læknastöð Vesturbæjar, Melhaga 20-22. 107 Reykjavík.

Upplýsingar í síma 562 8090 (Helga).




**OPIÐ HÚS**
**þriðjudaginn 31. janúar kl 17.00-17.30**

Fallega mikið endurnýjuð og vel skipulögð íbúð í góð húsi við Birkimel

98,6 fm - 3ja herbergja

Aukaherbergi í risi sem getur nýst sem útleigueining

Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla, alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjarins



Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: **48,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**



**OPIÐ HÚS**
**sunnudaginn 29.jan. kl.16:00-16:30**



## Strandvegur 16

Falleg og rúmgóð 124 fm 3ja herb. íbúð á efstu hæð

Mikil lofthæð, gólfsíðir gluggar og fallegt útsýni.

Vandaðar innréttingar og gólfefni, sólríkar svalir

Gott alrými, innfelld lýsing og ljósakerfi.

Eigninni fylgir stæði í bílageymslu



**Atli S. Sigvarðsson**
aðstoðm. fast.
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gh@miklaborg.is

Verð: **53,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

**heimili** fasteignasala
- á traustum grunni



**Bogi Molby Pétursson**
lögg. fasteignasali

## Grensásvegur 3 – Nýtt skrifstofuhúsnæði









**TIL LEIGU**: Skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í borginni. Skrifstofan eru á 2. hæð í enda í nýlega endurbættu húsnæði. Um er að ræða 157 fm með sameign og jafnvel meira. Húsnæðið skiptist í þrjá lokaðar skrifstofur, móttöku, nýtt eldhús og opið rými þar sem möguleiki er á sjö vinnustöðvum (skv teikningu). Bjartar skrifstofur með fjölda glugga. Mögulegt er að bæta við þessa 157 fm ca 25 fm fundarherbergi. Í sameign eru salerni og ræstingageymsla. Ljósleiðari er í húnæðinu og loftræstikerfi, dúkur á gólfum. Hentugt skrifstofuhúsnæði nálægt helstu stofnæðum borgarinnar.
Myndir og teikning á heimasíðu okkar.

**Allar nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali 6993444/Bogi@heimili.is**

**530 6500** **Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is** **530 6500**


ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is








**OPIÐ HÚS**
**Sunnudaginn 29. janúar**
**MILLI KLUKKAN 13-14**

Nýtt í Fossvogi

# Skógarvegur 12-14

Vísindamaðurinn Langley var mun þekktari en hjólhestasmiðirnir Wright-bræður. Þannig höfðu íslenskir blaðalesendur heyrt af flugtilraunum hans þegar árið 1897. Fáeinum vikum fyrir flugferðina í Kitty Hawk 1903 höfðu Langley og félagi hans að sögn náð að slöngva vélknúnu flugfari út í Potomac-ána. Um áratug síðar endurgerðu starfsmenn Smithsonian vélina eftir teikningum Langleys og tókst að fljúga stutta vegalengd. Á þeim grunni lýsti stofnunin því yfir að Langley hefði smíðað fyrstu nothæfu flugvélina.

Wilbur Wright dó langt fyrir aldur fram árið 1912, en Orville bróðir hans lifði áfram til að verja arfleifð þeirra bræðra. Hann og stuðningsmenn hans héldu því fram að vél Langleys gæti ekki talist fullgerð flugvél og hefði verið stórlega betrumbætt við endursmíðina. Hann stóð fyrir sýningum á vél þeirra bræðra, þar á meðal á Vísindasafninu í Lundúnum.

Árið 1942 dró Smithsonian til baka fyrri yfirlýsingu sína um að flugvél Langleys væri sú fyrsta og árið eftir samþykkti Orville Wright að afhenda stofnuninni sína vél til varðveislu. Því samkomulagi fylgdi yfirlýsing um að Smithsonian viðurkenndi Wright-bræður sem frumherja flugsins. Þar með var björninn unninn og í dag hefur hvert skólabarn heyrt bræðranna getið.

En til eru þeir sem telja að með samkomulaginu við Orville Wright hafi Smithsonian dæmt sig úr leik sem óvilhallan matsaðila í málinu. Vél Wright-bræðra er nú um stundir einn vinsælasti sýningargripur stofnunarinnar og því freistandi fyrir sérfræðinga hennar að standa vörð um stöðu hennar sem fyrstu flugvélarinnar.

Samsæriskenningin um hlutdrægni Smithsonian er ofarlega í huga þeirra sem vilja halda á lofti minningu Gustaves Whitehead, vélasmiðs frá Connecticut. Hann fæddist raunar í Þýskalandi og nefndist þá Gustav Weißkopf, en breytti nafninu eftir að hafa flust vestur um haf.

Weißkopf litli varð kornungur heillaður af flugi. Hann lærði vélfræði og sinnti hefðbundnum vélvirkjastörfum, en aldrei þó nema rétt til að geta fjármagnað þá ástríðu sína að reyna að smíða flugvél. Árin 1901-3 kvaðst hann nokkrum sinnum hafa náð að fljúga vélum sínum, nokkur hundruð metra í hvert sinn. Bæjarblaðið hans flutti fréttir af afrekinu og birti teikningu sem sögð var gerð eftir ljósmynd.

Áratugum síðar fóru sagnfræðingar á stúfana og höfðu upp á stórum hópi fólks sem sór þess eið að hafa séð sveitunga sinn fljúga. Fyrir nokkrum árum gerði ríkisþingið í Connecticut meira að segja samþykkt þess efnis að Gustave Whitehead hefði fyrstur manna flogið flugvél árið 1901.

Smithsonian-stofnunin og aðdáendur Wright-bræðra láta sér þó fátt um finnast. Að þeirra mati eru heimildirnar of ótraustar og allt eins líklegt að vitnin hafi einungis séð Whitehead fljúga einum af svifdrekum sínum. Þá sé frásögn Whiteheads með ólíkindablæ og engar sannanir fyrir þeirri staðhæfingu hans að Wright-bræður hafi heimsótt hann og stolið hugmyndum.

Hvað sem þingsályktunum í Connecticut líður verður þess væntanlega langt að bíða að Gustave Whitehead verði almennt talinn frumkvöðull í flugi. Lítil blaðaúrklippa með grófri blýantsteikningu og fáeinir vitnisburðir mega sín lítils gegn glæstum sýningargrip á frægasta vísindasafni í heimi.





FRÉTTABLAÐIÐ

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
Í FRÉTTABLAÐINU

Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*



Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.




www.gaman.is / Sími 560 2000 / Bæjarhraun 14, 220 Hafnarfirði Gaman Ferðir fljúga með WOW air



✝

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Edda Kristjánsdóttir**

fyrrverandi framhaldsskólakennari, Hvassaleiti 97,

lést þann 11. janúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Einhverfusamtökin.

**Kristján Sigurmundsson** **Anna Elísabet Ólafsdóttir**
**Helga Sigurmundsdóttir** **Guðjón Þorkelsson**
**Anna Sigurmundsdóttir** **Helgi Tómasson**
**Jón Sigurmundsson** **Sjöfn Guðmundsdóttir**
**Friðrik Sigurmundsson** **Vigdís Klemenzdóttir**
**Einar Sigurmundsson** **Hallveig Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorbjörn Tómasson**

Kársnesbraut 96, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að morgni 18. janúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 30. janúar klukkan 13.

**Guðjón Þorbergur Þorbjörnsson** **Lilja Guðlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is


Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




*Lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is. Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**„Ég hef haldið upp á Jón úr Vör lengi, hann er einn af mínum eftirlætishöfundum," segir Aðalsteinn Ásberg.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Um skáld þorps og þjóðar

## Málþing til heiðurs Jóni úr Vör er haldið í Bókasafni Kópavogs í dag því rúm 100 ár eru frá fæðingu hans. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson útgefandi er meðal þátttakenda.

Ég kafaði dálítið ofan í skáldskapinn hans Jóns úr Vör áður en heildarútgáfa ljóða hans varð að veruleika. Um hann ætla ég að fjalla," segir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson um framlag sitt á málþingi sem haldið verður í Bókasafni Kópavogs í dag og hefst klukkan 13. Það ber yfirskriftina Jón úr Vör – skáld þorps og þjóðar. Auk Aðalsteins Ásbergs verða þau Þorsteinn frá Hamri, Hjörtur Pálsson og Fríða Ísberg þar með innlegg, Þorsteinn og Fríða með ávörp og Hjörtur fjallar um ævi skáldsins. En í upphafi dagskrár verður fimmtán mínútna heimildamynd Marteins Sigurgeirssonar um Jón sýnd.

Aðalsteinn Ásberg segir ljóð Jóns úr Vör góða lesningu. Hann á heiðurinn af nýrri og glæsilegri útgáfu ljóðasafns hans í tveimur bindum. Tilefni hvors tveggja, málþingsins og útgáfunnar nú, er það að skáldið hefði orðið 100 ára 21. þessa mánaðar.

„Jón úr Vör er skáld af þeirri stærðargráðu að mér fannst við hæfi að safna ljóðum hans saman í heildarútgáfu, það er ákveðinn þráður í æviverkinu og fyrri bækur hans eru orðnar sjaldséðar, jafnvel á bókasöfnum," segir Aðalsteinn Ásberg og heldur áfram: „Þorpið, sem kom út 1946, gerði Jón með tímanum þjóðkunnan en mér fannst mikilvægt að aðrar bækur hans stæðu ekki sífellt í skugga þess, það var meðal annars tilgangurinn með því að safna ljóðunum saman. Svo er seinni tíma verkefni að gefa út úrval."

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar efnir árlega til ljóðasamkeppni undir heitinu Ljóðstafur Jóns úr Vör og eru verðlaun í þeirri keppni jafnan veitt á afmælisdegi skáldsins. Handhafi Ljóðstafsins 2017 er Ásta Fanney Sigurðardóttir.

Aðgangur að málþinginu í dag er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir. Með því lýkur Dögum ljóðsins í Kópavogi. **gun@frettabladid.is**

### *Ekkert nema skáldskapur*

*Líf mitt*
*var ekkert*
*nema skáldskapur,*

*dans eftir undarlegu lagi*
*sem enginn heyrði*
*nema ég,*

*dagar mínir,*
*stuttir og langir,*
*vísur orð*
*sem rímuðu ekki.*

*Jón úr Vör*



✝

Elskulegur sonur, pabbi, tengdapabbi, afi og bróðir,

**Árni Þorvaldsson**

Kjalarsíðu 8c,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 25. janúar. Útför hans fer fram fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

**Kolbrún Kristjánsdóttir**
**Jóhanna Steinunn Árnadóttir** **Björn Helgason**
**Baldur Helgi Árnason** **Dísa Rún Jóhannsdóttir**
**Kristjana Íris Árnadóttir** **Daníel Freyr Sigmundsson**
**afastrákar og systkini.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórður Viggó Guðnason**

vélsmiður, Skógarseli 43, Reykjavík, áður Álfhólsvegi 22, Kópavogi,

lést þann 18. janúar sl. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 1. febrúar nk. kl. 13.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
**Tryggvi Þórðarson** **Helga Ingibjörg Guðmundsd.**
**Lína Margrét Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Litli Hjalli í loftinu á ný

**Jón G. Guðjónsson í Litlu-Ávík á Ströndum hefur endurvakið netmiðilinn Litla Hjalla eftir árs hlé. Enskt spilavíti hirti netfangið í millitíðinni svo nú er slóðin litlihjalli.it.is**

Ég ákvað að opna netmiðilinn aftur, það var meiri eftirspurn eftir honum en ég hafði áttað mig á. Mér fannst líka ómögulegt að vera ekki í loftinu,“ segir Jón Guðbjörn Guðjónsson í Litlu-Ávík á Ströndum um fréttaveituna Litla Hjalla. Hann segir marga vilja fylgjast með lífinu í Árneshreppi þótt þar sé fámennt og ekki stórtíðinda að vænta á hverjum degi. „Það eru fjölmiðlar, brottfluttir, annað fólk á landsbyggðinni, bændasamtökin og stjórnmálamenn,“ nefnir hann sem dæmi.

Jón hélt úti vefnum Litla Hjalla frá 2003 til ársloka 2015, fyrst sem bloggsíðu og síðar fréttasíðu Árneshrepps. „Þegar ég lagði niður litlahjalla.is fyrir ári var ég svo vitlaust að sleppa því léni lausu og þegar ég ætlaði að taka það upp aftur var eitthvert spilavíti í Englandi búið að hrifsa það til sín. Svo ég er núna með með litlihjalli.it.is.“

Þó fátt sé að frétta suma daga getur Jón alltaf upplýst fólk um veðrið enda veðurathugunarmaður. Hann er uppalinn í Litlu-Ávík en bjó árum saman í bænum. Nú er hann fluttur norður aftur. Fyrir utan veðurathugun og fréttamennsku nær hann í póstinn út á flugvöll á Gjögri og dreifir honum innan sveitar auk þess að sinna eldamennsku fyrir sig og bróður sinn, Sigurbjörn Sveinbjörnsson.



„Mér fannst ómögulegt að vera ekki í loftinu,“ segir Jón í Litlu-Ávík sem hér sést sinna veðurathugun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það þykir nauðsynlegt að senda veður snemma til að geta gefið upplýsingar um sjólagið.

Jón kveðst fara út að lesa af mælum fimm sinnum á sólarhring, fyrst klukkan sex á morgnana. „Það þykir nauðsynlegt að senda veður snemma til að geta gefið upplýsingar um sjólagið,“ segir hann.

Ekkert er róið frá Norðurfirði á þessum árstíma að sögn Jóns. „Það er ekki hægt að treysta á að koma fiski burtu,“ segir hann en bætir við að oftar hafi þó verið fært í sveitina landleiðina nú en flesta aðra vetur.

gun@frettabladid.is

---



✝

Elskuleg systir okkar, mágkona og fósturmóðir,

**Guðlaug Björnsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 25. janúar sl. Útförin auglýst síðar.

**Sigurlaug Björnsdóttir** **Björn Pálsson**
**Sigurður Björnsson** **Sieglinde Björnsson**
**Nanna, Ólöf, Sveinbjörn, Helga og Guðrún Björnsbörn.**

---



✝

Elsku mamma, amma og langamma,

**Guðrún Hallvarðsdóttir**

lést á Landspítalanum í Reykjavík 15. janúar 2017.

**Hannes Sigurjónsson**
**Aðalheiður Halla Sigurjónsdóttir**
**Ingvaldur Þór Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Stefanía Eiríka Kristjánsdóttir**

lést á heimili sínu að Skógarbæ aðfaranótt 18. janúar. Viljum við systkinin þakka starfsfólki Skógarbæjar fyrir umönnun hennar.

Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu og viljum við einnig þakka þeim sem sáu sér fært að minnast hennar.

**Ásdís Hauksdóttir** **Emil Haraldsson**
**Karítas Hrönn Hauksdóttir**
**Kristján Hauksson**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Anna Þóra Þorláksdóttir**

bókasafnsfræðingur,

lést 22. janúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram í Fossvogskirkju mánudaginn 30. janúar kl. 11.

**Sæmundur Knútsson**
**Kári Knútsson**
**Steinunn Knútsdóttir**
**Björn Knútsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn Þorsteinsdóttir**

hjúkrunarkona, Neskaupstað,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað 25. janúar.

Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju miðvikudaginn 1. febrúar klukkan 14.

**Þórður Kr. Jóhannsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bragi Ólafsson**

loftskeytamaður, fyrrverandi launafulltrúi og starfsmannastjóri hjá Ríkisskipum og Landhelgisgæslunni,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 16. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 31. janúar kl. 13.00.

**Guðleif Hrefna Vigfúsdóttir**
**Ásdís Margrét Bragadóttir**
**Áslaug Bragadóttir**
**Ólafur Bragason** **Sigþrúður Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær bróðir okkar, mágur, frændi og vinur,

**Sigurður Kristmann Sigurðsson**

Teigaseli 1, Reykjavík,

lést 13. janúar sl. og var jarðsettur í kyrrþey að eigin ósk.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar LSH, Kópavogi, fyrir hlýja og góða umönnun.

**Fjölskylda Sigurðar**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Pálsson**

byggingameistari, áður til heimilis að Árskógum 6, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 19. janúar á hjúkrunarheimilinu Sólteigi, Hrafnistu, Reykjavík. Útför hans fer fram frá Áskirkju mánudaginn 30. janúar kl. 15.

**Heimir Sigurðsson** **Sigríður Hjaltadóttir**
**Kristrún Sigurðardóttir** **Símon Ólafsson**
**Viðar Sigurðsson** **Kristrún Lilja Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elsku móður okkar, ömmu og langömmu,

**Svöfu Kjartansdóttur**

frá Fremri-Langey, Ljósheimum 10.

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

**Gretar Reynisson, Rúnar Reynisson, Erla Reynisdóttir, ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kristinn Snæland**

rafvirkjameistari og bifreiðastjóri, Engjaseli 65,

verður jarðsunginn frá Seljakirkju þriðjudaginn 31. janúar klukkan 13.

**Jóna Snæland**
**Jón G. Snæland**
**Soffía Snæland**
**Sólveig Snæland**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns,

**Árna Vigfússonar**

húsasmíðameistara, Hlaðbæ 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu við Brúnaveg fyrir hlýja umönnun síðasta árið sem hann lifði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnheiður Magnúsdóttir**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**S. Gunnar Guðbergsson**

Sólvallagötu 18, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 24. janúar. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Rafn Gunnarsson** **Margrét Gunnlaugsdóttir**
**Guðrún Sigurjónsdóttir** **Ragnar Pálmason**
**Arnar Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Óttar Ísfeld Karlsson**

skipaverkfræðingur, Sæviðarsundi 78, Reykjavík,

lést á Grund miðvikudaginn 25. janúar. Útförin fer fram í Áskirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 13. Starfsfólki Vegamóta á Grund þökkum við einstaka umönnun.

**Áslaug Óttarsdóttir** **Kristján Sigurjónsson**
**Birta Björnsdóttir** **Sveinn Logi Sölvason**
**Brynja Björnsdóttir** **Hjörtur Jóhann Jónsson**
**Anna Guðjónsdóttir**
**Herdís Anna, Óttar, Sölvi Brynjar og Jón Egill.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Jónsdóttir**

Lindasíðu 2, Akureyri,

lést mánudaginn 16. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigurður Traustason** **Jónína Lárusdóttir**
**Rannveig Traustadóttir** **Einar Birgir Steinþórsson**
**Hólmfríður Traustadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1 Dick & Jane á Heimaey og Tene (11)
10 Heldur kraft en bensínþyrstar blikkbeljur (10)
11 Þegar upp breytist í þann sem er undir (11)
13 Meinarðu BBQ-sósu eða eitthvað eldfimara? (10)
14 Týndi kattamatnum úr okurbúllunni (11)
15 Líkast líki og langtengdast (10)
16 Inn um holur fer frumvaxta amöbufrændinn (11)
18 Óminni færir okkur nær kjarna spilltrar (8)
21 Uni sendinum út af gaufinu og uppnáminu (11)
24 Finn einn sem þykist vera skálm og nær úr henni tónum (11)
25 Harmur okkar staðfestir að þessar myndir gefa rétta mynd (10)
28 Gera Barbie og Cindy bomm (11)
30 Hefur í heitingum og ýkir svakalegar óvættir (11)
32 Fars flónanna er nógu gott í almenna borgara (11)
34 Hakkaðir í þig hugstola menn og hormónafulla (8)
35 Sjóræningjaskip skilja eftir ummerki um glæp (7)
37 Venju samkvæmt kemst ég í klípu (5)
39 Fór með bæn fyrir hanana í sturtunni (10)
40 Tendra kerti fyrir nakta frumkvöðla (10)
41 Nagaðir hrúðrin á stefnumótunum (12)
42 Nota eiginleika ljósgjafans til að setja annan blæ á hlýjuna (10)

**LÓÐRÉTT**
1 Segja Trump espa borgarstjóra með hjálp fugla að vestan (10)
2 Suð í línum er einkenni stefna að ofan (11)
3 Var ráðinn til glæpaverks og stakk af með þýfið (11)
4 Arfi er í okkar hópi, emjið nú eins og Alpasveit! (7)
5 Íþróttafélag, verkalýðsfélag, stjórnmálaflokkur og eignaleiga, og ekki komið hádegi! (7)
6 Sojahlaup þessa bréfs kemur frá vinnustað (10)
7 Tortryggi þynni og traust (8)
8 Karltímabilið er liðið – er heimurinn undir það búinn? (8)
9 Leiðbeinir Hauki eins og vandlátar konur gera (8)
12 Heit fasta fyrir lofaða (9)
17 Borðaði bolsaávexti og baulaði á skartklædda dýraníðingana (11)
19 Þorvaldur hafnar jafnan Nató og kallar eftir vetói (13)
20 Engan æsing og span þótt þjóna kunni í miðju, annars kemur þeyrinn þjótandi (9)
22 Fín pússning Össa er verk fagmanns (6)
23 Þessi karl á fleiri meðal vel skipulagðra (8)
25 Baslar býsna mikið með þetta í forundran (10)
26 Sækja ekkert annarstaðar en í umdæminu (10)
27 Félag myndlistarfólks og gemsar þess (10)
29 Raða Ladda milli tenóra og barítóna, annað væri rugl (9)
31 Hvaða aðbúnaðar njóta ráðvilltir jakar? (5)
33 Allt um efni í frumur og einstaka hluta þeirra (7)
36 Mín er eymd og áþján sár (5)
38 Rýndi í skepnurnar (5)
40 Svali mun vera fimmtugur (3)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Æ | Ð | I | S | G | E | N | G | I | N | N | A | | A | | U | | G | | H |
| S | | N | | N | | | U | | Æ | | U | M | G | A | N | G | A | N | A |
| K | Y | N | F | O | R | E | L | D | R | A | R | | N | | G | | L | | F |
| U | | S | | Ð | | | L | | M | | H | R | A | K | F | A | L | L | A |
| L | Æ | K | J | A | S | Ó | L | E | Y | J | A | | R | | I | | A | | R |
| Ý | | O | | R | | | I | | N | | U | | S | E | S | S | J | Ó | N |
| Ð | | T | | V | E | L | T | I | D | Ö | G | U | M | | K | | A | | A |
| S | | I | | O | | | A | | U | | I | | Á | V | I | R | K | A | R |
| H | A | N | D | G | E | R | Ð | U | M | | N | | U | | N | | K | | |
| R | | | R | | Y | | I | | | U | N | G | M | E | N | N | I | N | U |
| E | I | L | Í | F | Ð | A | R | V | É | L | | A | | I | | E | | Ö | |
| Y | | | F | | I | | | E | | L | U | N | G | N | A | S | U | L | L |
| F | Í | N | H | R | E | Y | F | I | N | G | | G | | I | | T | | D | |
| I | | | O | | Y | | | T | | Ó | T | T | A | N | | U | | R | |
| N | A | F | L | A | J | Ó | N | I | | Ð | | R | | G | Ó | Ð | Æ | R | A |
| G | | | T | | U | | Á | N | A | U | Ð | U | G | A | R | | S | | X |
| U | N | D | I | R | M | Ö | N | N | U | M | | F | | | A | | T | | L |
| N | | Ó | | E | | | A | | S | | E | L | D | S | K | A | R | P | I |
| A | N | T | I | K | R | I | S | T | U | R | | U | | | A | | A | | Ð |
| | | I | | A | | | T | | M | | S | N | E | I | Ð | Y | R | Ð | I |

Lausnarorð síðustu viku var
**FERÐAMENNSKA**

FORLAGIÐ




**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Netinu eftir Lilju Sigurðardóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Erla Jónsdóttir, Kópavogi.**

**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist leiðangur sem alltaf virðist giska freistandi á þessum árstíma. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 2. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „28. janúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.









# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Bridgehátíð 2017

Árleg Bridgehátíð stendur nú yfir á Hótel Natura. Að venju er þar fjöldi keppenda, bæði íslenskra og erlendra. Aðaltvímenningskeppnin er með 120 pörum og 83 sveitir eru skráðar í aðalsveitakeppnina sem nú stendur yfir. Fyrsta Bridgehátíðin var 1982 og hefur verið haldin árlega síðan. Í fyrstu keppninni voru 36 pör og 6 sveitir. Því hefur fjölgað mikið í báðum keppnum síðan. Þetta árlega alþjóðlega mót er mjög vinsælt meðal erlendra spilara sem fjölmenna jafnan á það. Um árabil hefur verið sú hefð að hefja þessa keppni á „Star Wars“ keppni sem er sveitakeppni. Þar eru pör dregin í sveit með bestu pörunum á Bridgehátíð. Síðan tekur við tveggja daga tvímenningskeppni og Bridgehátíð lýkur með tveggja daga sveitakeppni. Sveit Rökkva verktaka ehf. vann sigur í „Star Wars“ keppninni í ár með 72,63 stig í 6 umferðum. Spilarar í þeirri sveit voru Gabríel Gíslason, Gísli Steingrímsson, Páll Þórsson og Hlynur Angantýsson. Sveit Rökkva græddi vel á þessu spili gegn sveit Málningar í annarri umferð keppninnar. Vestur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ ÁD64
♥ ÁK5
♦ 6
♣ 108765

**Vestur**
♠ K1032
♥ G9763
♦ 975
♣ 4

**Austur**
♠ 985
♥ 1084
♦ KG102
♣ D93

**Suður**
♠ K7
♥ D2
♦ ÁD843
♣ AKG2

Páll Þórsson og Hlynur Angantýsson sátu í NS í opnum sal og sigldu rólega í laufaslemmu sem var góður samningur sem vinnst oftast. Páll og Hlynur fengu reyndar 13 slagi með því að svína laufi. Á hinu borðinu í leiknum létu NS sér nægja 3 grönd og fengu 11 slagi í þeim samningi.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Mikhail Antipov (2.567) átti leik gegn Anne Haast (2.391) í annarri umferð b-flokks Tata Steel-mótsins í Wijk aan Zee í fyrra.

**Svartur á leik**
**17.... Rc3+!! 18. bxc3 d5!** (opnar línur) **19. He1 Rxa4 20. Bxb5+** (reynir að blíðka goðin) **20.... axb5 21. Hxe5 Rxc3+ 22. Dxc3 Hxc3 23. Hhe1 Dxe5 23. Hxe5 Kd7** og svartur vann nokkru síðar.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | 7 | | 3 | 8 |
| | | | | 2 | | | | |
| 8 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| 5 | | | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | |
| 2 | | 1 | | 8 | | | | 7 |
| | | 5 | 2 | | 4 | 3 | | 9 |
| 1 | 2 | | 6 | | | 4 | 8 | 5 |
| | | | | | | 1 | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 3 | | | 8 | 9 | |
| | 3 | | | 7 | | | | 2 |
| | 4 | 9 | 8 | | | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 8 | | 3 | | 6 | | | | |
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | 6 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 7 | | 5 |
| 9 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | 1 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | | | | |
| | 9 | 5 | | | | | 6 | 3 |
| 4 | 6 | | | | | | | |
| | | | | 4 | 8 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |


Bætum við vörum daglega
ÚTSÖLUNNI FER AÐ LJÚKA
20-75% afsláttur!
AF YFIR 3500 VÖRUM
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,
ÚTSÖLUNNI FER AÐ LJÚKA!
HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
RÝMINGARSÖLUVÖRUR Á 50-75% AFSLÆTTI
BÆTUM VIÐ VÖRUM OG HÆKKUM AFSLÁTTINN
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

## Konráð og félagar á ferð og flugi 234

Bragi Halldórsson

„Hér er alvöru stafasúpa Róbert minn," sagði Konráð. „Þetta er orðarugl og þú átt að finna orðin sem eru falin í gátunni. Þau geta verið skrifuð til vinstri, en líka lóðrétt eða á ská." Róbert horfði á orðaruglið drykklanga stund. „Og hvaða orð á ég að finna?" spurði hann vonleysislega og bætti við. „Þetta er svo sannarlega algjör hrærigrautur af stöfum." „Það eru falin mannanöfn í gátunni," sagði Lísaloppa.

Getur þú fundið þessi 9 mannanöfn í orðaruglinu:

Anna
Unnar
Sigríður
Tómas
Rósa
Kári
Una
Viktor
Urður

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R | X | A | J | É | T | Ð | U | I | Ú | H |
| N | T | Þ | Í | Ú | I | Ó | R | Ó | Ý | Ð |
| N | Æ | Á | U | M | D | Á | M | A | Í | R |
| I | I | M | Ó | R | K | Ý | D | A | O | Y |
| P | U | S | V | M | Ð | B | D | T | S | S |
| Ö | N | J | A | H | H | U | K | Ð | É | U |
| A | I | N | L | T | S | I | R | Ó | Þ | N |
| V | N | E | Þ | Ó | V | A | U | N | A | N |
| A | S | Ú | G | L | S | Y | T | K | F | A |
| Ú | Ý | N | Ý | Ó | N | B | J | A | X | R |
| S | I | G | R | Í | Ð | U | R | A | M | B |



## Gátur



1. Af hverju fór Mikki mús út í geiminn?
2. Hvað sagði veggurinn við hinn vegginn?
3. Getur kengúra hoppað hærra en Hallgrímskirkja?
4. Hvernig segir maður þúsundkall í fleirtölu?
5. Hvað gerði kúrekinn þegar hann datt af baki?
6. Hvert er uppáhaldssúkkulaði geimfara?

Úr bókinni Brandarar og gátur/ Óðinsauga

1 Hann var að leita að Plútó.
2. Hittumst á horninu!
3. Já, Hallgrímskirkja getur ekki hoppað.
4. Þið sundkallar.
5. Hann fór aftur-á-bak.
6. Mars.




ÁRGERÐ 2017 Á FRÁBÆRU VERÐI!

Z650 - 1.149.000,-
Z900 - 1.499.000,-
Versys 650 - 1.349.000,-

Kawasaki

NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is




**Þórdís Emilía og Björney Anna með fiðlurnar sínar í Hannesarholti.** MYND/HLAÐGERÐUR ÍRIS

# Spila, syngja og teikna

Systurnar **Björney Anna Aronsdóttir**, sex ára, og **Þórdís Emilía Aronsdóttir**, átta ára, spila báðar á fiðlu og eru í tveimur hljómsveitum.

Systurnar Þórdís Emilía og Björney Anna Aronsdætur voru í íslenskum búningum þegar þær spiluðu á fiðlurnar sínar í Hannesarholti síðasta sunnudag. Þar komu þær fram í upphafi söngstundar í byrjun þorra og vöktu aðdáun gesta. Þórdís Emilía er átta ára og Björney Anna sex. Hvernig kom það til að þær byrjuðu að æfa á fiðlu?

**Þórdís Emilía:** Mamma spurði hvort okkur langaði að byrja og við sögðum bara strax já.

**Björney Anna:** Við förum í Suzukiskólann og erum hjá Helgu Steinunni. Ég er búin að vera í þrjú ár.

**Þórdís Emilía:** Ég líka en við erum ekki í sama hópi.

**Björney Anna:** Við erum í hljómsveit í Suzukiskólanum.

**Þórdís Emilía:** Svo erum við í annarri hljómsveit í skólanum okkar, Barnaskóla Reykjavíkur.

**Björney Anna:** Ég er líka í Stúlknakór Reykjavíkur. Þórdís var þar en hætti.

**Hvar fenguð þið þessa fallegu búninga sem þið eruð í?**

**Björney Anna:** Amma Dísa saumaði þá.

**Þórdís Emilía:** Hún heitir Þórdís Gissurardóttir.

**Hvernig finnst ykkur skemmtilegast að leika ykkur?**

**Björney Anna:** Bara – fá vinkonur í heimsókn og fara með þeim út að leika. Þegar snjór er þá rennum við okkur, þegar sumarið er þá tínum við blóm.

**Þórdís Emilía:** Mér finnst mest gaman að teikna. Ég er alltaf teiknandi. Pabbi er á Ítalíu núna og þekkir fólk sem á eitthvert gallerí, hann hringdi í mig og sagði að fólkið væri að bjóða mér að halda myndlistarsýningu ásamt einhverjum átta ára strák sem á heima á Ítalíu.

## Listaverkið

Hér eru hinir vígalegu Three Amigos.



Mynd/Arna Sif Jónsdóttir.



HUGSAÐU
UM HEILSUNA
Netgíró
Betri leið til að borga
1200w
SALTER
NUTRI PRO
fæst einungis
í Iceland
Takmarkað magn!
SALTER
NUTRI PRO 1200
9999 KR
Í blandara eru 6 hnífar sem blanda drykk enn betur.
• 2 stk 800ml glös
• 1 stk 1 ltr glas
• 2 stk drykkjarlok
• 2 stk geymslulok
SS BLÁBERJA LÆRI
1299 KR.KG
KRISTALL
LÍMÓNU- OG JARÐABERJA
99 KR
ORA TÚNFISKUR
Í OLÍU OG VATNI
299 KR
FINN CRISP
SESAM
229 KR
FINN CRISP
ORIGINAL OG KÚMEN
149
CROP´S
FROSNIR ÁVEXTIR
Verð frá
399 KR.PK
HRÖKKBITI
MEÐ FRÆJUM, GRASKERS- CHIA
299 KR
MEAL IN A BAG
ALLAR TEGUNDIR
599
750G KR
INNOCENT KIDS
ALLAR TEGUNDIR
149 KR
OPIÐ
24
TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland

markhönnun ehf

# nettó




## HEILSU OG LÍFSSTÍLSBLAÐ NETTÓ

128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM



-22%

**Nauta Mínútusteik**
2.962 KR/KG
Áður: 3.798 kr/kg

-22%

**Lambalundir**
5.926 KR/KG
Áður: 7.598 kr/kg

ÓDÝRT Í nettó

nettó
**Kjúklingabringur**
1.888 KR/KG
Áður: 2.098 kr/kg

nettó
**Kjúklingur** - Heill
694 KR/KG
Áður: 798 kr/kg

-30%

GOÐI
**Grísastrimlar**
1.749 KR/KG
Áður: 2.498 kr/kg

# Heilsufæði á tilboð

**Klaki 2 l.**
kolsýrt vatn
- lime - sítrónu
129 KR/STK
Áður: 179 kr/stk

-28%



**Laxasneiðar**
þverskornar
1.582 KR/KG
Áður: 1.798 kr/kg

**Lax**
í sælkeramarineringu
2.374 KR/KG
Áður: 2.698 kr/kg

**Lax**
í lime og smjöri
2.374 KR/KG
Áður: 2.698 kr/kg

**Lax**
í hvítlauk og kryddjurtum
2.374 KR/KG
Áður: 2.698 kr/kg

Ella's kitchen

## 100% lífrænt

hollur og bragðgóður barnamatur í hæsta gæðaflokki

25% AFSLÁTTUR



## OFURTILBOÐ DAGANA 28.-29. JAN.

HVERT TILBOÐ GILDIR Á TILGREINDUM DEGI EN AÐRA DAGA ERU SÖMU VÖRUR Á ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI.

### LAUGARDAGUR 28. JAN

*Tilboð dagsins*



35% AFSLÁTTUR

**BAI DRYKKIR**
MARGAR BRAGÐTEGUNDIR
VERÐ ÁÐUR: 399 KR/STK
35% | 259 KR/STK

### SUNNUDAGUR 29. JAN

*Tilboð dagsins*




40% AFSLÁTTUR

**WHOLE EARTH GOS**
APPELSÍNU & SÍTRÓNU
VERÐ ÁÐUR: 199 KR/STK
40% | 119 KR/STK

**Tilboðin gilda 25. janúar - 5. febrúar 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR

## 25. JANÚAR - 5. FEBRÚAR - FULLT AF HEILSUFRÓÐLEIK OG TILBOÐUM

ALLT AÐ **25%** AFSLÁTTUR

## Rainforest Foods

VÖRULÍNA OKKAR ER VOTTUÐ LÍFRÆN OG VEGAN OG FÆRIR ÞÉR ÚRVAL NÆRINGARRÍKS OFURFÆÐIS. NÝTING NÆRINGAREFNA ER HÁMÖRKUÐ OG MÆTIR KRÖFUM UM NÚTÍMA ÞÆGINDI EN ÁVALLT MEÐ VERND NÁTTÚRUNNAR AÐ LEIÐARLJÓSI.




Öll Rainforest vörulína á **25%** AFSLÆTTI

**25%** AFSLÁTTUR




coco fina

**25%** AFSLÁTTUR

af öllum vörum frá THE FOOD DOCTOR




FULFIL

VITAMIN & PROTEIN BAR

**25%** AFSLÁTTUR




NÝTT

20g Protein <3g Sugar 9 Vitamins

**25%** AFSLÁTTUR




**RÓTAR-GRÆNMETISSNAKK**

VERÐ ÁÐUR:298 KR/STK

**25% | 224 KR/STK**

Änglamark coop

35 KALORÍUR Í FLÖSKU · 100% RDA AF 8 VITAMINUM

**25%** AFSLÁTTUR




VITS JUICE AQUA TEAS

# KYNNINGAR Í VERSLUNUM NETTÓ

Fjöldinn allur af fróðlegum kynningum og námskeiðum í verslunum Nettó á Heilsu- & lífsstílsdögum



Sólveig Sigurðardóttir



Ragga Nagli



Víðir Þór

### NETTÓ GRANDA

| | | |
|---|---|---|
| Lau | 13:00 - 17:00 | GeoSilica, íslenska kísilsteinefnið - kynning og smakk |
| | 15:00 - 18:00 | Fulfil vítamín- og próteinbarir - kynning |
| Sun | 14:00 - 16:00 | Milkadamia: Ný tegund af jurtamjólk - kynning |
| | 14:00 - 16:00 | **Sólveig Sigurðar,** heilsugúru hjá Sólgæti - ráðgjöf |

### NETTÓ MJÓDD

| | | |
|---|---|---|
| Lau | 12:00 - 14:00 | **Víðir Þór,** heilsufræðingur: Terranova - kynning |
| | 14:00 - 16:00 | **Sólveig Sigurðar,** heilsugúru hjá Sólgæti - ráðgjöf |
| | 14:00 - 16:00 | Saga pro - kynning |
| | 14:00 - 16:00 | Milkadamia: Ný tegund af jurtamjólk - kynning |
| | 15:00 - 18:00 | Fulfil vítamín- og próteinbarir - kynning |
| Sun | 14:00 - 17:00 | Trek orkustöng og Voelkel drykkir |

### NETTÓ GLERÁRTORGI

| | | |
|---|---|---|
| Lau | 15:00 - 18:00 | Fulfil vítamín- og próteinbarir - kynning |
| Sun | 14:00 - 17:00 | **Ragga Nagli** - fræðsla og smakk |

### NETTÓ BÚÐARKÓR

| | | |
|---|---|---|
| Sun | 13.00 - 17:00 | GeoSilica, íslenska kísilsteinefnið - kynning |

### NETTÓ KROSSMÓA

| | | |
|---|---|---|
| Lau | 13:00 - 18:00 | Whole Earth hnetusmjör og ný jurtamjólk úr macdamian hnetum - kynning |
| | 14:00 - 16:00 | **Ragga Nagli** - fræðsla og smakk |
| | 14:00 - 17:00 | MGC og Allow smyrjur og naturfrisk - kynning |
| | 14:00 - 17:00 | Fulfil vítamín- og próteinbarir - kynning |

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Ákveðin norðanátt í dag og hvasst austast á landinu. Snjókoma eða él norðan til á landinu, einkum norðaustanlands en léttskýjað sunnan heiða. Dregur úr ofankomunni síðdegis og fer að lægja um kvöldið. Kólnandi veður.

### Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3° | 1° | 2° | 2° | 2° | 7° | -5° |

| London | Amsterdam | París | Berlín | Madríd | Brussel | Róm |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 6° | 7° | 9° | 1° | 7° | 9° | 14° |

| Boston | New York | Orlando | Moskva | Singapúr | Tókýó | Sydney |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0° | -1° | 8° | -3° | 26° | 4° | 23° |









### Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **6:50** | **12:36** |
| 4.11m | 0.61m |
| **7:04** | **1:05** |
| 3.84m | 0.52m |
| **Akureyri** | |
| **10:57** | **4:44** |
| 1.45m | 0.41m |
| **11:31** | **5:15** |
| 1.35m | 0.27m |
| **Ísafjörður** | |
| **8:42** | **2:35** |
| 2.25m | 0.35m |
| **8:54** | **3:07** |
| 2.00m | 0.31m |

### Tunglstaða.

Minkandi
42%

Sólarupprás.
10.19

Sólarlag.
5.02

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↖12 | 4° ←11 | 5° ↗12 | 3° ←9 | 4° ↙11 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↖8 | -0° ←5 | 2° ↖7 | -2° ←3 | -1° ↙4 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -6° ↖3 | 2° ↖9 | 2° ↑7 | 0° ←2 | -2° ←2 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -9° ↖6 | 2° ←11 | 3° ↖11 | 2° ↑8 | 1° ←10 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ←10 | 4° ←6 | 5° ↗10 | 3° ↑8 | 3° ←18 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Í LAUSU

**198** kr. kg
**Appelsínur**
Spánn, í lausu

**198** kr. kg
**Epli, gul og græn**
Í lausu, Frakkland

## HOLLUSTA Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**198** kr. kg
**Sítrónur**
Spánn

**198** kr. kg
**Grape**
Rautt, Tyrkland

100% SAFI

**198** kr. 2 stk.
**Fuji Epli**
450 g, Kína

1L
**198** kr. 1 l
**Floridana Heilsusafi**
1 lítri

2L
**198** kr. 2 l
**Egils Kristall**
2 lítrar

BÓNUS EKKERT BRUÐL

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Baráttan um ódauðleikann

TÓNLIST

**Kammertónleikar**

★★★☆☆

**Verk eftir Farrenc og Mendelssohn á Kammermúsíkklúbbnum.**

**Flytjendur:** Gréta Guðnadóttir, Guðrún Þórarinsdóttir, Jónína Auður Hilmarsdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir, Þórir Jóhansson og Ingunn Hildur Hauksdóttir.
**Norðurljós í Hörpu**
**Sunnudaginn 21. janúar**

Tilraunir til að vekja áhugann á gleymdum tónskáldum í gegnum tíðina hafa sjaldnar en ekki heppnast illa. Oftar en ekki hefur sagan dæmt megnið af þessari tónlist úr leik, og ekki að ástæðulausu. Hún er einfaldlega ekki merkileg.

Eitt af þessum gleymdu tónskáldum sem kastljósinu hefur verið beint að undanfarið er Louise Farrenc. Hún var frönsk og var uppi á 19. öldinni. Auk þess að vera tónskáld var hún gríðarlega fær píanóleikari. Í fyllingu tímans var henni boðin staða prófessors í píanóleik við Tónlistarháskólann í París. Þar naut hún mikillar virðingar, en þó ekki nægilega til þess að hún fengi laun á við karlmann. Í tíu ár þurfti hún að berjast fyrir jafnrétti, og tókst það á endanum.

Verk eftir Farrenc var flutt á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins á sunnudaginn. Ef marka má þessa tilteknu tónlist, og líka þá sem er að finna á YouTube, þá er ekki sennilegt að tónlist Farrenceigi eftir að lifa. Músíkin er óttalegt þunnildi. Laglínurnar eru klisjukenndar og úrvinnslu þeirra skortir allan frumleika. Tónlist sem fer inn um eitt og út um hitt.

Flutningurinn á kvintett fyrir píanó, selló, fiðlu, víólu og kontrabassa var þó oftast góður. Samspilið var nákvæmt og túlkunin full af ákefð. Engu að síður var leikurinn ekki gallalaus. Sumar sólóstrófur strengjahljóðfæranna voru ekki hreinar og hraðar nótur úr píanóinu runnu of mikið saman. Píanóleikurinn var samt glæsilegur, en í hljómburði Norðurljósa var pedalnotkunin býsna mikil. Hljómurinn í píanóinu er mjúkur í sjálfu sér, og þarf lítið til að hann verði óskýr.

Hin tónsmíðin á efnisskránni var sextett fyrir fiðlu, tvær víólur, selló, kontrabassa og píanó eftir Mendelssohn. Tónlist hans var mun áheyrilegri, laglínurnar grípandi og framvindan spennandi. Í heild var flutningurinn þéttur og fókuseraður, fullur af snerpu og dirfsku. Stundum voru þó feilnótur í strengjahljóðfærunum áberandi, og pedallinn í píanóinu var all rausnarlegur sem fyrr. Maður gat því aldrei almennilega gefið sig tónlistinni á vald, því miður.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Misáhugaverð dagskrá og flutningurinn var ekki án hnökra þó hann hafi yfirleitt verið ágætur.

Sumartónleikar
Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Listasafn Sigurjóns býður tónlistarfólki að sækja um þátttöku í þriðjudagstónleikum safnsins sumarið 2017. Umsóknarfrestur er til 21. febrúar. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins www.LSO.is → sumartónleikar

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík
LSO@LSO.is sími 553 2906

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík

**Tónlistarnámskeið fyrir ung börn og foreldra þeirra**

**Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík, Sóltúni 24, 105 Reykjavík býður upp á námskeið fyrir börn á aldrinum 3ja mánaða til þriggja ára.**

Á námskeiðinu verða kennd barnalög og kvæði, leikið, dansað og notið samverunnar. Kennari notar m.a. kennsluefni og hugmyndafræði Suzukiaðferðarinnar til grundvallar námskeiðinu og foreldrar læra leiðir til að nota söng og tónlist í daglegu uppeldi og umönnun barna sinna.

Kennari er Diljá Sigursveinsdóttir, suzukifiðlukennari við skólann, sem einnig er menntuð söngkona og söngkennari og hefur margra ára reynslu sem kennari ungra barna.

Námskeiðið hefst fimmtudaginn 2. febrúar nk. og er kennt vikulega í 8 vikur. Námskeiðið er kennt frá kl. 09:00 til 10:00.

**Verð kr. 25.000**



**Skráning er á netfanginu: postur@suzukitonlist.is**



**Juho Kuosmanen segist sem kvikmyndaleikstjóri finna til ákveðinnar tengingar við boxara á borð við Olli Mäki.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þessi bardagi var upphefð sem Olli sóttist aldrei eftir

**Finnski leikstjórinn Juho Kuosmanen segir í sinni fyrstu mynd sögu boxarans Olli Mäki sem varð ástfanginn þegar hann átti að vera að undirbúa sig fyrir stærsta tækifæri ferilsins.**

Ég er frá bænum Kokkala eins og Olli Mäki og það er ástæðan fyrir því að ég þekkti þessa sögu. Olli Mäki býr enn í Kokkala og núna eftir að myndin kom þá er gamli boxarinn aftur orðinn frægur um allt Finnland,“ segir leikstjórinn Juho Kuosmanen sem er staddur hér á landi um þessar mundir og var í gærkvöldi viðstaddur opnun myndar sinnar Besti dagur í lífi Olli Mäki í Bíó Paradís. Myndin vann Un Certain Regard flokkinn á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2016 og leikstjórinn hlaut verðlaunin Evrópska uppgvötun ársins á Evrópsku Kvikmyndaverðlaununum á síðasta ári.

Besti dagur í lífi Olli Mäki er byggð á sögu um bardaga á milli finnska boxarans Olli Mäki og bandaríska meistarans Davey Moore sem háður var í Helsinki 1962. Myndin er fyrsta mynd Juho Kuosmanen í fullri lengd en þá þegar hafði hann átt velgegni að fagna fyrir stuttmynd á Cannes og hafði tryggt sína fyrstu mynd þangað inn áður en hún hafði verið frumsýnd en því fylgir óneitanlega mikil pressa.

„En ástæðan fyrir því að ég ákvað að segja þessa sögu var að Olli Mäki var góður boxari en á sama tíma þá passaði hann ekki alveg inn í þá ímynd sem slíkum mönnum er ætluð. Hann varð fyrst frægur fyrir það að vilja ekki rota andstæðinginn. Hann hafði verið áhugamaður í mörg ár og þar snýst þetta meira um stigasöfnun og hann var alltaf sáttur við að vinna þannig og sá ekki tilgang með því að meiða andstæðinginn eins og er svo stór hluti af atvinnumennskunni.

En svo fékk hann þetta tækifæri og þá bjuggust allir við meira af honum en hann sjálfur. Að fara í þennan bardaga var upphefð sem hann í rauninni sóttist ekki eftir. Þannig að með mína upphefð á leiðinni á Cannes þá tengdi ég við þessa sögu, fannst hún vera á einhvern óræðan hátt dáldið eins og mín eigin saga. Saga manns sem fær stóra tækifærið en veit ekki almennilega hvort það er það sem hann vill eða ekki.“

Juho segir að það sé margt sammerkt með kvikmyndagerðinni og hnefaleikunum enda kalli hvort tveggja á mikið fjármagn. „Stóra málið er að við fjármögnun þarftu að leggja fram einhvers konar loforð um að allt fari vel og að allt verði alveg frábært. Láttu okkur bara hafa fullt af peningum og við sláum í gegn. En það fer ekki endilega þannig, því bæði hnefaleikakappar og kvikmyndagerðarmenn eru stundum hreinlega slegnir í rot í fyrstu lotu og það er lítill hetjuljómi yfir slíku.“



**Finnski leikarinn Jarkko Lahti hefur fengið mikið lof fyrir túlkun sína á Olli Mäki.**

Þegar Olli Mäki var að undirbúa bardagann mikla árið 1962 varð hann ástfanginn af ungri konu og Juho segir að þessi hluti sögunnar sé sannur. „Já, þetta var auðvitað ekki það sem hann þurfti á að halda þegar hann átti að vera að undirbúa sig fyrir þetta stóra tækifæri. En það var þarna sem hann fann ástina í lífi sínu og hann gat engu breytt um það. Þau fundu hvort annað mitt í þessum látum öllum og eru hjón enn þann dag í dag.“

